

ÚR SÖGUBÓKUM SÓGLERAUGNA

Á 100 árum hefur hlutverk sóglernauganna breyst mikið. Í byrjun síðustu aldar voru þau hugsuð sem hlífðarskjöldur fyrir leikara. Nokkrum áratugum síðar voru þau ómissandi fylgihlutur allra meðvitaðra tískudrösa.



16

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

22. júlí 2007 – 197. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Ólýsanleg tilfinning

Alma Ýr Ingólfssdóttir fékk háþróaða hlaupafætur frá Össuri hf. og getur nú hlaupið í fyrsta sinn í tólf ár.



FÓLK 30

Fær 8,5 milljarða

Breskir fjölmiðlar segja skilnaðarsáttmála Heather Mills og Pauls McCartney klárna. Hann greiðir henni 8,5 milljarða króna.



FÓLK 20

Lífið utan fréttanna

„En flóðhesturinn er skaðvaldur sem drepur fleira fólk í Afríku en nokkurt annað dýr, að moskítóflugunni undanskilinni,“ skrifar Stefán Jón Hafstein.

Í DAG 10


Orðinn betri leikmaður

Sverrir Garðarsson hjá FH er spútnikleikmaður Landsbankadeildar karla í sumar að mati Fréttablaðsins. Sverrir hefur náð ótrúlegum bata af meiðslum sem héldu honum frá knattiðkun í lengri tíma.



Í PRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG




RÓLEGHEITAVEÐUR Í dag verða 3-8 m/s norðan til annars hægviðri. Lítils háttar skúrir hér og hvar, einkum sunnan til og þá síðdegis. Hiti 10-20 stig, hlýjast til landsins á Suðurland og Vesturlandi.

VEÐUR 4

Sunnudagar

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Geta loks keypt sér lambakjöt í Gimli

Yfirvöld í Kanada hafa leyft innflutning á íslensku lambakjöti. Forstjórar SS og Norðlenska segjast ekki ætla að reyna að byggja upp markaðinn í Kanada.

LANDBÚNAÐARMÁL Yfirvöld í Kanada hafa fallist á að leyfa innflutning á íslensku lambakjöti til landsins, að sögn Jóns Gíslasonar, forstjóra Landbúnaðarstofnunar. „Ef íslenskir lambakjötsframleiðendur hafa áhuga á að sækja inn á Kanadamarkað þá geta þeir það,“ segir Jón. Þetta þýðir að Vestur-Íslendingar í Gimli, og annars staðar í Kanada, geta nú loksins keypt sér íslenskt lambakjöt.

„Ég veit að Vestur-Íslendingum þykir íslenskt hangikjöt ómissandi á veisluborðinu þegar þeir halda þorablót hér úti. Þeir munu því örugglega taka þessu góðu hendi. Ég veit að þeir hafa stundum reynt að smygla hangilæri inn til Kanada frá Íslandi og stundum hefur tollaeftirlitið lagt hald á það. Nú þurfa þeir ekki lengur að hafa áhyggjur af því,“ segir Markús

Örn Antonsson, sendiherra Íslands í Kanada.

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands (SS), segir að fyrirtækið ætli ekki að hefja innflutning á lambakjöti til Kanada þrátt fyrir leyfið. „Ég sé ekki í hendi mér að lambakjötsframleiðendur á Íslandi fari inn á Kanadamarkað því það kjöt sem við höfum til útflutnings hefur eingöngu dugað fyrir markaðina í þeim löndum sem við flytjum inn til í dag,“ segir Steinþór.

Í nýjum búvörusamningi við sauðfjárbændur var ákveðið að fella niður ákvæði um útflutningskyldu lambakjöts árið 2009. Í dag er kerfið þannig að sauðfjárbændum er skylt að flytja út það lambakjöt sem er framleitt umfram þörfina hér innanlands. Á síðasta ári voru framleidd um 8.000 tonn

af lambakjöti á Íslandi og voru um 800 tonn flutt út.

Að sögn Steinþórs er því ekki lag fyrir sauðfjárbændur að eyða peningum í að byggja upp markaðinn í Kanada því óvíst er hvernig útflutningi verður háttáð árið 2009. „Hverjum sauðfjárbónda verður þá í sjálfsvald sett hvort hann flytur lambakjöt sitt út. Hins vegar fá þeir lægra verð fyrir kjötið ef þeir flytja það út en hér innanlands og því er óvíst hvort þeir vilja halda því áfram árið 2009,“ segir Steinþór.

Sigmundur Ófeiggsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, tekur í sama streng og Sigþór. „Við munum ekki setja það á oddinn að flytja út lambakjöt til Kanada, en við munum að sjálfsögðu fylgjast vel með markaðnum þar,“ segir Sigmundur.



BÍÐST AFSÖKUNAR Tiger Woods bíður hina sextugu Jennifer Wilson innilega afsökunar á hinu misheppnaða höggi sínu.

NORDICPHOTOS/AFP

Misheppnað högg hjá Tiger: Kúla í höfuð áhorfanda

GOLF Sauma þurfti tvö spor í höfuð Jennifer Wilson frá Norður-Írlandi eftir að Tiger Woods sló golfkúlu sinni út í áhorfendaskarann á Opna breska meistaramótinu í golfi í gær.

Um lán í óláni var að ræða fyrir Tiger því kúlan skaust aftur inn á braut eftir að hún lenti í höfði Wilson. Tiger bað konuna innilega afsökunar á atvikinu og gaf henni áritaðan hanska í sárabætur.

Sjá nánar bls. 27 - fb

Nikulás fékk góða heimsókn: Flöskuskeytið fannst í Noregi

FÓLK Nikulás Tumi Hlynsson fékk skemmtilega heimsókn á föstudag. Þá kom hin fimm ára Linnéa Nana Christensen frá Noregi til landsins ásamt fjölskyldu sinni, en hún fann flöskuskeyti sem Nikulás sendi frá Ísafirði í fyrra.

Nikulás, sem er átta ára, segist ekki hafa reiknað með því að skreytið myndi finnast, en vonaðist þó til þess. „Ég setti mynd sem ég teiknaði af húsinu mínu í flöskuna, og svo nafn og símanúmer,“ útskýrir hann.

Sjá meira á bls. 30 - sun



NÝI FORSETINN Pratibha Patil sést hér á milli Soniu Gandhi, leiðtoga Þingflokksins, og forsætisráðherra, Manmohan Singh. Sigur Patil er talinn táknrænn fyrir þær hundruð milljóna kvenna sem búa við mismunur á Indlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sigur Pratibhu Patil í forsetakosningunum á Indlandi er talinn táknrænn:

Fyrsti kvenforseti Indlands

INDLAND, AP Pratibha Patil var kjörin forseti Indlands í gær. Hún er fyrsta konan til að gegna forsetaembættinu á Indlandi.

Forseti Indlands hefur ekki mikil völd og er embættið fyrst og fremst talið táknrænt. Með kosningu Patils er þeim indverska síð haldið við að kjósa forseta sem kemur úr minnihlutahópi sem talið er að eigi undir högg að sækja. Þrátt fyrir að margar konur hafi verið í valdastöðum á Indlandi, til dæmis Indira Gandhi, sem fyrst kvenna var kosin forsætisráðherra Indlands árið 1966, og Sonía Gandhi, sem er núverandi leiðtogi Þingflokksins, stærsta stjórnmálaflokks Indlands, þá

er mismunur gegn konum útbreidd. Til dæmis er talið að um 10 milljón meybörn hafi verið borin út í landinu á síðustu tuttugu árum.

Patil fékk 66 prósent atkvæðanna í kosningunum meðal þingmanna á indverska þinginu. Hún naut stuðnings Þingflokksins og pólitískra samherja hans. Hún sigraði frambjóðanda stjórnarandstöðunnar, varaforsætann Bhairon Singh Shekhawat, í kosningunum.

Patil er 72 ára gömul og menntaði sig í lögfræði. Hún mun sverja embættiseið sem þrettándi forseti Indlands hinn 25. júlí.

- ifv



ÚTSALA
ENN MEIRI VERDLÆKKUN



SPURNING DAGSINS



Guðjón, ætti ekki grunnvatns-marflóin þá frekar heima á Arnarhóli?

„Það færi þá allavega vel á að hún yrði á minni skala.“

Í ljós hefur komið að grunnvatnsmarflær voru frumbyggjar Íslands og kollvarpar það hinni viðteknu kenningu um að Ingólfur Arnarson, hvers stytta þrýðir nú Arnarhól, hafi sest hér fyrstur að. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur er manna fróðastur um stytta borgarinnar.



STEINMEIER Utanríkisráðherra Þýskalands, Frank-Walter Steinmeier, á blaðamannafundi vegna málsins.

NORDICPHOTOS/AFP

Tveir Þjóðverjar í Afganistan:

Engar sannanir fyrir morðum

AFGANISTAN, AP Engar sannanir hafa fundist fyrir því að tveir þýskir ríkisborgarar hafi verið drepnir af talibönnum í gær. Talibanar rændu Þjóðverjunum ásamt fimm Afgönnum á miðviku-dag í Wardak-héraði í Afganistan. Sögðust talibanarnir hafa drepit Þjóðverjana vegna þess að þýsk stjórnvöld vildu ekki draga þrjú þúsund manna herlið sitt frá Afganistan.

Stjórnvöld í Afganistan telja aftur á móti að annar Þjóðverjanna hafi látist úr hjartaáfalli og að hinn sé enn á lífi. „Allt bendir til þess að hann hafi látist vegna álagsins sem fylgdi mannráinu,“ sagði Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands. - fb

LÖGREGLUMÁL

Keyrði á ljósastaur

Karlmaður á sjötugsaldri keyrði á ljósastaur á Hörgárbraut á Akureyri um klukkan eitt í gær. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús en var ekki mikið slasaður. Ekki er vitað um tildrög slyssins. Billinn er ónýtur.

94 km yfir hámarkshraða

Karlmaður á þrítugsaldri var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða eftir að hafa ekið á 184 km hraða við Straum á Reykjanesbrautinni í gærmorgun. Leyfilegur hámarkshraði þar sem maðurinn var tekinn er 90 km á klukkustund.

Alþjóðlegu smásagnaverðlaunin Frank O'Connor:

Aldingarðurinn komst í úrslitin

BÓKMENNTIR Rithöfundurinn Ólafur Jóhann Ólafsson er einn af sex höfundum sem eru tilnefndir til alþjóðlegra smásagnaverðlaunanna Frank O'Connor fyrir bók sína Aldingarðurinn. Í verðlaunafé eru tæpar þrjár milljónir króna.

„Þetta kom skemmtilega á óvart. Þetta er góður hópur sem ég er í og þeir höfðu úr mörgum bókum að velja. Þetta voru á milli 30 til 40 bækur og þeir skáru þær niður í sex í lokin,“ segir Ólafur Jóhann, sem jatar að Frank O'Connor-verðlaunin séu mjög virt í bókmenntaheiminum. „Þau hafa á skömmum tíma náð að

festu sig mjög í sessi og það er eftir þeim tekið. Þeir hafa stundum kallað þetta Booker-verðlaun smásagnanna.“

Verðlaunin verða afhent í Cork, heimabæ írsku smásagnahöfundarins Frank O'Connor, í september. Hinn heimsþekkti japanski rithöfundur Haruki Murakami vann verðlaunin í fyrra fyrir bók sína Blind Willow, Sleeping Woman.

Ólafur Jóhann segist vera byrjaður á nýrri bók en vill lítið tjá sig um verkið enn sem komið er. „Ég er að komast í gang með bók en er á fyrstu metrunum og á langt í land enn þá.“ - fb



ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON Bók Ólafs, Aldingarðurinn, hefur verið tilnefnd til Frank O'Connor-verðlaunanna.

Skjaldbakan Bob limlest:

Stal skjaldböku og pyntaði

BANDARÍKIN Karlmaður í borginni Ventura í Kaliforníuríki hefur verið handtekinn grunaður um að hafa stolið 20 kílóa skjaldböku úr bakgarði eigenda sinna og pyntað hana grimmilega.

Skjaldbakan, sem ber nafnið Bob, hvarf úr garðinum 7. júlí, og að sögn lögreglu var hún limlest af einhverjum sem reyndi að skera í hálsinn á henni og fjarlægja af henni fæturna. Að því er fram kemur í Los Angeles Times er skjaldbakan á batavegi eftir dvöl í endurhæfingarstöð fyrir dýr. „Það er gott að vita af svona mönnum á bak við lás og slá,“ sagði lögregla. - sh

Bólusetning gegn alnæmi er möguleg

Unnt er að bólusetja fólk gegn alnæmi. Niðurstaða rannsóknar Margrétar Guðnadóttur veirufræðings bendir eindregið til þess. Hún hefur bóluset gegn veiru úr sama flokki fyrst allra. Hægt að koma í veg fyrir að börn smitist með móðurmjólk.

VÍSINDI Niðurstaða úr sextán ára rannsóknarvinnu veirufræðingsins Margrétar Guðnadóttur bendir til þess að hægt sé að bólusetja fólk gegn HIV-veirunni og koma þannig í veg fyrir að það veikist af alnæmi.

Margrét hefur unnið að því undanfarin sextán ár að búa til bóluefni gegn visnu- og mæðiveikiveiru í sauðkindum, síðast á Kýpur, og hefur náð allt að 50 prósent árangri. Veiran er í sama flokki og HIV-veiran og telur Margrét að þetta gefi ótvírætt

til kynna að unnt sé að þróa bóluefni gegn HIV. „Ég held að ég þori alveg að fullyrða það eftir að vera búin að þróa með þetta bóluefni í 16 ár.“ Engum hefur áður tekist að bólusetja gegn veirum úr



MARGRÉT GUÐNADÓTTIR

þessum flokki.

„Ég veit að mér hefur tekist að bólusetja kindur við mæðuveikinni. Það er greinilega það mikill munur á bólusettingu og óbólusettingu kindum í sömu hjörðinni í þessari tilraun að ég er alveg viss um að bóluefnið virkaði til varnar.“ Árangurinn er þó ekki hundrað prósent, og segir Margrét eðlilegt að ekki allir séu móttækilegir fyrir bólusetningu.

Margrét notaði dautt bóluefni við rannsóknina. „Ég drap veiruna bara eins og farið er með mænu-sóttarveiru, influensuveiru og lifrabólgu A. Þetta eru þekktar aðferðir.“ Hún segir menn hafa verið hrædda við að prófa þetta á eyðniveiruna. „Vandinn er sá að



ALNÆMISSJÚK BÖRN Alnæmi er afar útbreitt í Afríku og smitast börn oft mjög smemma. Margrét segir að með því að búa til bóluefni megi koma í veg fyrir að börn smitist með móðurmjólkinni. NORDICPHOTOS / GETTY

maður veit aldrei fullkomlega hvernær síðasta veiran er dauð og svo á að bera þetta í fólk. Það fældi menn dálítið frá þessari aðferð.“

„Eiginlega öll bóluefnisgerðin gegn eyðninni hefur gengið út á það að nota erfðatækni,“ segir Margrét. „Það hefur ekki náðst almennileg mótefnismyndun úr því. En með því að leika svoltið trikk á visnuveiruna fékk ég fína svör.“

Margrét segist sérstaklega spennt fyrir þeim möguleika að hægt sé að koma í veg fyrir að börn smitist af HIV með móðurmjólkinni. Tilraunir hennar leiddu í ljós að bóluset lömb áttu miklum mun síður á hættu en óbóluset að smitast af mæðuveiki á spena hjá sýktum ám. „Það er þetta sem kemur mér til að taka þátt í

svona. Þetta var eitthvað sem ég átti ekki von á,“ segir hún.

Hún hefur hug á að halda rannsóknum sínum áfram og snúa sér að eyðniveirunni, en segir aldurinn standa sér fyrir þrífum. „Ég þyrfti að lifa til 120 ára aldurs ef ég ætlaði að ljúka því. En mig dauðlangar að komast eitthvert þar sem ég get komið þessu í gagn,“ segir hún og telur að þrjú til fimm ár taki að sjá hvort árangur getur hlotist af. Ekki sé þó hægt að stunda rannsóknir á svo varasamri veiru í lélegri rannsóknarstofu á Íslandi.

Margrét er nú að leggja lokahönd á grein um niðurstöðurnar sem hún hyggst reyna að fá birta í erlendum fagttimaritum.

stigur@frettabladid.is

George Bush undir hnifinn:

Aðgerðin heppnaðist vel

CAMP DAVID, AP Fimm separ voru fjarlægðir úr ristli George W. Bush Bandaríkjaforseta í aðgerð



GEORGE W. BUSH

sem hann gekkst undir í gær. Separarnir fundust við hefðbundna krabbameinsskoðun sem var framkvæmd í bústað

forsetans í Camp David. Separarnir verða rannsakaðir til að skera úr um hvort krabbamein finnst í þeim en afar ólíklegt þykir að sú verði raunin vegna þess hversu litlir þeir voru.

Á meðan Bush var undir læknishöndum, eða í rúmar tvær klukkustundir, fór varaforsettinn Dick Cheney með forsetavaldið. - fb

Gas lak úr ísskáp:

Sprenging skemmdi húsbíl

LÖGREGLUMÁL Sprenging varð í húsbíli við Oddastaðavatn á Snæfellsnesi um klukkan fjögur aðfaranótt laugardagsins.

Tveir menn komu á húsbílnum að vatninu um klukkan tvö. Þeir kveiktu á gasískápi í bílnum áður en þeir héldu til veiða í Oddastaðavatni. Tveimur tímum síðar heyrðu þeir mikla sprengingu frá húsbílnum. Rúðurnar og hurðirnar í bílnum eyðilögðust í sprengingunni og er hann stórskemmdur. Talið er að gas hafi lekið úr ísskápnum og að rafmagn hafi tendrað sprenginguna.

Mennirnir tveir keyrðu húsbílinn aftur í bæinn um nóttina þrátt fyrir skemmdirnar. - ifv

Nýjasta Harry Potter-bókin seldist eins og heitar lummur í gær:

Rúmlega þrjú þúsund eintök seld

BÆKUR Rúmlega þrjú þúsund eintök af sjöundu og síðustu Harry Potter-bókinni hafa seldst hérlandis síðan hún fór í sölu klukkan ellefu á föstudagskvöld. Styttist óðfluga í að fyrsta upplag bókarinnar seljist upp hér á landi. Er næsta upplag væntanlegt síðar í vikunni.

„Ég er gjörsamlega búin á því. Það er búið að vera brjálað að gera og virðist ekkert lát vera á,“ sagði Elsa María Ólafsdóttir, verslunarstjóri hjá Máli og menningu. „Ég er búin að hringja út um allt til að athuga hvort við getum fengið einhvers staðar bækur. Það eru örugglega einhverjar búdir sem eru lokaðar sem liggja kannski með eitthvað á lagernum.“

Elsa María giskaði á að hátt í fjögur hundruð manns hafi staðið í biðröð eftir bókinni fyrir utan búðina á Laugaveginum. „Röðin virtist aldrei hætta. Þetta var virkilega til sóma og gaman að þessu unga fólk hvað það er stillt. Maður þyrfti ekkert að hafa neitt fyrir því að biðja það um að bíða í fallettri röð. Stemningin var frábær og veðrið var gott. Það var svona smá Þorláksmessubragur á þessu.“

Svanborg Þórdís Sigurðardóttir, aðstoðarverslun-



Í NÓGU AÐ SNÚAST Sjöunda og síðasta Harry Potter-bókin seldist eins og heitar lummur og höfðu starfsmenn bókabúðanna í nógu að snúast. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

arstjóri hjá Eymundsson í Austurstræti, sagði að fólk hafi streymt inn í búðina og þriðji hver kúnni hafi keypt Harry Potter-bókina. Tíu fyrstu bækurnar voru gefnar þeim sem höfðu beðið lengst og vakti það mikla kátínu. - fb

Reykjavík
871 ±2

Landnámsýningin
The Settlement
Exhibition



Lífið á
landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn
Reykjavíkur

23. JÚLÍ LÆKKUM VIÐ VERÐ Á ÖLLUM NÝJUM BÍLUM VEGNA HAGSTÆÐS GENGIS KRÓNUNNAR!



**Bílahúð
Benna**

Tangarhöfða 8-12
112 Reykjavík
Sími 590 2000
www.benni.is



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	59,29 59,57
Sterlingspund	121,63 122,23
Evra	81,73 82,19
Dönsk króna	10,982 11,046
Norsk króna	10,343 10,403
Sænsk króna	8,911 8,963
Japanskt jen	0,4843 0,4871

SDR	90,84	91,38
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
110,7191		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Utanríkisráðherra lýkur heimsókn sinni til Ísraels og sjálfstjórnarsvæðanna:

Fólk býr nánast í opnu fangelsi

VESTURBAKKANUM. FRÉTTABLAÐIÐ Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra lauk heimsókn sinni til Ísraels og sjálfstjórnarsvæða Palestínumanna á föstudag í Betlehem, sem nú er umkringd „öryggisgirðingunni“ sem Ísraelar hafa reist á Vesturbakkanum og gagnrýnendur kalla aðskilnaðarmúrinn.

Í Betlehem heimsótti ráðherrann miðstöð fyrir krabbameinsjúk börn, sem notið hefur styrkja frá Íslandi, og flóttamannabúðir þar sem 4.500 Palestínumenn búa. Þar átti hún meðal annars fund með fulltrúum kvennasamtaka búðanna og var upplýst af fulltrú-

um flóttamannaástoðar Sameinuðu þjóðanna á hernumdu svæðunum, UNRWA, um áhrif múrsins á líf Palestínumanna.

„Þetta hefur sterk áhrif á mann, að sjá með eigin augum hvernig fólk hér býr nánast í opnu fangelsi,“ tjáði Ingibjörg Sólrún einstæðri tíu barna móður í búðunum sem hún heimsótti.

Ferð ráðherrans og fylgdarliðs um Mið-Austurlönd lýkur nú um helgina með heimsókn til Jórdaníu.

Í dag, sunnudag, verður farið í heimsókn á sjúkrahús í Amman, þar sem hlúð hefur verið að flóttamönnum frá Írak.



VIÐ MÚRINN Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra sýndur múrinn við Betlehem. Tom White, fulltrúi Flóttamannahjálpar SP í Palestínu, til hægri.

88 gæludýr fundust í íbúð:

Hamstraði dýr og þreif aldrei

BANDARÍKIN Borgaryfirvöld í borginni Ben Lomond í Kaliforníu fundu 83 ketti, þrjá hunda og tvær eölur á heimili dýrahamstrara á dögnum. Kvartað hafði verið yfir illri meðferð dýra á heimilinu. Talið er að dýrin 88 séu mest í fjöldi gæludýra sem fundust hafa í einni íbúð.

„Ímyndið ykkur 83 ketti sem búið hafa í einni íbúð í tvö ár án kattasandskassa. Þá fáði þið einhverja hugmynd um aðstæður,“ sagði sá sem fór fyrir yfirvöldum í málinu við Mercury News-fréttastofuna. Sums staðar voru yfir eins metra háir skítahaugar á gólfum.

Handbremsa hélt ekki bíl: Stjórnlaus ferð endaði í garði

LÖGREGLUMÁL Enginn meiddist þegar mannlaustr bíll rann stjórnlaus tuttugu metra niður brekku, yfir steiptan kant á leiðinni og inn í garð húss við Lundarbreykkju í Kópavogi um hádegisbil í gær.

Bifreiðin var læst og í handbremsu, en hún mun hins vegar ekki hafa verið í gír og því virðist handbremsan ekki hafa haldið bílnum þar sem honum var lagt í brekkunni. Bíllinn staðnæmdu við tréfall og lagði talsverðan reyk frá bílnum. Slökkvilið kom því ásamt lögreglu á staðinn, en ekki reyndist um eld að ræða.

Enginn varð fyrir bílnum og þykir það mikil mildi. Bíllinn er talinn ónýtur.

Slasaðist þegar bíll valt: Vegur hrundi undan þunga

LÖGREGLUMÁL Flutningabíll valt og lenti utan vegar við Fellsendaveg nálægt Grundartanga á Vesturlandi í gær morgun. Vegarendinn gaf sig undan þunga flutningabílsins þannig að honum hvolfði.

Ókumaður flutningabílsins, rúmlega þrítugur karlmaður, var einn í bílnum þegar slysið átti sér stað. Hann var fluttur á sjúkrahúsið á Akranesi til aðhlynningar. Talið er að annað herðablað mannsins hafi brotnað í veltunni.

Lögreglan á Akranesi segir að Fellsendavegurinn sé afar lélegur og þoli illa þunga þeirra flutningabíla sem fara um hann.

LÖGRELUFRÉTTIR

Ung kona brenndist

Kona um tvítugt brenndist meðal annars á báðum höndum við vinnu sína á hóteli í Reykjavík á fimmtudag. Hún fékk yfir sig heitt vatn úr hraðsuðukatli og kom starfsfélagi hennar henni til hjálpar þar til sjúkralið kom á vettvang.



FLÓÐIN Á ENGLANDI Tveir bílar mara í hálfu kafi í Wallington á Suður-Englandi. Miklar rigningar hafa verið í landinu sem hafa valdið miklum flóðum víða um landið.

Hundruðum bjargað úr vatnsflaumi

Miklar rigningar ollu flóðum á Englandi. Þyrlur breska flughersins voru kallaðar út til björgunarstarfa. Gordon Brown sagði að neyðarástand hefði skapast.

LONDON, AP Þyrlur og bátar björguðu hundruðum manna úr vatnsflaumi víðs vegar um England í fyrradag og í gær eftir að miklir stormar höfðu gengið yfir landið og valdið flóðum.

Barbara Young hjá breska umhverfisráðinu segir að einungis rigni svo mikið í landinu á 100, 150 eða jafnvel 200 ára fresti.

Þyrlur breska flughersins björguðu meira en hundrað manns af húsbökum í þorpum sem vatnselgurinn hafði flætt um og um tvö þúsund manns eyddu aðfaranótt laugardags í neyðarskýlum í Gloucester-skíri, sýslu í suðvesturhluta Englands.

Gordon Brown, forsætisráðherra Englands, sagði að yfirvöld hefðu brugðist skjótt við neyðarástandinu sem skapaðist í landinu.

„Þegar þær aðstæður skapast að það rignir eins mikið á einum eða tveimur tímum og á einum mánuði, þá þarf að bregðast hratt og örugglega við,“ segir Brown. Brown sagði að yfirvöld í Bretlandi þyrftu að athuga hvort ekki þyrfti að bæta flóðavarnir í landinu.

Í bænum Pershore, sem er um 200 kílómetra norðvestur af London, rignði sem svarar 14,45 sentimetrum á 25 tímum frá fimmtudegi til föstudags. Meðalúrkoma á svæðinu eru fimm til sex sentimetrar á mánuði.

Vegfarendur víðs vegar um landið þyrftu að gista í bílum sínum við þjóðvegi í landinu aðfaranótt laugardags því ekki var hægt að komast leiðar sinnar út af vatnsflaumnum.

141 flugi frá Heathrow var frestað vegna rigninganna og í suðurhluta Lundúna náði vatnsflaumurinn rúmlega sextíu sentímetra hæð.

Í bænum Stratford-upon-Avon, sem er um 160 kílómetra norðvestur af London, flæddi inn í kjallara Konunglega Shakespeare-leikhússins. Leikfélag sem átti að sýna Makbeð í leikhúsinu þyrfti að fresta sýningunni af ötta við að leikhúsgestir kæmst ekki út af vatnselgnum.

Veðurfræðingurinn Steve Nash segist aldrei hafa séð aðrar eins rigningar á Englandi á þeim 34 árum sem hann hefur unnið í faginu og að líkja megi úrhellinu við rigningar í regnskógum í hitabeltinu.

ingifreyr@frettabladid.is



ÍSLANDI BLÆÐIR Skemmdarverk voru unnin á skrifstofuhúsnæði almanna-tengslaskrifstofunnar Athygli í Síðumúlunum.

Skemmdarverk unnin á húsi: Athygli íhugar málsókn

LÖGREGLUMÁL Talið er að umhverfisverndarsamtökin Saving Iceland hafi málað slagorðið „Iceland is Bleeding“ (Íslandi blæðir) utan á húsnæði almanna-tengslaskrifstofunnar Athygli í Síðumúla í fyrrinótt.

Talsmaður samtakanna, Jaap Krater, neitar þessu en segist skilja þá sem framkvæmdu skemmdarverkin því Athygli hafi unnið fyrir Landsvirkjun.

Valþór Hlökkversson, framkvæmdastjóri Athygli, segir skemmdirnar ekki miklar og að veggjakrotið verði þrifið á mánudaginn. Athygli íhugar að fara í mál við Saving Iceland vegna skemmdarverkanna.

FJÁRMÁL

Laun hækkuðu í júnímánuði

Laun í júnímánuði hækkuðu um 0,6 prósent frá mánuðinum á undan. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um tæp tíu prósent, og stendur nú í 319 stigum. Launavísitalan miðast við janúar 1989, þegar hún var sett í hundrað stig.

Bylgjan á puttanum um landið í sumar

BYLGJAN 989

Dagskrá og nánari upplýsingar á bylgjan.is - ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» þriðjudagur

8-13 m/s allra syðst annars hæglætisveður.

um hádegi »	um hádegi »
Kaupmannahöfn 18°C mikil rigning	London 19°C skúrir
Billund 20°C skúrir	Paris 22°C skúrir
Osló 19°C skúrir	Eindhoven 21°C skúrir
Stokkhólmur 23°C léttskýjað	Frankfurt 24°C skúrir
Gautaborg 20°C rigning	Berlín 21°C rigning

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.



SIJENKA SIALIS TOY 38359 6707

Yaris T-Sport - orkubolti

Það eina sem Yaris T-Sport á sameiginlegt með smábílum er stærðin. Krafturinn, þægindin, mýktin og aukabúnaðurinn eru eitthvað sem þú hefur hingað til bara kynnst hjá stærri bílum. Hann er með 1,8 lítra VVT-i bensínvél sem skilar 132 hö. McPherson-fjöðrunin, rafdrifna aflstýrið, hátæknilegt mælaborðið og sportlegt útlitið auka enn á akstursánægjuna.

Núna færðu Yaris T-Sport með **170.000** króna afslætti og í kaupbæti fylgja tveir miðar með Chris Cornell í Laugardalshöll 8. sept.

Komdu og reynsluaktu Yaris T-Sport.

Verð **2.100.000** kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

KJÖRKASSINN



Langar þig að smakka færeyskar mjólkurafurðir?

Já 59%
Nei 41%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti lögreglan að hjálpa til við að leita að hundinum Lúkaði?

Segðu skoðun þína á vísir.is.

vísir

Kynferðisbrotahluti Byrgismálsins sendur til ríkissaksóknara fyrir lok mánaðarins:

Rannsókn á Byrgismáli á lokastigi

LÖGREGLUMÁL Stefnt er að því að rannsókn á kynferðisbrotahluta Byrgismálsins svokallaða ljúki senn og málið verði sent ríkissaksóknara til ákærmedferðar fyrir lok mánaðarins.

Í lok maí vísaði ríkissaksóknari málinu aftur til Sýslumannsembættisins á Selfossi til frekari rannsóknar og sagði Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari að mörg atriði þyrfti að skoða betur áður en ákveðið yrði hvort ákæra skyldi gefin út eða málið látið niður falla.

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, segir einn lögreglumann að mestu hafa unnið að



ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON



GUÐMUNDUR JÓNSSON

rannsókn málsins síðan þá. Taka þurfti skýrslur að nýju af fjölda

fólks og mun þeim skýrslutökum nú vera lokið að stærstum hluta.

Átta konur, allar fyrrverandi vistmenn Byrgisins, kærðu forstöðumanninn Guðmund Jónsson fyrir kynferðislega misnotkun í kjölfar þess að fréttaskýringaþátturinn Kompás á Stöð 2 sagði frá ásökunum nokkurra þeirra í garð hans.

Einnig hefur saksóknari efnaðsbrota til rannsóknar svarta skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármál Byrgisins á árunum 2005 til 2006. Í skýrslunni koma í ljós stórfelldar brotalamir á rekstrinum, en Byrgið var rekið að stærstum hluta fyrir opinbert fé. - sh

Einangrunarlímband kláraðist:

Erfiður farþegi límdur fastur

BANDARÍKIN Áhöfn flugvélar frá bandaríska flugfélaginu Frontier Airlines notaði heila rúllu af einangrunarlímbandi til að festa órólegan farþega við sæti sitt í liðinni viku.

Kona, Tamera Jo Freeman að nafni, tók að hegða sér óviðurkvæmilega í miðju flugi og misþyrmdi að sögn vitna eigin börnum. Flugþjónn greip þá límbandsrúllu og kláraði hana utan um konuna til að hafa á henni hemil. Talsmaður flugfélagsins segir aðferðina viðurkennnda til að hefja erfiða farþega, þótt það sé sjaldgæft. „Þetta gerist af og til,“ segir hann. - sh



Korchi El Mostapha

MENNIRNIR ÞRÍR Ítalska lögreglan sýnir myndir af Marokkómönnum þremur á tölvuskjá.

PRÍR handteknir í Perugia:

Æfðu menn í hryðjuverkum

RÓM, AP Ítalska lögreglan handtók þrjá Marokkómenn í Perugia í gær vegna gruns um að þeir hafi ætlað að fremja hryðjuverk.

Premeningarnir hafa notað Ponte Felcino-moskuna í miðbæ borgarinnar til að þjálfa menn í bardagalist, kenna þeim sprengju- og eiturgerð og hvernig eigi að stýra Boeing 747-þotum. Ítalska lögreglan hefur unnið að rannsókn málsins í tvö ár. - ifv

Atlantsólía og litað bensín:

40 prósent vilja litað bensín

NEYTENDAMÁL Rúmlega 40 prósent landsmanna telja mikilvægt að Atlantsólía fái leyfi til að selja litað bensín. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup gerði meðal 1.350 Íslendinga í júní og júlí.

Fyrir rúmu ári sendi Atlantsólía áskorun til fjármálaráðuneytisins um að fyrirtækið fengi leyfi til að selja litað bensín. Í byrjun júní svaraði fjármálaráðuneytið áskoruninni og sagði að málið yrði tekið til skoðunar.

Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsólíu, segir að litað bensín sé hagsmunamál margra, sérstaklega sláttuvéla- og bátæigenda. - ifv

KÓPAVOGUR

Bætur fyrir lóðartafir

Eiganda einbýlishúss, sem byggt var árið 2001 í Dimmuharví í Kópavogi, hafa verið boðnar 400 þúsund króna bætur úr bæjarsjóði vegna tafa á afhendingu lóðarinnar á sínum tíma.



STUÐNINGSMENN ERDOGANS Á KOSNINGAFUNDI Hver kosningafundurinn á fætur öðrum hefur verið haldinn síðustu daga í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið um hlutverk trúar í Tyrklandi

Þingkosningar verða haldnar í Tyrklandi í dag. Næsta öruggt þykir að flokkur Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra fái flest atkvæði, en óvissan snýst um það hvort flokkurinn fái nægan þingstyrk til að stjórna áfram einn.

TYRKLAND Átakalínurnar í þingkosningunum í Tyrklandi í dag eru einkum á milli stjórnarflokksins, sem er íhaldssamur múslimaflokkur, og svo gamla valdakjarnans, hersins og embættismannakerfisins, sem vill áfram strangan aðskilnað trúar og stjórnmála. Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra og leiðtogi Réttlætis- og þróunarflokksins, flýtti kosningum vegna ágreinings um forsetakjör nú í vor. Kjörtímabil núverandi forseta, Ahmet Necdet Sezer, rann út 17. maí síðastliðinn en hann situr enn vegna þess að stjórnarandstöðunni tókst að koma í veg fyrir að Abdullah Gül, utanríkisráðherra og forsetaframbjóðandi stjórnarflokksins, næði kjöri.

Gamli valdakjarninn óttast að hinn íslamski flokkur vilji efla áhrif trúarinnar til muna í stjórnmálum landsins, en forsætisráð-

herrann segir jafnan ekkert hæft í því. Þó vill flokkurinn afnema bann við því að konur beri höfuðklúta að íslömskum sið í byggingum hins opinbera.

Mannréttindaástandið í Tyrklandi hefur hins vegar batnað töluvert á stjórnartíma Réttlætis- og þróunarflokksins, enda hefur stjórnin unnið markvisst að margvíslegum umbótum í því skyni að Tyrkland geti fengið aðild að Evrópusambandinu.

Hugsanleg aðild Tyrklands að Evrópusambandinu hefur hins vegar lítið komið til tals í kosningabaráttunni. Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn er jafn áhugasamur og stjórnarflokkurinn um aðild. Áhugi almennings á aðild hefur hins vegar hrapað niður í algert lágmark eftir að áhrifamikill Evrópuríki, einkum þó Frakkland, lýstu yfir efasemdum sínum um og jafnvel harðri andstöðu við

að Tyrkland fengi nokkurn tímann aðild.

Tyrkneski herinn hefur aftur á móti á undanförunum vikum verið að efla mjög viðbúnað sinn í kúrdahéruðunum við landamæri Íraks. Ástæðuna segja Tyrkir vera að kúrdískir aðskilnaðarsinnar hafa gert árárásir frá norðurhluta Íraks, þar sem þeir njóta stuðnings meðal félaga sinna. Írakar kvarta hins vegar mjög undan þessum aukna viðbúnaði tyrkneska hersins og segja greinilegt að Tyrkir ætli sér að ráðast inn í Írak.

„Allt getur gerst,“ sagði Erdogan forsætisráðherra þegar hann var spurður hvort bardagar gætu brotist út á landamærunum eftir kosningarnar. „Þetta gæti komist á dagskrá. Allt sem er nauðsynlegt væri hægt að framkvæma strax. Við erum vissulega fær um það.“ gudsteinn@frettabladid.is



FASTEIGNA- MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

OPIÐ HÚS Í DAG

Hringbraut 32

Gengið inn Tjarnargötumegin
Opið hús í dag frá kl. 16-17



Björt og glæsileg 96 fm 1. hæð í einstaklega fallegu steinhúsi í miðbænum. Hæðin skiptist í samliggjandi stofu og borðstofu, eldhús sem er uppgert í upprunalegum anda, 2 rúmgóð herb. og baðherb. Mikil lofthæð er í íbúðinni og stórir bogadregnir gluggar fylla íbúðina birtu. Upprunalegar rósettur og listar prýða öll herbergi og stofur. Íbúðin er öll parketlögð fyrir utan eldhús og baðherbergi. Húsið allt nýviðgert að utan. Allir gluggar og gler er nýtt, hljóðvistargler að götu. Eign sem vert er að skoða. Verð 36,9 millj.

Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 16-17. Verið velkomin.

Sex ríkja viðræður um kjarnorkumál Norður-Kóreu lokið:

Enginn lokafrestur settur

KÍNA, AP Sex ríkja viðræðum um kjarnorkumál Norður-Kóreu lauk í fyrradag án þess að Norður-Kóreumönnum hafi verið settur neinn lokafrestur til að gera kjarnorkubúnað sinn óstarfhæfan.

Christopher Hill, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagðist þó telja að Norður-Kórea gæti lokið þessu verkefni fyrir árslok.

Fyrir viku lokuðu Norður-Kóreumenn eina kjarnaofni landsins.

Auk Norður-Kóreu og Bandaríkjanna eiga Rússland, Kína, Japan og Suður-Kórea aðild að viðræðunum. - gb



FYLGAJAST GRANNT MEÐ Tveir norður-kóreskir hermenn horfa stíft suður yfir landamærin. FRÉTTABLAÐIÐ/APF

Gerðu hagstæð innkaup í Nettó

**35%
afsláttur**

GOÐI

1.085 kr/kg. áður 1.669 kr/kg.

Goði grísakótiletur karabían - Goði grísahnakki piri piri

**Ótrúlega
lágur verð!**

554 kr/kg.

Borgarnes saltkjöt blandað

Frábær gæði!

GOÐI

1.049 kr/kg. áður 1.279 kr/kg.

Goði lambahryggur í poka

**35%
afsláttur**

Matfugl

396 kr/kg. áður 609 kr/kg.

Matfugl kjúklingalæri

**35%
afsláttur**

Matfugl

183 kr/kg. áður 281 kr/kg.

Matfugl kjúklingavængir



49 kr/pk.

Coop saltstangir - 250 gr.

**30%
afsláttur**

1.175 kr/kg. áður 1.679 kr/kg.

Kjötsels svínahnakkasneiðar

**30%
afsláttur**

KJÖTSEL

1.175 kr/kg. áður 1.679 kr/kg.

Kjötsels léttreyktar svínakótiletur

2 fyrir 1

84 kr/stk. áður 168 kr/stk.

Fanta - 2 ltr.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 19. júlí til 22. júlí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn



VEISTU SVARID?

1. Hvaða dýrategund er talin vera frumbyggi Íslands?
2. Hver er ríkisskattstjóri?
3. Hver er nýr stjórnarformaður Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar?

SVÖR Á BLS. 30

Sviðsstjóri umhverfissviðs segir átak Reykjavíkurborgar ganga vel:

Grænu skrefin á góðri leið

UMHVERFISMÁL Undirbúningur er hafinn við öll grænu skrefin tíu, sem Reykjavíkurborg kynnti í apríl. Að sögn Arnar Sigurðssonar, skrifstofu- og sviðsstjóra umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, eru skrefin ýmist að komast í gagnid eða undirbúningur við þau hafinn. „Það að visthæfir bílar fái frítt í bílastæði fer að skella á, bláa tunn- an fyrir pappír fer að líta dagsins ljós og það er verið að vinna á fullu í verkefninu um að námsmenn fái frítt í strætó. Því verkefni lýkur í næsta mánuði áður en skólarnir byrja,“ segir Örn.

„Það er verið að ákveða staðsetningu á kaffihúsi í Hljómskálagarö-

HVER VORU GRÆNU SKREFIN TÍU?

1. Miklu betri strætó
2. Verðlaunum visthæfa bíla
3. Göngum lengra, hjólum meira
4. Lifandi og skemmtileg borg
5. Betra loft fyrir alla
6. Meiri endurvinnsla
7. Byggjum vistvæn hverfi
8. Visthæfari leik- og grunnskólar
9. Höldum borginni hreinni
10. Reykjavíkurborg til fyrirmyndar

inum og við erum byrjuð að endurhanna Miklatúnið. Svo er byrjað að gróðursetja tré og náum við væntanlega 50.000 trjám í ár.“

Hreinsunarátak í hverfum hefur

Umhverfisráð kynnti grænu skrefin tíu í apríl. Þau eiga að vera áþreifanlegar aðgerðir sem breyta borginni til muna. Á næstu árum á Reykjavíkurborg að stíga stór vistvæn skref og verða til fyrirmyndar í umhverfismálum.

verið í fullum gangi og segir Örn það hafa gefist vel. Mikil þátttaka íbúa hafi verið í þeim hverfum sem hreinsuð hafi verið og allir haft gaman af.

Kennaralið Keilis:

Búið að ráða alla kennarana

MENNTAMÁL Búið er að ráða alla þá kennara sem munu sjá um kennslu hjá Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, sem hefja mun starf sitt á gamla svæði varnarliðsins við Keflavík í haust. Fyrst um sinn mun Keilir aðeins starfrækja frumgreinadeild en fleiri deildir munu bætast við á næsta skólaári.

Runólfur Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis, segir að síðasti kennarinn hafi verið ráðinn í vikunni. Hann segir að nú hafi verið ráðnir sex kennarar og að fleiri verði ráðnir fyrir vormisserið.

Lávarðamál bresku flokkanna: Engar ákærur lagðar fram

BRETLAND, AP Enginn af aðstoðarmönnum Tonys Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, verður ákærður í kjölfar lögreglurannsóknar á fjármálum flokksins.



TONY BLAIR

Grunur hafði vaknað um að flokkurinn hafi útvegað auðmönnum lávarðatign í skiptum fyrir fjárstuðning í flokksjóðina.

Carmen Dowd aðsaksóknari sagði ekki hafa fundist nægar sannanir til að sækja neinn hinna grunuðu til saka. Lögreglan hefur rannsakað málið í fimmtán mánuði.

„Þessari rannsókn lauk eins og ég bjóst alltaf við,“ sagði Tony Blair í yfirlýsingu sem hann sendi í fjölmiðlum í fyrradag.

Kynntust sveitasælu

Opinn dagur var haldinn í Kjósarhreppi í gær þar sem heilmikið var um að vera. Þéttbýlisbúar fengu tækifæri til að kynnt sveitasælunni af eigin raun og virtist uppátækið falla vel í kramið hjá þeim sem lögðu leið sína í Hvalfjörðinn. Í gær var einnig haldin árleg uppskeruhátíð hjá íbúum Mosfellsdals þar sem kenndi ýmissa grasa.



HVERGI BANGINN Hann Sigurður var nokkuð banginn við svinin í sveitasælunni í Kjósinni.



GRÆNMETI TIL SÖLU Nína Gautadóttir (lengst til vinstri) hafði í nógu að snúast við að selja grænmeti á markaðnum.



EFNILEGUR VEIÐIMAÐUR Hægt var að veiða frítt í Meðalfellsvatni og nýtti Baldur Sveinsson tækifærið og renndi fyrir fiski.



LEIKA Í HLÖÐUNNI Bjarki Már Aronsson og Marín Rós Axelsdóttir leika sér í hlöðunni í Miðdal.



Á SVEITAMARKAÐI Svanhildur Eiríksdóttir og Kristján Jóhannsson heimsóttu sveitamarkaðinn í Mosfellsdal ásamt dætrum sínum, Ingu Jódísi og Söllu Björt.

ÍSAFJÖRÐUR

Ægir sótti slasaða konu

Varðskipið Ægir sótti slasaða konu í Hornvík á fimmtudagskvöld. Konan var á leið niður Miðfell þegar hún féll um 30 til 40 metra. Var hún flutt til Ísafjarðar en var ekki alvarlega slösuð.

FJARÐABYGGÐ

Fríar almenningssamgöngur

Síðastliðinn mánudag hófst tilrauna- verkefni á vegum Fjarðabyggðar og Alcoa Fjarðaáls. Verkefnið felst í því að almenningssamgöngur verða fríar fram til loka ágúst en þá verður tilraunin endurskoðuð.

EINBÝLI VIÐ HLÍÐARHJALLA – 200 KÓPAVOGI



Frum



Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

Fallegt og vel skipulagt einbýlishús á þremur hæðum í suðurhlíðum Kópavogs. Húsið er alls 395,2 fm. Það eru 4 svefnherbergi í húsinu, hægt er að bæta við fleiri herbergjum. Einnig er mögulegt að gera auka 2ja herbergja íbúð með sérinngangi. Búið er að endurnýja eignina að innan að mestu. Sjá myndir og lýsingu á netinu www.as.is. Frábært útsýni, gott skipulag eignar, stutt í alla þjónustu. Topp eign.

Nánari upplýsingar gefur Eiríkur á Ás fasteignasölu s. 862 3377



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600 - as.is

Forsetakosningar í Albaníu:

Bamir Topi verður forseti

ALBANÍA, AP Bamir Topi verður næsti forseti Albaníu. Topi, leiðtogi Lýðræðisflokksins, fékk 85 atkvæði af 140 í kosningum á albanska þinginu á föstudaginn – einu atkvæði meira en hann



BAMIR TOPI

þurfti til að fá embættið. Kjör Bamis var mörgum í Albaníu léttir því stjórnarflokkarnir, með Lýðræðisflokkinn í broddi fylkingar, og stjórnarandstöðuflokkarnir höfðu reynt þrisvar sinnum að koma sér saman um hver ætti að gegna embættinu. Ef flokkunum á þinginu hefði ekki tekist að kjósa forseta í þetta skipti hefðu þeir aðeins haft eitt tækifæri til viðbótar, annars hefði þurft að leysa þingið upp og blása til kosninga innan sextíu daga.

Hvað þarf marga Íslendinga til að skipta um peru?*



IKEA býður mesta úrval landsins af sparperum. Þær endast 10 sinnum lengur en hefðbundnar ljósaperur og eru á frábæru verði.

Með því að skipta út gömlu perunum fyrir sparperur geta Íslendingar minnkað raforkukostnað sinn umtalsvert.

Kostnaður fyrir eitt heimili:

20 hefðbundnar peru á ári 9.512 kr.

20 sparperur á ári 2.097 kr.

Mismunur sem sparast: 7.415 kr.

Kostnaður fyrir Ísland (107.000 heimili):

2,14 millj. hefðbundnar peru á ári 1.017.784.000 kr.

2,14 millj. sparperur á ári 224.379.000 kr.

Mismunur sem sparast: 793.405.000 kr.

Viðmiðunarverð: Hefðbundin pera 60W: 50 kr. Sparpera 11W: 200 kr. Miðað er við 5 klst. meðaltalsnotkun á dag á hverri peru. Hefðbundin pera endist að meðaltali í 6 mánuði, en sparpera í 5,5 ár.

Sjá nánar á www.IKEA.is/spar



* Í raun bara einn. En til að spara rúmlega 793 milljónir kr. á ári með minni rafmagnsnotkun og færri peruskiptum ættu allir Íslendingar að sameinast um að skipta yfir í sparperur frá IKEA.



Enn ein snjöll lausn frá IKEA

Um gildi ómerkilegra fréttu.

Ómetanleg saga af litlum hundi

JÓN KALDAL SKRIFAR

Hlín Agnarsdóttir leikskáld og Haraldur Ólafsson veðurfræðingur voru í bráðskemmtilegu spjalli í Fréttablaðinu í gær. Meðal þess sem bar á góma var fréttalutningur af kjölturakkanum Lúkasi, sem er orðinn þjóðþekktur fyrir meintan skelfilegan dauðdaga, upprisu og almennar píslir sem mál hans hefur leitt yfir alla sem koma við sögu.

Hlín og Haraldur finnast ekki mikið til um frammistöðu fjölmiðla í máli Lúkasar. „Fréttastofurnar gleypa við hverju sem er þessa dagana,“ sagði Haraldur, og Hlín bætti við: „Þetta er farsí og um leið skammarlegt að þetta skuli ná þessum hæðum og verða ein af aðalfréttum sjónvarps og útvarps.“

Þessar hugleiðingar Hlínar og Haraldar eru angi af því algenga sjónarmiði að fjölmiðlar skapi veruleikann. Það gera þeir ekki. Góðir fjölmiðlar flytja fréttir af því sem er að gerast, hvað það er sem hreyfir við þjóð þeirra, um hvað hún talar, hverja hún elskar og hverja hún grætur.

Það er ekki fjölmiðlunum að kenna ef þjóðin lítur í spegilinn og skammast sín fyrir hvað hún sér.

Þegar sagan af drápi Lúkasar breiddist út með ljóshraða var alvöru móðursýki svo sannarlega fyrir hendi í netheimum. Og sá einstaklingur sem lá undir sök var í raunverulegri hættu, ef ekki beinlínis líkamlegri, þá örugglega andlegri. Það var fréttæmt. Um það er óþarfi að deila.

En sagan af hremmingum Lúkasar er fyrir löngu hætt að snúast eingöngu um örlög eins lítills hunds. Viðbrögðin við meintum dauðdaga hans eru upplýsingar um andlegt ástand þjóðarinnar; að minnsta kosti hluta hennar.

Í því samhengi er mál Lúkasar ein stærsta frétt ársins. Í henni er hægt að skynja ákveðinn tíðaranda og gildismat sem er ekki að finna í fréttum af sölu Actavis, gengi krónunnar eða hræringa á húsnæðismarkaði.

Í raun er sagan af Lúkasi ómetanlega merkileg og manni finnst þínu skrítið að leikskáldið Hlín skuli ekki kunna að meta dramatíkina.

Skáld nota gjarnan stílbragð sem kallast hluti fyrir heild. Er þá einn lítill atburður, eða samskipti einstaklinga, notuð til að segja til dæmis sögu heils samfélags. Þannig stóð saklausa sveitastúlkan Ugly fyrir meirihluta íslensku þjóðarinnar andspænis Búa Árland, reykvíska auðvaldinu sem vildi selja landið, svo kunnulegt dæmi sé tekið úr Atómstöð nóbelskaldsins.

Þegar vel tekst til lukkast fjölmiðlum að flytja fréttir í þessum anda. Þar sem hið einstaka nær að fanga hið almenna.

Þetta eru gjarnan sögur úr hversdeginum og þær má ekki vanmeta eins og tilhneigingin er þó gjarnan, samanber viðbrögð Hlínar og Haraldar við fréttum af Lúkasi.

Í Fréttablaðinu á föstudag var til dæmis sagt frá nágrannaerjum í Fjarðarásni en slíkar deilur eru sígilt minni úr Íslendingasögnum. Í þessari samtímasögu voru þó sem betur fer aðeins höggvin tré en engir menn. En ef við höldum enn lengra þá er Fjarðarássagan ekki annað en smækkuð útgáfa af landamæraðeildum sem hafa komið upp á milli þjóða og jafnvel valdið styrjöldum. Sem slík, veitir hún ákveðinn skilning á hvað oft þarf smávægileg tilfæni til langvarandi fjandskapar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsson. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



FRÁ DEGI TIL DAGS

Gagnrýninn ráðherra

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra hefur farið mikinn í vikunni. Hann gagnrýndi að sumir útlendingar ættu auðveldara með að fá íslenskan ríkisborgararétt en aðrir hér á landi og vísaði til þess að tengdadóttir Jónínu Bjartmarz, fyrrverandi umhverfisráðherra, hafi fengið ríkisborgararétt óeðlilega snemma fyrir á árinu. Þegar fréttist af yfirtökutilboði Rio Tinto í Alcan, móðurfélag Alcan á Íslandi sem rekur álverið í Straumsvík, sagði hann ekki þörf fyrir nýjan álrisa á Íslandi og reynsla manna af fyrirtækinu víða um heim væri slæm. Á heimasíðu sinni kallaði Össur svo Bjarna Harðarson, þingmann Framsóknarflokksins, vindbelg og gagnrýndi hann meðal annars fyrir að hafa lýst efasemdum

sínum um þau orð sín að kannski ætti ekki að byggja Valhöll á Þingvöllum upp sem hótél til frambúðar.

Efnisval Kastljóss


Björn Bjarnason dómsmálaráðherra gagnrýndi Helga Seljan, sjónvarpsmann í Kastljósi, á heimasíðu sinni í gær vegna efnisvals Helga í umræðum hans við þau Borgar Þór Einarsson, formann Sambands ungra sjálfstæðismanna, og Katrínu Jakobsdóttur, þingkonu VG, á föstudaginn. Ráðherrann lýsti yfir undrun sinni á því að Helgi hefði einungis viljað ræða við Borgar og Katrínu um einkadans á Goldfinger og örlög hundsins Lúkasar á Akureyri, þegar þýrla Landhelgisgæslunnar hefði farið í vikunni, Novator hefði keypt Actavis og hart hefði

verið deilt um matarverð.

Hlutverk þáttastjórnenda?

Í þessum sama Kastljóspætti vakti athygli að það eina sem Helgi Seljan hafði til málanna að leggja var að spyrja Borgar og Katrínu hvort það væri ekki rétt sem hitt hefði nýlökkið við að segja. „Borgar/Katrín er þetta ekki bara rétt hjá Borgari/Katrínu að...“ Þetta hefur verið einkenni á spurningatækni Helga: að vera sammála síðasta ræðumanni og endurtaka það sem hann sagði við hinn viðmælandann. Spurningin er hvaða gagn slíkur þáttastjórnandi gerir og hvort ekki væri alveg eins gott að láta gesti þáttarins rökraða án hans.

ingifrey@frettabladid.is



Lífið utan fréttanna

Impala-antilópan sem gengur í hægun skrefum niður að vatnsbólunni er á mælikvarða fegurðar og tígulleika einhvers staðar ofan við 9,5. Paris Hilton fréttatímanna er kolfallin í samanburði. Hlutabréfavisitalan þýtur upp en ekki eins og stökkhyrnan sem brunar eftir sléttunni svo allt annað í heiminum virðist standa í stað, hún tekur langstökk sem enginn hefur leikið eftir á Ólympíuleikum og allar stígatöflur íþróttaféttanna blikna. Samt er hún bara að leika sér, spyrjið um alvöru stökk þegar ljónin fara á stjá. Lífverðirnir fyrir utan höll drottningarinnar kunna að vera skryddir loðhúfum með brugðna branda, en sverðhyrnan er með svo fögur horn að engir korðar standast samanburð. Þetta er oryxinn, íbjúg og metralöng hornin eru ekki eina skartið, feldurinn fagurraður í morgunsólinni en svörtu og hvítu mynstrin mála á hann grímu sem gerir svipinn voldugri öllum fréttaskýrendum. Apahjarðirnar við veginn eru veraldarvarnari en samsafnið í Silfri Egils.

Verkamenn í aldingarði eilífðar

Ef zebrahestarnir vissu um gengi KR-inga vildu þeir eflaust skipta um búning en frækneikinn stendur Vesturbæingunum langtum framar þar sem stóðið rennur niður hljóðina á brunni. Þar standa nashyrningar með furðulega smá augun og ofvaxin eyru, úða í sig grasi, búnir að velta sér í leirbaði til að verjast sólinni; húðin eins og tækniundur frá vígvélabransanum, en hornin framan á þessum bryndrekum eru bara til að hræða og ógna á fengitímanum; ekki úthella blóði sakleysinga. Termítarnir hrúga upp leirnum kringum trjábol og



STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Í DAG | Fréttir og lífið

éta svo viðinn innan úr hrauknum, þessir sístarfandi verkamenn í aldingarði eilífðarinnar eiga vissulega við hermaura að etja, en gefast aldrei upp. Hrúgan skal upp.

Aðeins ein skepna á jörðinni hefur fundið upp „sjálfsmorðsárás“.

Lífsins leiksyningar

Flóðhesturinn er kominn í tjörnina. Í nótt fór hann á stjá, marga kílómetra í myrkrinu til að fylla stóran tankinn af grasi. Nú stendur ekkert uppúr nema hluti af rauðum belg og nasaholur; hann er óskiljanlegur eins og „útrás í skjóli af skattaumhverfi áhættufjárfestingasjóða“ og dularfullur eins og „mótvægiságerðir á landsbyggðinni“ og virðist meinlaus eins og allt sem stendur í viðskiptakálfum fréttablaðanna. En flóðhesturinn er skaðvaldur sem drepur fleira fólk í Afríku en nokkurt annað dýr, að moskítóflugunni undanskilinni, sem er eins og hver önnur stýrivaxtaþlaga.

Mest spennandi leiksyning sem nú er í gangi er þegar konungur dýranna fær sér snarl. Mannskepnurnar raða sér á harðan bekk í litlu jarðhýsi og sitja hljóðar innan við rimla. Dauf skíma lýsir upp síðu úr nauti. Þungur fnykur af eyðimörk snarast fyrir horn, enginn

vínsmökkunarblaðamaður gæti fundið upp lýsingu af þessari lykt frá þykkum feldi ljónsins. „Höfug angan af ryki, sól, skít og vottur af antilópblóði“ er nærri lagi; makkinn fer fram úr villtustu draumum tískuhárgreiðslumanna. Þegar hin ljónin handan við girðinguna hafa veður af þessari veislu byrjar lágvært urr sem magnast í öfrofa hljóðmúr með ærandi hvin eins og þegar einkapötur auðkýfinganna bjarga enn einu fréttaskúbbinu fyrir Séð og heyrð.

Sporin hræða

Við Krosshöfða eru jafn margir selir og Íslendingar; velta á klöppum í eigin saur. Endalausar breiður af skrækjandi, geltandi, hrínandi, veinandi, rorrandi og róandi selum. Lyktin lifir lengur en grillbrækjan „í beinni“, eins og þrálát „ekki frétt“ þar sem „Valgerður segir ... eða Ingibjörg telur og Geir vill ekki...“ Kóparnir byrjaðir að æfa bitíð eins og ungliðar í fréttatilkynningu, urturnar afbrýðisamar eins og þingkonur sem aldrei komast í viðtöl og brimillinn stóri er eins og ráðherra í drottningarviðtali, rekur burt ungu karldýrin, óafvitandi um veiðimenn sem nálgast til að skera af honum liminn og senda í ástarlyf í Kóreu.

„Sporin hræða“ segja stjórnmálamenn þegar ekkert er í fréttum annað en venjuleg lúxusvandamál og „skilningsleysi stjórnsvalda“ á offitu kröfugerðarhópa. Sporin sem blasa við í hörðum steini fyrir ásjónu okkar eru hins vegar frá því fyrir 50 milljónum ára þegar risaeðlur fengu sér að drekka úr stöðuvatni og vekja upp furðulega tilfinningu fyrir tíma í samanburði við fréttatíma.

Hverju er Ingibjörg Sólrún búin að lofa fyrir okkar hönd?

UMRÆÐAN

Utanríkisráðgjafi

Ávefsíðu ísraelska utanríkisráðuneytisins hinn 16. júlí sl. segir frá heimsókn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur til Ísraels. Þar er greint með velþóknun frá því hverja hún muni ræða við í heimsókn sinni og hvert hún muni fara, en það er meðal annars til „norðurlandamæra Ísraels sem liggja að Sírilandi og Líbanon.“ Þetta er hluti hvernig svæðanna – landsvæða sem Ísrael sölsaði undir sig í sex-daga stríðinu árið 1967 og eru þau ekki viðurkennd sem ísraelskt land af Sameinuðu þjóðunum. Á vefsíðunni segir einnig að áhugi íslensku ríkisstjórnarinnar á því að koma á þessar slóðir sé framboð Íslendinga í Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2009-2011. Nú hefur komið fram að ísraelsk stjórnvöld hafa verið afar ánægð með málflutning og afstöðu Ingibjargar Sólrúnar í nýafstaðinni heimsókn, jafnvel viljað fá hana sem málamiðlara í „deilunni“ við Palestínunum, að hennar sögn.

Í framhaldinu hljóta fjölmiðlar að ganga eftir því



ÖGMUNDUR JÓNASSON

við utanríkisráðherra hverju hún sé að lofa fyrir hönd þjóðarinnar í viðræðum af þessu tagi. Hvers vegna eru Ísraelar svona himinlifandi? Og hvað veldur því að fulltrúi Bush-stjórnarinnar bandarísku kemur skælbrosandi af fundi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í Reykjavík nýlega og segist hlíðhollur því að Ísland fái sæti í Öryggisráðinu? Hafði hann sannfærst um að engin breyting yrði á utanríkisstefnu Íslands með tilkomu Samfylkingarinnar í ríkisstjórn landsins; að áfram yrði fylgt Bush-línunni? Væntanlega er keppikeflið ekki einvörðungu að fá sæti í Öryggisráðinu, heldur hlýtur málið að snúast um hvað við ætlumst fyrir, þá stefnu sem fulltrúi Íslands kæmi til með að fylgja. Hinn nýi utanríkisráðherra hefur nú ráðið sérstakan starfsmann til að sjá um áróðurinn fyrir því að við hreppum sætið. En hvaða rökum á þessi starfsmaður að tefla fram? Hvaða stefnu segir hann að Íslendingar muni fylgja, til dæmis gagnvart mannréttindabrotum Ísraelsríkis?

Höfundur er þingflokksformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.



Ég ætla ekkert að hætta að vinna þótt hann sé á leiðinni.

HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST

VERÐ FRÁ
2.368 KR.

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

SYN2
enski boltinn

JOHN DILLINGER (1903-1934) LÉST
PENNAN DAG

„Vinir mínir vildu verða
slökkviliðsmenn, bændur og
löggar. Ekki ég, ég vildi bara
stela peningum annarra.“

John Dillinger er einn frægasti
bankaræningi allra tíma.



PETTA GERÐIST: 22. JÚLÍ 1991

Mannæta handtekin

Pennan dag árið 1991 var mannætan og fjöldamorðinginn Jeffrey Dahmer handtekin. Lögreglumenn ráku upp stór augu þegar Tracy Edwards kom hlaupandi handjarnaður niður götu. Hann sagði farir sínar ekki sléttar og leiddi þá að heimili Jeffrey Dahmers þar sem hann sagði Dahmer hafa haldið sér og hótað að drepa hann. Það var ekki fögur sjón sem beið lögreglumanna. Við leit komu í ljós ýmsir hryllingsmunir, myndaalbúm full af myndum af líkamshlutum, nokkur höfuð í ísskápnum og frystinum, tvær höfuðkúpur ofan á tölvunni og tunna full af rotnandi líkamshlutum. Þá fundust einnig sannanir fyrir því að Dahmer hefði verið að leggja sér til munnns hluta af fórnarlömbum sínum.

Lögreglan fann í allt ellefu fórnarlömb í íbúðinni. Það fyrsta frá mars 1989 aðeins tveimur mánuðum eftir að Dahmer slapp við fangelsisdóm fyrir barnamisnotkun. Dahmer viðurkendi síðar að



JEFFREY DAHMER Morðingi og mannæta.

hafa orðið sautján manns að bana allt frá árinu 1978. Dahmer var dæmdur í fimmtán lífstíðardóma en var drepinn af samfanga sínum árið 1994.

MERKISATBURÐIR

- 1245 Kolbeinn ungi Arnórsson andast 37 ára. Hann var höfðingi og goðorðsmaður af ætt Ásbirninga.
- 1929 Landakotskirkja í Reykjavík er vígð með mikilli viðhöfn.
- 1939 Tveir þýskir kabátar koma til Reykjavíkur rúmum mánuði áður en heimsstyrjöldin skellur á. Þetta voru fyrstu kabátarnir sem komið höfðu í íslenska höfn.
- 1946 Niútiú látast þegar öfga-menn sprengja King David-hótelíð í Jerúsalem.
- 1977 Deng Xiaoping snýr aftur til valda í Kína.
- 2003 Synir Saddams Hussein, Uday og Qusay, létust í árás Bandaríkjamanna.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Oddnýjar Helgadóttir
Ökrum, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Víðines.

Inga Ásta Ólafsdóttir
Helgi Ólafsson
Katrín Ólafsdóttir
Pétur Haukur Ólafsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Aldís Pála Benediktsdóttir
Raufarseli 11, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 12. júlí sl., verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 24. júlí kl. 13.00.

Sigurður E. Guðmundsson
Guðrún Helga Sigurðardóttir Friðrik Friðriksson
Benedikt Sigurðsson
Kjartan Emil Sigurðsson
Aldís Eva Friðriksdóttir
Dagur Páll Friðriksson



Alúdarþakkir öllum þeim sem sýndu okkur samúð og bluttekningu við fráfall elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Péturs Kristjánsson
Bjarnasonar

skipstjóra frá Ísafirði, Búagrund 17, Kjalarnesi,

sem lést 29. júní sl. Sérstakar þakkir færur við læknum og öðru starfsfólki Heilsugæslustöðvarinnar í Mosfellsbæ fyrir þá miklu alúð og hlýju sem Pétur naut ætíð þar.

Helga Ebenezersdóttir
Ebba G. Pétursdóttir
Herdís Pétursdóttir
Elín P. Pétursdóttir
tengdasynir, barnabörn og barnabarnabörn.

www.minningargreinar.is



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

HVAMMSTANGAKIRKJA: FIMMTÍU ÁRA VÍGSLUAFMÆLI

Heitin endurnýjuð

Veruleg ástæða er til að gleðjast á Hvammstanga í dag en á kirkjuhátið þar á bæ verður haldið upp á þriðja tímamót. Í fyrsta lagi fimmtíu ára vígsluafmæli Hvammstangakirkju, í öðru lagi tíu ára endurvígsluafmæli Kirkjuhvammskirkju og í þriðja lagi tíu ára vígsluafmæli kapellu sjúkráhusins.

„Það var töluvert verk á sínum tíma þegar Hvammstangakirkja var byggð og lögðu margir bæjarbúar hönd á plóg með því til dæmis að gefa dagsverk í ýmis störf,“ segir Sigurður Grétar Sigurðsson sóknarprestur á Hvammstanga. Kirkjan var teiknuð af Guðjóni Samúelsyni en það var heimamaðurinn Snorri Jóhannesson sem sá um smíðina. „Kirkjan er falleg, bæði einföld, hefðbundin og hlýleg,“ segir Sigurður.

Dagskráin í dag er fjölbreytt. Hátíðin hefst klukkan 11 með fjölskyldumessu þar sem séra Pálmi Matthías-son fyrstur sóknarprestur á Hvammstanga predikar en Sigurður þjónar fyrir altari. „Þegar kirkjan var vígð 21. júlí 1957 voru ung hjón sem giftu sig í sömu athöfn. Séra Gísli H. Kolbeins gaf þau saman. Í dag munu þessi hjón endurnýja hjúskaparheit sín í hátíðarmessunni og mun séra Gísli sjá um þann hluta,“ segir Sigurður og bætir við þeirri skemmtilegu staðreynd að drengur sem skírður var sama dag fyrir fimmtíu árum, Jóhannes Snorrason sonur yfirsmiðsins, muni annast ritningarlestur í hátíðarmessunni í dag.

Eftir messuna verður líf og fjör á kirkjulóðinni þar sem slegið verður upp grillveislu og börnin fá að rasa út í hoppukastala.

Klukkan hálf þrjú munu þrír af fyrrum sóknarprestum kirkjunnar taka þátt í dagskrárlíð sem ber yfirskriftina „minningarbrot úr þjónustu“. eru það séra Gísli, séra Pálmi auk séra Kristjánssonar sem deila minningarbrotum með gestum. Tónlist verður flutt og boðið upp á kaffi í safnaðarheimilinu að dagskrá lokinni.



KIRKJUHÁTIÐ Séra Sigurður stendur fyrir utan Hvammstangakirkju sem vígð var fyrir fimmtíu árum.

Sigurður segir kapellu sjúkráhusins bæði notalega og hlýlega, þar verður messa klukkan fimm í dag, þar sem Gísli H. Kolbeins predikar. Klukkan átta er komið að kvöldmessu í Kirkjuhvammskirkju, þar mun séra Kristján Björnsson predika og verður það góður endir á gleðilegum degi.

solveig@frettabladid.is



Okkar ástkæra dóttir, móðir, tengdamóðir, sambyliskona, systir og amma,

Agnes M. Jónsdóttir
Fífuhvammi 5, 200 Kópavogi,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 11. júlí. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju, þriðjudaginn 24. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarfélög.

Margrét A. Kristinsdóttir
Bergþór Bergþórsson Ágústa Óskarsdóttir
Jón Ólafur Bergþórsson Guðný Laxdal Helgadóttir
Örnólfur Kristinn Bergþórsson Kristín Birna Sævarsdóttir
Agnes Björg Bergþórsdóttir
Sveinjón Jóhannesson
Gróa Björg Jónsdóttir
Guðlaug Jónsdóttir
Nikulás Kristinn Jónsson og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Þorvalds Þorvaldssonar
bílstjóra, Núpaland 2, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar A-6 Fossvogi og líknardeildar á Landakoti.

Þorvaldur Þorvaldsson Jón Helgason
Þorgerður Þorvaldsdóttir Hanna Margrét Geirsdóttir
Arnbergur Þorvaldsson Gróa María Þorvaldsdóttir
Ingólfur Garðarsson
barnabörn og langafabörn.



Hjartans þakkir færur við öllum þeim sem með hlýðug, nærveru og samúðar-kveðjum minnst látnis eiginmanns, bróður, föður, tengdaföður og afa,

Sverris Norland
Sunnuvegi 5, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut sem og deildar 11G fyrir ómetanlegan stuðning og alúð.

Margrét Norland
Agnar Norland Kristín Norland
Jón Norland
Halla Norland
Sigríður L. Signarsdóttir
Valdimar Sigurðsson og barnabörn.



Eiginmaður minn

Baldvin Halldórsson

leikari

verður jarðsöngin frá Neskirkju mánudaginn 23. júlí kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hins látna er bent á Minningarsjóð MND-félagsins á Íslandi.

Vigdís Pálsdóttir



Samtök iðnaðarins og V/P-Samtök verslunar og þjónustu / Sjá nánar um endurvinnslu prentmála á www.s.is - Höfundur: Hlíta Húsið SÍA

Gerum gott úr þessu

Árlega berst mikið af prentuðum pappír inn á heimilin í landinu en kosturinn er sá að hann má endurnýta. Leggjum okkar af mörkum fyrir náttúruna og skilum honum í næsta pappírsgám eða endurvinnslutunnu.



Gott til endurvinnslu

Rússar þurftu á Pútín að halda

Jónas Tryggvason stundaði nám í Sovétríkjunum á níunda áratugnum og hefur búið í Rússlandi síðustu þrjú ár. Ingi F. Vilhjálmsson ræddi við Jónas um þróunina í landinu frá falli kommúnismans og um ástandið í Rússlandi Vladímírs Pútíns forseta.

Spurður um þær truflandi fréttir af Rússlandi sem hafa verið í vestrænum fjölmiðlum síðustu ár og mánuði segir Jónas, sem er framkvæmdastjóri sölusviðs fyrir Austur-Evrópu og Asíu hjá lyfja-fyrirtækinu Actavis, að sú umfjöllun dragi upp of neikvæða mynd af Rússlandi Vladímírs Pútíns. Jónas þekkir vel til í landinu því hann bjó í Sovétríkjunum frá 1979 til 1984, hefur heimsótt landið nærri árlega síðan og var að flytja heim til Íslands eftir að hafa búið þar síðustu þrjú ár.

Málin sem blaðamaður vísar til eru meðal annars fréttir af því að 88 blaðamenn hafi verið dreppnir í Rússlandi frá árinu 1996 og að Pútín hafi svindlað í forsetakosningunum árið 2004 þar sem hann var endurkjörinn með rúmlega 70 prósent atkvæða. Og nýlega hefur mikið verið fjallað um morðin á blaðakonunni Önnu Politkovskayu í Moskvu í október í fyrra og á Alexander Litvinenko í London mánuði síðar. Rússnesk yfirvöld hafa verið benduð við bæði morðin.

Í vikunni sauð svo upp úr á milli stjórnsvalda í Englandi og Moskvu: Bretar ákváðu að reka fjóra rússneska diplómata úr landi eftir að rússneska ríkisstjórnin ákvað að framselja ekki Andrei Lugovoi, sem bresk yfirvöld telja að hafi drepið Litvinenko. Rússar svöruðu með því að víkja fjórum breskum diplómötum úr landi á fimmtudaginn.

Pútín kom ekki nærri

Jónas telur ekki að Pútín hafi komið nærri morðunum tveimur. „Mér finnst ólíklegt að hann hafi staðið á bak við þessi morð. Politkovskaya og Litvinenko voru allt of mikil þeir fyrir Pútín auk þess sem þau ógnuðu honum ekki. Litvinenko var uppgjafarspæjari sem hafði búið í Englandi í sex ár. Ef Pútín hefði viljað drepa hann þá hefði verið búið að gera það fyrir löngu og á hreinlegri hátt en með kjarnorkueitrun,“ segir Jónas.

Þegar talið berst að morðum á blaðamönnum segir Jónas sögu af því að hann hafi nýlega hitt rússneska blaðakonu sem tók við hann viðtal. „Hún sagði mér að sér hefði boðist að skrifa um lyfja-, banka- eða orkumál þegar hún byrjaði á blaðinu Kommersant, sem er eitt af stærstu blöðunum í Rússlandi. Af hverju valdir þú lyfjamál? spurði ég. Af því að það er síðmenntaðasti geirinn sagði hún. „Það hefur ekki verið framið eitt einasta morð í kringum lyfjageirann í Rússlandi á meðan það hafa verið framin hundrad morð í orku- og bankageiranum.“ Ef þú myndir athuga þessi morð á blaðamönnum þá myndir þú örugglega komast að því að þessir blaðamenn sem hafa verið myrtir voru að fjalla um erfiðu málin rússnesku samfélagi,“ segir Jónas og bætir því við að flest þeirra séu leigumorð þar sem gömlu valdablokkirnar í landinu láti drepa blaðamenn sem fjalli um þær á gagnrýninn hátt.

Neikvæð sýn á Rússland

„Ég held að mál Litvinenkos og Politkovskayu séu máluð of sterkum litum í vestrænum fjölmiðlum,“ segir Jónas. „Af hverju viljum við bara sjá það neikvæða sem er að gerast í landinu en loka augunum fyrir því jákvæða? Erum við meiri kaldastríðsbörn en þeir? Ég held það stundum. Rússarnir eru fegnir að kalda stríðinu skuli vera lokið, þeir eru fegnir því að vera lausir við þetta gamla sovéska drasl,“ segir Jónas.

Villta austrið

Spurður um hvernig ástandið sé í Rússlandi nútímans segir Jónas að það hafi verið mjög erfitt að fylgjast með stöðunni í landinu eftir fall kommúnismans. „Þessi tími hefur verið kallaður villta austrið því þá var algert stjórnlæysi í landinu. Það var búið að henda út öllum reglu-

gerðum og lögum,“ segir Jónas og bætir því við að munurinn á ástandinu í landinu á þessum tíma og í Sovétríkjunum á fyrstu árum níunda áratugarins hafi verið gríðarlegur.

„Kafllinn frá falli kommúnismans og fram til ársins 2000 var alversti tíminn í sögu Rússlands. Ég segi ekki að það hafi verið borgarastyrjöld en þetta var svona eins og í framtíðarbiómynd þar sem ríki liðast í sundur og engin lög og engar reglur eru virtar. Mér fannst eins og ástandið væri alltaf að verða verra og verra með hverju árinu.“

Jónas segir að á þessum tíma hafi enn verið reynt að halda í sovésku miðstýringuna og skrifræðið á sama tíma og verið var að einkavæða ríkiseignir. „Rússneskur maður sem rak fyrirtæki sýndi mér til dæmis skattskýrsluna sína árið 1996. Hann þurfti að borga 105 prósent af tekjum fyrirtækisins í skatta. Í 28 liðum var sýnt hvernig skattarnir voru sundurliðaðir. Það var vegaskattur, vatnsskattur, húsa-skattur, sjúkraskattur, veltutengdir skattar, tekjutengdir skattar og fleira. Það var ekki hægt að reka fyrirtæki í Rússlandi á þessum tíma,“ segir Jónas og bætir því við að þetta sovéska kerfi hafi gert það að verkum að menn hafi reynt að svíkja undan skatti.

Óligarkarnir

Jónas segir að á tímabilinu sem hann kennir við villta austrið, þegar eignir ríkisins í Rússlandi voru meðal annars einkavæddar, hafi nokkrir menn í kringum Jeltsín forseta – svokallaðir óligarkar – orðið ofboðslega auðugir. „Eitthvað sameiginlegt sem allir í Rússlandi áttu, eins og olían eða skógarnir, var tekið og sett á örfáar hendur – við sáum þetta gerast í okkar samfélagi þegar kvóta-kerfið var tekið upp. Þetta var einhvers konar samþjöppun auðs. Áður en Pútín varð forseti voru óligarkarnir næstum því hafnir yfir lög og rétt.“

Jónas segir að það sem stjórnsvaldið í Rússlandi séu að gera núna sé að kaupa aftur, en ekki þjóðnýta, þessi fyrirtæki sem áður voru í ríkiseign. „En verðið sem ríkið greiðir fyrir þau er ekki umsemjanlegt, það er bara eðlilegt markaðsverð. Ríkið segir bara hvað verðið eigi að vera og svo þurfa eigendurnir að selja á því verði,“ segir Jónas.

Einn helsti andstæðingur Pútíns, Boris Berezovsky, kemur úr hópi þessara óligarka. Hann hefur verið í útleð á Englandi frá árinu 2000 og hefur verið ákærður í Rússlandi fyrir peningabætti og fyrir að ætla að steypa Pútín af stóli. Rússnesk stjórnsvaldið vilja fá hann framseldan frá Bretlandi. „Ég skil ekki af hverju stjórnsvaldið á Englandi framselja ekki Berezovsky því hann hefur verið ákærður fyrir glæpi í Rússlandi,“ segir Jónas.


Rússland þarf harða hönd

Jónas segir að ástandið í landinu hafi breyst mikið með Pútín og að með honum hafi aftur komið vísir að festu í rússneskt samfélag. „Rússland þurfti á Pútín, eða einhverjum álíka manni, að halda á sínum tíma. Hefði einhver annar getað náð sama árangri og Pútín hefur náð, kannski blaðamaður eða próffessor, ég efast um það.“

„Í rússnesku er til spakmæli sem segir að Rússlandi geti aðeins verið stjórnað af einhverjum sem hefur harða hönd. Ef við lítum á söguna þá eru það aðeins stjórnendur eins og Pétur mikli, Katrín mikla og Stalín sem hafa getað stjórnað Rússlandi. Ég veit ekki hvort við ættum að setja Pútín í þennan hóp en honum svipar til þeirra,“ segir Jónas.

Rússland Pútíns

Jónas segir að einn af helstu þáttunum í efnahagslegum uppgangi Rússlands sé að heimsmarkaðsverð á olíu hafi hækkað mikið á



JÓNAS TRYGGVASON Telur ekki að Pútín Rússlandsforseti hafi skipulagt morðin á rússnesku blaðakonunni Önnu Politkovskayu og á Alexander Litvinenko.

HELSTU PERSÓNUR Í VIÐTALINU




ANNA POLITKOVSKAYA Rússnesk blaðakona sem var myrt í Moskvu í október í fyrra. Gagnrýndi ríkisstjórn Vladímírs Pútíns harðlega í skrifum sínum. Politkovskaya vændi Pútín meðal annars um að hafa svindlað þegar hann var endurkjörinn í forsetakosningum árið 2004. Stjórnsvaldið í Kremli hafa verið benduð við morðið á henni. Morðingi hennar hefur ekki fundist.

BORIS BEREZOVSKY

Rússneskur auðkýfingur sem flyði Rússland árið 2001 og fékk pólitískt hæli á Englandi. Hann lenti upp á kant við Pútín sem hefur verið vændur um að hafa lagt á ráðin um að drepa hann. Hefur verið ákærður fyrir fjárdrátt og valdaránstílaun í Rússlandi. Bresk yfirvöld neita að framselja hann til Rússlands þrátt fyrir ákærana.



ALEXANDER LITVINENKO Fyrirverandi njósnari hjá rússnesku leyniþjónustunni KGB sem var myrtur í London í nóvember. Sagði á dánarbedinum að Pútín hefði látið eitra fyrir sér. Flyði Rússland eftir að hafa gagnrýnt Pútín fyrir að hafa ætlað að drepa Boris Berezovsky og fyrir að hafa sett hryðjuverk á svið í Moskvu til að réttlæta hefndaraðgerðir gegn andspyrnumönnum í Tsjetsjeníu.



VLADÍMÍR PÚTÍN Forseti Rússlands frá 1999 og fyrirverandi yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar FSB. Öðru kjörtímabili hans lýkur á næsta ári. Hefur sagt að hann ætli ekki að sækjast eftir endurkjöri. Staða Rússlands heima fyrir og á alþjóðavettvangi er talin hafa styrkt mjög undir stjórn Pútíns. Hefur verið vændur um valdnlíðslu gegn pólitískum andstæðingum sínum. Politkovskaya segir í nýjustu bók sinni að hann sé einráður í landinu.



ANDREI LUGOVOI

Fyrirverandi KGB-maður sem bresk yfirvöld telja að hafi drepið Alexander Litvinenko í London í fyrra. Bresk yfirvöld vilja fá hann framseldan og rétta yfir honum í Bretlandi. Rússnesk stjórnsvaldið hafa neitað að framselja hann og sagt að það væri brot gegn rússnesku stjórnskránni. Þetta er orsökinn fyrir milliríkjadælu Bretlands og Rússlands sem fjallað hefur verið um í vikunni.



liðnum árum, en mikið er framleitt af henni í landinu. „Innviðir Rússlands hafa styrkst mikið, til dæmis skatta- og tollkerfið. Pútín setti til dæmis á flatan 13 prósent skatt á einstaklinga og 24 prósent tekju-skatt á fyrirtæki. Skattaskil eru mjög góð í Rússlandi í dag,“ segir Jónas.

„Rússland er betra í dag en það var, það segir hinn almenni Rússi. Það er miklu meiri velmegun í landinu en hefur nokkurn tímann verið. Moskva er til dæmis orðin dýrasta borg í heimi. Árið 1996, þegar allt var í vitleysu, þá hefði enginn trúað því að þetta ætti eftir að gerast,“ segir Jónas.

Lýðræði í Rússlandi

Pútín hefur sagt að hann ætli ekki að bjóða sig fram í forsetakosningunum á næsta ári, þá verður hann búinn að vera forseti tvö kjörtímabil. Jónas segir hins vegar að ef Pútín bjóði sig aftur fram muni hann fá 70 til 80 prósent atkvæðanna eins og árið 2004. „Þjóðin er ánægð með hann. Það er staðreynd,“ segir Jónas.

Hann segir að ennþá þurfi sterkan stjórnanda í Rússlandi. „Rússland er ekki tilbúið til að búa í lýðræðissamfélagi eins og við búum í hér á Íslandi, það myndi koma bakslag í samfélagið. Það verður einhvers konar lýðræði í Rússlandi einhvern tímann, en hvenær samfélagið verður tilbúið til þess er spurning. En ég held samt að Rússland sé á réttari leið þrátt fyrir allt,“ segir Jónas.

Hún er eiginlega
spenntari en ég.

GOTT FOLK

HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST

VERÐ FRÁ
2.368 KR.

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

SYN2
enski boltinn

Úr sögubókum sólgleraugna

Á 100 árum hefur hlutverk sólgleraugganna breyst mikið. Í byrjun síðustu aldar voru þau hugsuð sem hlífðarskjöldur fyrir leikara sem stóðu í sterkum ljóskösturum. Nokkrum áratugum síðar voru þau ómissandi fylgihlutir allra meðvitaðra tískudrósna og í dag er jafnt hægt að nálgast ein slík á næstu bensínstöð fyrir þúsundkall sem og hjá dýrustu hönnuðum heims. *Júlia Margrét Alexandersdóttir* gluggaði í myndaalbúm sólgleraugnafjölskyldunnar og fann ýmislegt forvitnilegt.

Flestir þekkja Nero fyrir léttu sturlun sem náði ákveðnu risi þegar hann spilaði á fiölu meðan borg hans brann. Færri vita þó að Nero varð fyrstur manna til að leita leiða til að vinna á móti hinu sterka sólarljósi. Vildi það þannig til að sólin var farin að fara afskaplega í taugarnar á honum þegar hann var að reyna að hafa það náðugt í hringleikjahúsinu sínu og njóta þess að horfa á skylmingaprælana sína slátra hver öðrum. Nero notaði að vísu ekki dökkt gler heldur grænan smaragð og kom það að nokkru gagni.

Um það bil 11 öldum síðar datt kúnverskum dómurum í hug að einhvers konar sólgleraugu gætu komið að góðum notum í vitnaleiðslum. Á augun settu þeir því kristalla sem gerðu þeim kleyft að sjá umhverfi sitt án þess að vitnin gætu séð augu þeirra og var þetta hugsuð til að þau gætu ekki greint svipbrigði þeirra.

Sólgleraugu eins og við þekkjum þau í dag, með eiginlegu gleri í, sáust þó ekki fyrr en um miðja 18. öld en það var Englendingurinn James Ayscough sem prófaði að setja litað gler í gleraugu en hann er hvað þekktastur fyrir smásjár sínar. Ayscough hafði þó ekki í huga að vernda augun fyrir geislum sólar heldur taldi hann að liturinn gæti leiðrétt hvers kyns sjóntruflanir.

Í byrjun síðustu aldar fór að bera meira á sólgleraugum þegar kvikmyndastjörnur þöglu myndanna í Hollywood sáust með þau á setti. Ástæðan snerist þó ekki um smartheit en gleraugun voru ekki orðin tískufyrirbrigði heldur voru

ljóskastarar kvikmyndaveranna einfaldlega svo heitir og sterkir að ekki var annað hægt en að vernda augun fyrir þeim. Alla jafna voru leikararnir því með sólgleraugun og rétt tóku þau af meðan tókur stóðu yfir.

Sólgleraugun ruddu sér svo braut inn í tískuheiminn árið 1929 en þá var það gleraugnakóngurinn Sam Foster sem hóf að fjöldaframleiða sólgleraugu og seldi þau á ströndum New Jersey undir nafninu Foster Grant. Enn þann dag í dag eru Foster Grant-gleraugu framleidd og hefur fyrirtækið tvisvar sinnum, árið 1970 og 2000, tekið sig til og minnt heiminn á gleraugun með stórum auglýsingaherferðum. Í fyrri herferðinni voru stjórnur á borð við Peter Sellers, Anitu Ekberg, Woody Allen og Miu Farrow þátttakendur og í seinna skiptið var það ofurfyrirsætan Cindy Crawford og ökuþórinn Jeff Gordon sem sátu fyrir með gleraugun.

Það er engin stjarna með stjórnun nema eiga nokkur sólgleraugu til skiptanna og eru þau þar jafn sjálfsagður fylgihlutur og taska og skór. Þó eru örfá andlit sem hafa sett meira mark á sólgleraugnatískuna en önnur og er þar efst á blaði sjálf Jacqueline Kennedy Onassis. Stóru svörtu gleraugun sem hún notaði ekki síður til að fela sig fyrir ljósmyndurum, virðast þó hafa sett hvað mestan svip á tískuþróunina í kringum aldamótin 2000 en síðustu árin hafa konur borið stór Jackie O' gleraugu við hvert tækifæri. Enn sér ekki fyrir endann á þeirri stórsólgleraugnabylgju, ekki síst hér á Íslandi, enda jú allir frægir í Lególandi og gott að geta falið sig fyrir ljós-



STÆRSTI ÁHRIFAVALDURINN Sólgleraugun sem Jackie O' bar í kringum 1960 mörkuðu djúp spor í sólgleraugnatískuna og gætir þeirra áhrifa ekki hvað síst nú allra síðustu árin.



EITT PAR EKKI NÓG Elton John lætur nánast aldrei mynda sig án sólgleraugna. Fyrrihluta ferilsins voru þau oft mjög skrautleg en stíll pianistans er orðinn högværari með árunum.



SANNUR TÖFFARI Bitillinn Lennon lét sjaldnast sjá sig án sólgleraugna.



TEASHADES Þeir John Lennon og Ozzy Osbourne gerðu þessa gerð sólgleraugna heimsfræga en auk þeirra voru þau Janis Joplin og Mick Jagger yfirleitt með þessa gerð gleraugna.



EKKI BARA BERFÆTTUR Don Johnson var ekki síður '80 goð en Duran Duran og Wham og nutu þessi sólgleraugu gríðarlega vinsælda eftir að Sonny Crockett notaði þau í Miami Vice.

myndurum.

EKKI er hægt að sleppa taki á sólgleraugnasögunni án þess að minnst á sólgleraugu Johns Lennon sem í dag eru oftast kölluð Lennon-gleraugun eða Ozzy-gleraugun eftir Ozzy Osbourne sem jafnan ber þessi kringlóttu og smáu gleraugu á nefi sér en gler þeirra eru himinblá. Mick Jagger, Janis Joplin og fleiri rokkstjörnur sáust líka oft með gleraugu sem þessi enda tengja flestir þau við rokkstjörnur og þá menningu sem

þeim fylgir en í seinni tíð hafa þau sést í ýmsum útfærslum, með speglaglerjum, stærri og minni.

Sólgleraugun hafa þróast og breyst í gegnum nokkur tískutímabil. Á níunda áratugnum voru þau svört, stór og klunnaleg og þar höfðu sjónvarpsþættir mikil áhrif. Má þar nefna Miami Vice-töfara sem settu sitt mark á sólgleraugnatískuna. Á tíunda áratugnum mýktist form gleraugnanna eilítið, mörg glerin spegluðu og nokkuð fór að bera á

skær litum umgjörðum. Margir nefna Paris Hilton sem stóran áhrifavald á sólgleraugnatískuna en hún skartar jafnan risavöxnum sólgleraugum sem toppa flestar fyrri þekktar stærðir.

Hið skemmtilega er þó að sjá að tiskan gerir sjaldnast annað en að fara í hringi. Og eru Onassis-gleraugun þar frá því um 1960 einn mesti áhrifavaldurinn í sólgleraugnatískunni í dag. Enda fátt sem toppar klassíska smekk forsetafrúarinnar fyrrverandi.

→ PETTA SÖGÐU ÞAU UM SÓLGLERAUGUN

„Fræg manneskja er einhver sem vinnur allt sitt líf að því að verða þekkt andlit en setur síðan upp sólgleraugu til að komast hjá því að þekkjast.“ **Fred Allen útvarpsmaður.**



„Með sólgleraugun er ég Jack Nicholson. Án þeirra er ég bara gamall og feitur.“ **Jack Nicholson leikari.**

„Eftir Matrix hef ég aldrei getað sett upp sólgleraugu því þá þekkja mig allir.“ **Carrie Ann-Moss leikkona.**



„Sólgleraugun mín eru eins og gítarinn minn.“ **Patti Smith söngkona.**

„Það er mjög auðvelt að herma eftir útliti mínu, konur setja hárið bara upp, kaupa sér stór sólgleraugu og ermalausán kjól.“ **Audrey Hepburn.**



„Þetta gæti orðið mjög gaman, ég væri með byssu, tannstöngul og að sjálfsgöðu sólgleraugu - ég gæti verið 008 frá Sjanghæ.“ **Chow Yun Fat.**

Chow Yun Fat.



Styrktarfélag vangefinna Dagþjónustan Lækjarás

Leitar að áhugasömu starfsfólki sem er tilbúið í krefjandi og spennandi störf.

Við óskum eftir þroskaþjálfara í 100% stöðu og félagsliða eða stuðningsfulltrúa í 100% stöðu frá og með 1. ágúst eða eftir nánara samkomulagi.

Lækjarás er staðsett í Stjörnugróf 7 og er opið frá 8.30 - 16.30 virka daga.

Í Lækjarási er:

- Unnið eftir hugmyndafræði Wolfensberger
- Boðið upp á starfsfélagahandleiðslu
- Samstilltur starfsmannahópur
- Áhersla lögð á fagleg vinnubrögð

Gildi okkar eru: Virðing - Sveigjanleiki - Nýbreytni

Nánari upplýsingar veita Guðbjörg Haraldsdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir í síma 4140560.

Upplýsingar um Styrktarfélag vangefinna er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins: www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.



SJÁLFBODALIÐAR



NORRÆNA HÚSIÐ ÓSKAR EFTIR 50 SJÁLFBODALIÐUM TIL AÐ SINNA ÝMSUM VERKEFNUM Á MENNINGARHÁTÍÐINI REYFI – MENNINGARGNÆGÐ SEM FRAM FER Í OG VIÐ NORRÆNA HÚSIÐ DAGANA 18. – 26. ÁGÚST.

EF ÞÚ ERT 16 ÁRA EDA ELÐRI OG HEFUR ÁHUGA TÓNLIST OG FJÖLBREYTTILEGRI MENNINGU HAFÐU SAMBAND VIÐ ELISABETHK@NORRIDE.IS EÐA TALVIKKI@NORRIDE.IS

SKOÐAÐU LÍKA WWW.NORRIDE.IS OG WWW.REYFI.IS

NORRÆNA HÚSIÐ, NORDENS HÚS, ÞORJÓLAN TALD, STURLUÐÓTU 5, 101 REYKJAVÍK, Sími 551 7030

LAUST STARF HJÁ TOLLSTJÓRA



Tollstjórnin í Reykjavík óskar eftir að ráða í tvær stöður lögfræðinga á tollasviði.

Hjá tollstjóranum starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsuefingu og góðan aðbúnað



Um er að ræða fjölbreytt störf með möguleika á sveigjanlegum vinnutíma. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veita Harpa Hallsdóttir, sérfræðingur á starfsmannasviði, í síma 560-0352 og Helga Hauksdóttir, deildarstjóri lögfræðideildar, í síma 864-3416.

Umsóknarfrestur er til 7. ágúst. nk. Umsóknir merktar „lögfræðingur tollasvið“ ásamt ferilskrá skal skila til starfsmannasviðs embættisins Skúlagötu 17, 101 Reykjavík eða í gegnum tölvupóst: starf@tollur.is

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættispróf í lögfræði eða sambærilegt próf.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Tölvufærni og hæfni til að aðlagast breytingum og nýjungum.
- Frumkvæði og hæfileiki til að greina og leysa úr vandamálum.
- Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi til að bera lipurð í mannlegum samskiptum, séu kurteisir og búi yfir þjónustulund.
- Krafist er traustra vinnubragða og stundvísi.
- Hreint sakavottorð.

Starfssvið:

- Svörun erinda og álitaefna í tengslum við tollamál ásamt gerð úrskurða.
- Ráðgjöf varðandi tollamál og tollframkvæmd, svo sem rannsókn og afgreiðsla tollalagabrota, tollafgreiðslu og tollheimtu.
- Gerð lögfræðilegra álitsgerða um tollamál og veiting umsagna.
- Verkefnastjórnun og þróun verkferla.
- Gerð leiðbeiningarita og handbóka.
- Kennsla við Tollskóla ríkisins.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



N1 óskar eftir að ráða starfsmann í verslun Nítró að Bíldshöfða. Helstu vöruflokkar verslunarinnar eru mótorhjól, fjórhjól, jetski og fylgihlutir þeirra.

Helstu verkefni:

- Skrifa út hjól og tæki
- Umsóknir lána
- Útfylling skráningapappíra
- Önnur tilfallandi verkefni er varða sölu á hjólum og öðrum tækjum

Hæfniskröfur:

- Almenn tölvuþekking
- Þjónustulipurð
- Samskiptafærni
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson verslunarstjóri Nítró í síma **440 1221**. Vinsamlegast sækið um starfið á www.n1.is fyrir **30. júlí** n.k.

N1 BÍLAÞJÓNUSTA

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

Rauði kross Íslands
Reykjavíkureild

Verkefnastjórar unglingsstarfs

Reykjavíkureild Rauða kross Íslands auglýsir eftir verkefnisstjórum til þess að halda utanum unglingsstarf á vegum deildarinnar næsta vetur.

Unglingahóparnir verða tveir og mun hvor hópur hittast vikulega.

Reynsla af verkefnastjórnun eða starfi með unglungum er skilyrði. Þekking á starfi Rauða krossins og/eða sjálfböðnum störfum er kostur. Um 25% stöðugildi er að ræða.

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf 10. ágúst. Umsóknarfrestur er til 01. ágúst. Umsóknir sendist á marin@redcross.is

Verkstjóri/Gæðastjóri

Starfsmaður óskast við gæðaeftirlit og verkstjórn í fiskvinnslu okkar í Reykjavík. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun og fiskvinnslustörfum almennt.

Nánari upplýsingar í síma 892-5374, 893-5458 og á www.fiskkaup.is

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfang info@fiskkaup.is

FISK KAUP HF

Björgun

Tækjamaður á vélskóflu

Björgun óskar eftir að ráða tækjamann á vélskóflu. Fyrirtækið framleiðir og selur efni til framkvæmda s.s. ýmsar gerðir af sandi og mól í garða, skeljasand á tún, fyllingarefni o.fl.

Starfssvið:

- Vinna á vélskóflu
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Full vinnuvélaréttindi
- Reynsla af vinnu við slíkar vélar æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá 07:30 - 18:00/18:30. Góð aukavinna í boði, frítt mótuneyti á staðnum. Um framtíðarstarf er að ræða.

Fyrirspurnum um starfið er eingöngu svarað hjá Ráðningaráþjónustunni.

Umsjón með starfinu hefur Ástríður Ástráðs-dóttir ráðgjafi, astridur@radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
...fram tíðin er ráðin

Krókháls 5a • Sími 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

STÖRF Í BOÐI

HJÓLBARÐAVÖRUHÚS

N1 óskar eftir að ráða starfsmann í hjólbardavöruhús að Bíldshöfða í Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Öll almenn lagerstörf á hjólbardalager

Æskilegir eiginleikar:

- Almenn þekking á lagerstörfum og hjólbörðum
- Þjónustulipurð
- Stundvísi
- Ökuréttindi

VÖRUHÚS BÍLDSHÖFÐA

N1 óskar eftir að ráða starfsmann í vöruhús að Bíldshöfða í Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Öll almenn lagerstörf

Æskilegir eiginleikar:

- Almenn þekking á lagerstörfum
- Þjónustulipurð
- Stundvísi
- Ökuréttindi

Nánari upplýsingar um störfin veitir Björn Björnsson, vöruhússtjóri Bíldshöfða, í síma 440 1251. Áhugasamir geta sótt um störfin á www.n1.is.

VÖRUHÚS GELGJUTANGA

N1 óskar eftir að ráða starfsmann í vöruhús að Gelgjutanga í Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Vörumóttaka
- Meðhöndlun endursendinga
- Önnur tilfallandi verkefni

Æskilegir eiginleikar:

- Þekking á starfsemi vörulagers
- Almenn tölvuþekking
- Þjónustulipurð
- Samskiptafærni
- Stundvísi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Reynar Ellerup, vöruhússtjóri Gelgjutanga, í síma 440 1280. Áhugasamir geta sótt um starfið á www.n1.is.

Viltu vinna í nýrri og spennandi verslun?

Vegna aukinna umsvifa leitum við að hæfileikaríkum einstaklingi í eftirtalið starf:

Tækniteiknari í innréttingadeild

Starfssvið:

- Ráðgjöf, hönnun og teikning innréttinga fyrir einstaklinga og verktaka.

Hæfniskröfur:

- Nám í tækniteiknun eða sambærilegu.
- Starfsreynsla æskileg.
- Þekking á hönnun innréttinga er kostur.
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga á hönnun og metnað til að ná árangri í starfi, vera heiðarlegur, stundvís, ásamt því að hafa góða framkomu og færni í mannlegum samskiptum.

Vinnutími er skv. nánara samkomulagi.

Umsóknir berist fyrir 1. ágúst n.k. til Elínar Björnsdóttur, rekstrarstjóra - elinb@egg.is.

Nánari upplýsingar í síma 525 3400.

VANTAR ÞIG VANA SMÍÐI?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

SÍMI 581 2222



HAFNARGATA 90 • 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

VANTAR ÞIG VANA VERKAMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

SÍMI 581 2222



HAFNARGATA 90 • 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

**KÓPAVOGSBÆR****Frá Kársnesskóla****Laus störf næsta skólaár**

- Umsjónarkennari á miðstigi
- Starfsmaður í Dægradvöl 100%

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 570 4100 og 898 4107,

netfang gudrunpe@kask.kopavogur.is

www.kopavogur.is - www.job.is

**Matreiðslumenn**

Vegna aukinna umsvifa leitum við að matreiðslumönnum og matreiðslunema til að vinna með okkur í góðum hópi fagmanna. Viðkomandi þarf að vera áhugasamur, stundvís og geta unnið vel í hóp sem og undir álagi.

Vinsamlegast sendið umsóknir á Ingólf Einarsson, aðstoðarhótelstjóra, ingolfur@grand.is

Grand Hótel Reykjavík er fjögurra stjörnu ráðstefnuhótel með 14 sal, 314 herbergi og veitingastaðinn Brasseri Grand.

Stjórnandi á veitingastað

Óskum eftir að ráða stjórnanda á rótgróinn veitingastað í Hafnarfirði.

Í starfinu felst m.a.

- Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum.
- Framreiðslustörf í sal
- Uppgjör
- Skýrslugerð til eigenda

Vinsamlegast sendið inn umsóknir á ainarorn@gmail.com - Allar frekari upplýsingar veitir Einar í síma 896-9577

**Bílstjórar á minni sendibíla**

Íslandspóstur óskar eftir bílstjórum til útkeyrslu á minni sendibílum á höfuðborgarsvæðinu. 100% starfshlutfall, framtíðarstörf. Vinnutími er frá 07.30 - 16.55 og frá kl.16.30 - 22.15.

Hæfniskröfur:

- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskírteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst

Umsóknum skal skilað til:

Íslandspóstur hf.
Póstmiðstöð
Haukur Barkarson
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merk: Bílstjórar

Starfsúmsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

**Láναςýsla Kaupþings**

Við leitum að öflugum starfsmanni til starfa í Láναςýslu sem er deild innan Áhættustýringar Kaupþings og annast umsýslu með útlánnum bankans.

Helstu verkefni eru:

- Móttaka, utnumhald og skráning gagna sem snerta útlán bankans
- Upplýsingagjöf til lánanevnda bankans
- Ritun fundargerða á lánanevndarfundum
- Skráningar lánaheimilda
- Samskipti við viðskiptastjóra, útibússtjóra og aðra sem annast útlán

Menntun, hæfni og eiginleikar:

- Háskólapróf eða góð starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Mjög góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfni, frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Framúrskarandi samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veita Guðrún Harðardóttir, forstöðumaður Láναςýslu, sími 444 6486, netfang gudhar@kaupthing.com og Jónas Hvannberg, Starfsmannasviði, sími 444 6376 netfang jonas.hvannberg@kaupthing.com

Umsækjendur sækja um á vefsíðum bankans: www.kaupthing.is
Umsóknarfrestur er til og með 30. júlí 2007

Kaupþing, sem er stærsta fyrirtæki landsins, veitir allhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Kaupþing er leiðandi á öllum helstu sviðum íslensks fjármálamarkaðar og starfar í 9 löndum auk Íslands. Hjá bankanum starfa yfir 2.800 manns, þar af 1.700 erlendis.



Hugsum lengra

Aðstoðarmaður lögmanna og gjaldkeri



LÖGMANNSTOFA

LEX er ein stærsta lögmannastofa landsins með tæplega 30 lögmenn í sinni þjónustu og 40 starfsmenn alls. Lögmenn stofunnar hafa um langt skeið sérhæft sig í þjónustu við fyrirtæki, opinberar stofnanir, sveitarfélög, banka og einstaklinga hér á landi. Meðal viðskiptavina er einnig fjöldi erlendra banka og fyrirtækja.

LEX óskar eftir að ráða öfluga einstaklinga í spennandi og krefjandi störf hjá einni stærstu lögmannastofu landsins.

Aðstoðarmaður lögmanna

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi mjög góða kunnáttu í íslensku og ensku ásamt góðri tölvukunnáttu. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði í starfi og geta unnið sjálfstætt. Stúdentspróf er skilyrði en frekari menntun er kostur.

Gjaldkeri – hlutastarf

Bæði er um að ræða útsendingu reikninga á íslensku og ensku og greiðslu reikninga. Nauðsynlegt er að umsækjandi sé töluglögur og hafi góða tölvukunnáttu. Stúdentspróf eða víðtæk reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 30. júlí nk.

Upplýsingar um starfið veita Inga Steinunn Arnardóttir og Arna Pálsdóttir hjá Hagvangi.

Netföng: inga@hagvangur.is og arna@hagvangur.is



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

VANTAR ÞIG PÍPU-LAGNINGARMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

SÍMI 581 2222

HAFNARGATA 90 • 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

Ýmis störf

Laus eru til umsóknar störf hjá OFL, Öryggis- og flutningadeild. Starfsmenn OFL sjá um öryggisgæslu, eftirlit og flutninga á LSH. Ýmist er um að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Leitað er eftir starfsmönnum í pósthjónustu, sýnaflutninga, sjúklingaflutninga innanhúss á spítalanum og í vaktmannsstörf. Umsækjendur þurfa að vera samviskusamir, liprir í samskiptum og með góða þjónustulund. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknir skulu berast fyrir 8. ágúst nk. til Pálma Þórs Ævarssonar, öryggisstjóra, sími 543 1806, netfang palmaev@landspitali.is og veitir hann jafnframt upplýsingar um störf.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublað fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgrötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali - háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

Skiltagerð

ERT ÞÚ EFNILEGUR SKILTAGERÐAMAÐUR?

Vegna aukinna verkefna óskar Ferró eftir vönum skiltagerðamönnum. Um er að ræða spennandi og ögrandi framtíðarstörf. Góð laun í boði.

Starfssvið:

Vinna við álimingar á bíla, skilti, glugga o.fl. Uppsetningar á skiltum. Vinna á plötter og prentara. Samskipti við viðskiptavini.

Hæfniskröfur:

Lipur í mannlegum samskiptum. Duglegur, vandvirkur, stundvís og eiga gott með að vinna með öðrum.

Ferró er framsækið og ört vaxandi skiltagerðafyrirtæki með nýjustu prentvélar og tæki til merkinga.



Langhóltsvegur 130 • Sími 581 4400
www.ferroehf.is • ferro@ferroehf.is

Áhugasamir sendi umsóknir á ferro@ferroehf.is, eða í pósti. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Vaktmaður í höfuðstöðvum Kaupþings.

Við óskum að ráða vaktmann til framtíðarstarfa í höfuðstöðvum bankans í Borgartúni 19.

Um er að ræða öryggisvörslu á húsnæði bankans.

Unnið er á vöktum og er vinnutími frá kl. 16.00 – 24.00 eða frá kl. 24.00 – 08.00 virka daga. Um helgar eru dagvaktir frá kl. 08.00 – 20.00 og næturvaktir frá kl. 20.00 – 08.00.

Ráðning er frá fyrri hluta ágústmánaðar.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Hvannberg á starfsmannasviði, s. 444 6376, netfang jonas.hvannberg@kaupthing.is

Umsækjendur sækja um á vefsíðu Kaupþings www.kaupthing.is Umsóknarfrestur er til og með 29. júlí.

Kaupþing, sem er stærsta fyrirtæki landsins, veitir allhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Kaupþing er leiðandi á öllum helstu sviðum íslensks fjármálamarkaðar og starfar í 9 löndum auk Íslands. Hjá bankanum starfa yfir 2.800 manns, þar af 1.700 erlendis.



Hugsun lengra

Leikskólinn Mánabrekka Seltjarnarnesi

Laus störf:

- leikskólakennara
- starfsmanns með áhuga á uppeldisstörfum

Í leikskólanum er rekið metnaðarfullt uppeldisstarf þar sem lögð er áhersla á umhverfismennt og tónlist. Góð vinnuástaða.


Kynnið ykkur leikskólann á heimasíðu hans www.seltjarnarnes.is/manabrekka

Upplýsingar gefur Guðbjörg Jónsdóttir leikskólalastjóri í síma 5959 281, guðbjorgjo@seltjarnarnes.is

Laun skv. kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga við Félag leikskólakennara og Starfsmannafélags Seltjarnarness.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlmenn hvattir til að sækja um störf í leikskólum bæjarins.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa



Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Grunnskólar

Áslandsskóli (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)

- Almenn kennsla í yngri deild
- Íþróttir/sundkennsla
- Stærðfræði á unglingsstigi
- Skólaliði

Hraunvallaskóli (664 5872 einar@hraunvallaskoli.is)

- Kennarar á yngsta og miðstigi
- Kennsla á unglingsstigi
- Smíðakennsla
- Sérkennsla
- Skólaliði

Leikskólakennari (590 2880sigrunk@hraunvallaskoli.is)

- Deildarstjórar (leikskólakennarar)

Hvaleyrarskóli (664 5893 helgi@hvaleyarskoli.is;

664 5869 marsibil@hvaleyarskoli.is)

- Umsjónarkennari f. 4. bekk
- Umsjónarkennari f. 6. bekk
- Íþróttir/sundkennsla

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)

- Deildarstjóri námsvers innan fjölnáms sem er úrræði fyrir elstu bekk grunnskólans
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

Setbergsskóli (664 5880 gudusk@setbergsskoli.is)

Skólaliði í íþróttahús

Viðistaðaskóli (664 5890 sigurdur@vidistadaskoli.is)

664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)

- Stærðfræðikennsla
- Heimilisfræðikennsla
- Tvítýngdra nemenda
- Stuðningsfulltrúi
- Tölvukennsla
- Skólaliði

Öldutunsskóli (664 5896 herla@oldutunsskoli.is)

- Umsjónarkennsla á yngra- og miðstigi
- Bókasafns- og upplýsingafræðingur

Leikskólar

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)

- Deildarstjóri frá hausti

Álfaberg (695 2921/664 5846 alfberg@hafnarfjordur.is)

- Leikskólakennari f. 5 ára börn
- Starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)

- Matreiðsmeistari/matráður
- Deildarstjóri

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)

- Leikskólakennarar
- Aðstoð í eldhús
- Síðdegisstöður

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)

- Starfsmaður í eldhús frá 1. ágúst

Hraunvallaskóli (590 2880 sigrunk@hraunvallaskoli.is)

- Leikskólakennarar
- Deildarstjórar

Kató (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)

- Leikskólakennara (100%) frá 1. ágúst

Leikskólinn er tveggja deilda og tekst á við forystuverkefni í samkennslu

Norðurberg (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)

- Leikskólakennarar

Stekkjjarás (517 5920/664 5862 stekkjjaras@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar á ungbarnadeild leikskólans.

Deildin verður opnuð í ágúst og uppeldisstarf deildarinnar mun byggja á starfsaðferðum Reggio Emilia. Sjá nánar á heimasíðu skólans.

- Proskabjálfi
- Skilastöður

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)

- Leikskólakennarar
- Sérkennslustjóri
- Starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Allar upplýsingar um störf gefa skólalastjórar viðkomandi skóla.

Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

FJÖLBREYTT STÖRF Í BOÐI

N1 óskar eftir að ráða starfsfólk í verslun og þjónustu.

N1 VERSLUN Í KÓPAVOGI

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni í versluninni

Hæfniskröfur:

- Almenn þekking á verslun og þjónustu
- Þekking á helstu bílavarahlutum og verkfærum
- Samskiptafærni
- Þjónustulund

Nánari upplýsingar veitir Hjalti Guðmundsson verslunarstjóri í síma **535 9100**.

Áhugasamir geta sótt um starfið á www.n1.is fram til **29. júlí n.k.**

VAKTSTJÓRI

N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐ, HÁHOLTI MOSFELLSBÆ

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Stjórnun starfsmanna á vaktinni
- Vaktauppgjör
- Pantanir
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Hæfniskröfur:

- Almenn þekking á verslun og þjónustu
- Samskiptafærni
- Þjónustulund
- Stundvísi og reglusemi

ALMENNT STARFSFÓLK

N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni í versluninni

Hæfniskröfur:

- Almenn þekking á verslun og þjónustu
- Samskiptafærni
- Þjónustulund
- Stundvísi og reglusemi

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Harðardóttir, mannauðssviði N1 í síma **440 1000**.

Áhugasamir geta sótt um störf á www.n1.is

Þjónustustöðvar



Verslanir

Fyrirtækjapjónusta



Bílapjónusta

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins.

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

SÍMI 581 2222

HAFNARGATA 90 • 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



ÍSTAK

GISTIÐSTAÐA ÓSKAST

ÍSTAK óskar eftir gistiðstöðu á höfuðborgarsvæðinu fyrir 15 - 20 starfsmenn.

Áhersla er lögð á snyrtilegt húsnæði.

Ráðgjöf

KAFASKIPTI

Fjárhagsörðuleikar, vantar þig aðstoð?

Kíktu á www.kafaskipti.is
Sími 517 1030.

Búslóðaflutningar

Ertu að flytja austur á land?

Við flytjum búslóðina fyrir þig. Sendiþjónusta Austurlands sími 899 0959 daguri@sinmet.is

Búslóða flutn., píanó flutn. og allir almennir flutn. Aukamaður ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078 & 616 1108.

Búslóðaflutningar
og allir almennir flutn. Aukamaður/menn ef óskað er. Uppl. í s. 661 1977 & 659 1047.

Húsviðhald

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Spádómar

Englaljós S. 908 6050 & 863 1987

Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbærir, trúnaður. Er við alla daga frá 11 á morgnana til 01 eftir miðnætti.

Lára spámiðill. Visa/Euro.

Stína Lóa Spámiðill
Tarrot og draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál. Sími 908 2008 - 299 kr/mín hjá Símanum. Geymið þessa auglýsingu.

Dulspækisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími framundan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Allsspá 445 5000

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbærir NLP. Símaspá, einkat. og m. Fl. Visa Euro Masters. www.spamidlun.com

Iðnaður

Getum bætt við okkur, málningar-, múr-, flisa- og smíðavinnu. Uppl. í s. 867 6563.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

SCHOOL ICELANDIC

INTENSIVE ICELANDIC-ÍSLENSKA fyrir ÚTLENDINGA 4 vik má-fé 18-19:30, Stíg I að byrja 30/7 og 24/9, Stíg II 27/8 Ármúla 5. s 5881160/ff@icetrans.is

Ökukennsla

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Amerískt sófasett 3 sæta og 1 og 1/2 breidd Púðarnir allir fylltir með dúni. Vel með farið. Selst á 30.þús. Uppl. í S. 896 1778.

Dýrahald

Hreinræktaðir Rottweiler hvolpar til sölu. Ömerktir, heilsufarsskoðaðir og með ættbók. Sanngjarnt verð fyrir góð heimili. Uppl. í s. 869 5792.

2 eins árs læður fást gefins. Grá og Síamslitúð. Uppl. í s. 694 8644.

Silky terrier hvolpar til sölu mamman með ættb. pabbin bl af silky og pudle. Verða örm og til afh 18-ágúst 8961786

Ýmislegt

Til sölu þvottavél, þurrkari og 28" Thomson sjónvarp, selst á 50 þús. allt saman. Uppl. í s.849 8625.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðapjónusta

HVALALÍF



Sjóstangveiði - Andrea
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

Fyrir veiðimenn

Góðir maðkar
til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

3 herb. íbúð m/húsgögnum í góðu umhverfi í 112 Rvk til leigu frá 17. ág-áramóta. 150 þús á mánn með öllu. Uppl. í síma 693 3235 eða íbúð112@gmail.com

3 herb. íbúð til leigu í Giðufelli 4 hæð frá 1 ágú. Langtímaleiga, samningur og húsaleigubætur. Leiga 130 þ. + húss. og rafm. 3 mánn. trygging skilyrði. Stutt í fjölbraut, sundlaug, Bónus ofl. Uppl. í s. 824 4490.

Þrjúgjá herbergja, 60 fm íbúð á Holtsgötu, 101 Reykjavík, til leigu. Langtímaleiga. Reyklausir leigjendur óskast! Upplýsingar í síma 561 6295.

Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3 herb. íbúð. Örugnum og skilvísnum greiðslum heitið. Uppl. í s: 8635420

Okkur bráðvantar 3herb íbúð í Reykjanesbæ sem allra fyrst erum þar með íbarn reglusemi og skilvísnum greiðslum heitið uppl í s:6623466/4811772 Anna

Sumarbústaðir

Lóðir til sölu
Tvær lóðir, samliggjandi, í Miðengi v Keríð Grímsnesi, 1,08 og 1,17 hektarar til sölu, hvor fyrir sig eða saman. Stærri lóðin liggur að skógræktarlendi. Seljandi getur smíðað. Skipti möguleg.
Uppl 824 6703.

60,9 fm. Sumarhús á landi múra í Öndverðarnesi 1 Grímsnes og Grafingshreppi. Frábær staðsetning við Hvítá með fallegri fjallasýn. Uppl. á Rey/max Lind. S. 862 1109

Sumarbústaða lóð til sölu

Til sölu sumarbústaðaland 1 ha., eða fleiri. Landið er úr jörðinni stóra Hof á Þjórsárdalssvæðinu, heitt og kalt vatn á lóðarmörkum ásamt rafmagn. Gott verð. Uppl. í s. 663 7365 & 863 3793.

Atvinnuhúsnæði

Sálfræðistofu vantar húsnæði á leigu
Húsnæðið þarf að vera á bilinu 80-120 fermetrar, hafa möguleika á biðstofu og 2-3 viðtalsherbergjum.
Upplýsingar í síma 891 9212 eða 893 4522.

ATVINNA

Atvinna í boði

AVM
Alltaf gott fólk



AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi

Verkamenn, pípara, múrara, flisamenn, kranamenn, gröfumenn, jámbindingarmenn, steypusmiði, trésmiði, suðumenn ofl. Allir hafa þeir hæfni á sínu sviði og auðveldir í samskiptum.

Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

Pizza Hut



Pizza Hut
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki. Lágmarksaldur er 18 ára. Pizza Hut Nordica leitar að starfsfólki í fullt starf, áhugasamir hafi samband viðhugasamir hafi samband við "mar veitingastjóra í síma 869-6683. Einnig er hægt að sækja um www.pizzahut.is.

Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára
Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára.
Upplýsingar í síma 822 8840, 822 8870 og einnig inn á www.nings.is

Ruby Tuesday
CLASSIC GRILL



Ruby Tuesday Skipholti
Leitum eftir að ráða góða starfskrafta við afgreiðslu í sal. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Umsóknareyðubúð liggja frammi í Skipholti 19 eða senda umsóknir á haukur@ruby.is

Au-pair Denmark-1 year Au-pair Denmark - 1 year - from August or later - salary 5000 dkr/month. Are you a loving person who wants to take care of our son 1 years old as well as do house work? Then we will like you to be part of our family.
ljoergensen@familie.tele.dk



American Style í Hafnafirði

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnu-kerfi? Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært fólk. Enga feimni, sæktu um americanstyle.is.



Vantar þig skemmtilega aukavinnu í sumar eða með skóla í vetur?
Okkur vantar fólki í vinnu. Um er að ræða vaktavinnu, þjóðum upp á breytilegar vaktir og sveiganlegan vinnutíma. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu. Vaktir sem hægt er að sniða að þínum þörfum! Við leitum að jákvæðu, duglegu og lífsglæðu fólki með mikla þjónustulund. Aðeins koma umsækjendur 16 ára og eldri til greina.
Hægt er að sækja um á stöðunum og á netinu: www.subway.is. Nánari upplýsingar í síma 530 7004.



Veitingahúsið Vegamót
Óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf.
Uppl. á staðnum eða sendið umsókn á vegamot@vegamot.is



Vanur bílaréttingarmaður óskast. Uppl. Réttingarverkstæði Jóa á Dalvegi 16a

Grillkoffinn!
Starfskraftur óskast í eldhúsi til matreiðslu frá kl 06:30 -14:30 og annan hvern lau. Einnig vantar fólk frá 15-21:30 í afgreiðslu og grill.
Uppl. í s. 892 1534, Björg.



Vegna mikillar aðsóknar vantar okkur starfsfólk í afgreiðslu strax. Reynsla æskileg. Uppl. í s. 820 7121.

Vélamenn óskast
Óskum eftir að ráða beltagröfumann og trailer-bílstjóra. Mikil vinna í boði.
Upplýsingar í síma 891 8338.

We are hiring cleaning staff for full time work in Reykjavik and neighbouring areas and part time staff in Keflavik. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for. Call Sherry at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday- Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.

Aktu Taktu getur bætt við sig starfsfólki. Aðeins stundvíst og áreiðanlegt fólk kemur til greina. Fullt starf og hlutastarf í boði. Umsóknir á aktutaktu.is

Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Umsóknareyðubúð á staðnum.

Vélamann óskast á nýja hjólagrófu til afleysinga. Uppl. í s. 896 6676.

Lagerstarfsmaður óskast
M-ling hf. Kópavogi óskar eftir hörkuduglegum lagerstarfsmanni. Aldur ca. 18 - 25 ára. Mötuneyti á staðnum. Uppl. gefur Ólafur Helgason, lagerstjóri. Umsækjendur mæti á staðinn eftir kl. 13:00 nk. mánudag. Málning hf., Dalvegi 18, Kópavogi.

Kjötsmiðjan ehf. óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmenn eða menn vana úrbeiningu. Upplýsingar gefur Birgir ís. 894 4982.

Stýrimaður óskast á 130 tonna rækjubát. Upplýsingar í síma 847 7251.

Hreingerningar
Starfsfólk óskast í hlutastarf & helgarvinnu. Uppl. í s. 860 0601.

Óska eftir duglegri, íslenskumælandi, heiðarlegri manneskju í seinnipartsræstingur á skrifstofu. Uppl. í s. 698 1711.

Starfskraftur
Óskum að ráða matreiðslumann í eldhúsi á litlu sveitahótel til lengri eða skemmi tíma. Góð aðstaða, gisting á staðnum. Uppl. í s. 434 7762 & 434 7863.

Verkamenn í Mafarsfell
Duglega verkamenn vantar í byggingavinnu í Mafarsfell S. 892 3207.

Smíðir
Óska eftir smíðum í Úlfarsfell. Góður aðbúnaður. Upplýsingar í síma 892 3207.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf: Smíði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbilstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stættir ahvinnuleiftans. Erum einungis með faglegt fólk á skrá eða fólk með mikla reynsla. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000.- m/yrk

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING

Sími 534 8888 - Fax 534 8887
Stangarhlutur 7 - 110 Reykjavík

Heimilishj-Þj
Vil gjarnan halda heimili hreinu, 1/2 m-n. Uppl. í s. 557 2162.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Gylltur trúlofunarhringur með mikilli tilfinningagildi tapaðist í Kringlunni 20. júlí. Hringurinn er greypur myndri allan hringinn og áletraður að innan. Góðhjátaður finnandi vinsamlega hringi í 6988647

Tilkynningar



35 ára í dag
Haninn a.k.a. Le cock á 35 ára afmæli í dag og gott ef hann verður ekki bara kynþokkafyllri með hverju árinu sem líður. Og mundu að þú sért orðin gamall, þá veit ég betur!!
Hannesinn sendir sínar heitustu afmæliskeðjur!!!

Celebrity.is
Ná na 12.000+ myndir af fréga fólkinu í flottum vef. N'jar myndir daglega.

Matseld.is
N'jar uppskriftir daglega · fallettum upp-skriftavef.

Einkamál

18þl's.is.
XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18pl's.is.

Tilboð óskast



Tilboð óskast

Tilboð óskast í Camp-Let Concorde tjaldvagn, árgærd 2006, skemmdur eftir umferðaróhapp. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 24.júlí. 2007. Tjaldvagninn er til sýnis að Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma (frá 8.30 til 16.30 virka daga)

Einnig er bent á Söluorg TM <http://www.tryggingamidstodin.is/solutorg> en þar eru til sölu bifreiðar og munir í eigu félagsins.



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN
Sími 515 2000 / Fél 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is

Tilboð óskast



Tilboð óskast

Tilboð óskast í Scania P124 vörubifreið, árgærd 2000, skemmd eftir umferðaróhapp. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 24.júlí. 2007. Bifreiðin er til sýnis að Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma (frá 8.30 til 16.30 virka daga)

Einnig er bent á Söluorg TM <http://www.tryggingamidstodin.is/solutorg> en þar eru til sölu bifreiðar og munir í eigu félagsins.



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN
Sími 515 2000 / Fél 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is



ÚTBOÐ – JARÐVINNA

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. óskar fyrir hönd Háskólans í Reykjavík hér með eftir tilboðum í verkið:
Háskólinn í Reykjavík – Jarðvinna

Verkið felst í því að grafa fyrir nýbyggingu Háskólans og endurfylla að hluta með burðarhæfum fyllingum undir nýbyggingu.

Helstu magnþölur eru:

Gröftur 59.000 m³
Fyllingar 15.000 m³

Verkinu skal skilað í áföngum og vera að fullu lokið 15. maí 2008. Útboðsgögn fást afhent á skrifstofu VGK Hönnunar hf., Grensásvegi 1, Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 17. júlí 2007 kl 14.00.


Tilboð verða opnuð á skrifstofu VGK Hönnunar hf., fimmtudaginn 2. ágúst 2007 kl. 11.00.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



FASTEIGN HF



Fjallabyggð

Spennandi starf í Fjallabyggð

Laun samkvæmt kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Fjallabyggðar

Sveitarfélagið Fjallabyggð lýsir eftir umsóknum um stöðu skipulags- og byggingarfulltrúa.

Skipulags- og byggingarfulltrúi starfar samkvæmt skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, byggingareglugerð 441/1998 og skipulagsreglugerð 400/1998. Hann hefur umsjón með skipulagsgerð, gefur út framkvæmdaleyfi, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, og annast eftirlit með því að framkvæmdir séu í samræmi við útgefin leyfi. Hann hefur auk þess yfirumsjón með umhverfismálum, gatnagerð, hreinlætismálum (sorphirða og sorpeyðing, hreinsun gatna, opinna svæða o.þ.h.), fráveitumálum, umferðar- og samgöngumálum, ferlimálum, skráningu fasteigna, lóða- og jarðamálum, búfjármálum og forðagæslu.

Skipulags- og byggingarfulltrúi er yfirmaður tæknideildar Fjallabyggðar og ber ábyrgð á rekstri hennar og þeirra stofnana sem undir hana heyra, s.s. áhaldahúsa og veitustofnana. Hann gerir starfs- og framkvæmdaáætlanir fyrir þá málaflokka sem undir hann heyra og vinnur með yfirstjórn sveitarfélagsins að fjárhagsáætlun varðandi þá.

Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur yfirumsjón með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins, gerð útboða og samninga og eftirlit þeirra. Hann hefur auk þess yfirumsjón með viðhaldi fasteigna sveitarfélagsins og annarra mannvirkja á vegum þess.

Skipulags- og byggingarfulltrúi á sæti í almannavarnanefnd.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 48. og 49. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og greinar 2.7 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.
- Færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Reynsla af stjórnun og/eða verkefnisstjórnun
- Góð þekking á skipulags-, bygginga- og umhverfismálum

Fjallabyggð

Gránugötu 24, 580 Siglufirði, s. 464 9100, f. 464 9101
Ólafsvægi 4, 625 Ólafsvirði s. 464 9200, f. 464 9201

Sveitarfélagið Fjallabyggð er nýrst á Tröllaskaga og varð til við sameiningu Ólafsvæðis og Siglufjarðar árið 2006. Þar búa um 2.400 manns. Bæirnir tveir eru afar fjölskylduvænir og þaðan er stutt í góða útivistarmöguleika jafnt að sumri sem vetri. Fjölþreytt þjónusta er í bæjunum og mannlíf gott og líflegt.

Umsóknarfrestur er til 7. ágúst n.k.
Tengiliður : Þórir Kr. Þórisson bæjarstjóri,
thorir@fjallabyggd.is, s. 464-9100

Vilt þú vinna með þeim bestu?



Hefur þú áhuga á að starfa með öflugum fyrirtæki, ná árangri og læra af fjölbreyttum verkefnum hjá skapandi þjónustufyrirtæki?

Við óskum eftir að ráða traustan ritara í fullt starf.

Hafðu samband við Huldu og pantaðu starfsviðtal í síma

522 2800

eða

borg@remax.is



Tryggvagata 11 • 101 Reykjavík

STUÐ MILLI STRÍÐA Metingur og myndmenntatímar

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR VILL MEINA AÐ STUNDUM SÉ SÆLLA AÐ ÞIGGJA EN GEFA



Því hefur löngum verið haldið fram að Íslendingar séu dulitíð kuldalegir í samskiptum. Skemmtana glaðir útlendingar á börum bæjarins virðast oftast en ekki steinhissa á því að maðurinn í næsta barstól vilji ekki segja þeim ævisögu sína og fjölskylduleyndarmál yfir björkollu, og frekar stara ofan í eigið öl.

Mér þykir við persónulega ekki kuldalegri en hver annar, en hitt er annað mál að við erum hundleg í að gefa og þiggja hrós. Fyrir

nokkrum árum hóf ég hrósátak með sjálfri mér. Ég byrjaði bara að láta í ljós aðdáun mína, sama hvort hún kviknar vegna klæðnaðar fólks, skapgerðar eða nefstærðar.

Fólk á hins vegar stundum erfitt með að taka slíkum gullhömrum. Það getur roðnað og blánað, eða bæði í einu, hóstað og stamað, eða hreinlega vísað öllu á bug. Það þykir mér leiðinlegast. Það er eins og metingurinn úr myndmenntatímum sitji enn í okkur.

Að því er mig minnir voru allir krakkar afskaplega ánægðir með sig og eigin verk, alveg þangað til að einhvers konar öfugsnúinn metingur hófst í myndmennt. Yfir nótt var það allt í einu ekki

nógu smart að vera ánægður með abstrakt teikningu af fjölskyldunni sinni, sem líkist yfirleitt frekar bleikum fíl. Í staðinn reyndu börnin, ég meðtalin, að ná nýjum hæðum í því að gera lítið úr afrakstri eigin erfðis og hefja verk bekkjarfélaga sinna til vegs og virðingar. Það er frekar spaugilegt þegar litíð er til baka, en því miður virðast allt of margir enn fastir í myndmenntatímum og rögburði í eigin garði.

Það stendur skrifað að sælla sé að gefa en þiggja. Í hróstilfellinu held ég að fólk ætti barasta að snúa þessu við hið snarasta og læra að þiggja. Það er eins og svo margt annað, vont en það venst. Og svo afar notalegt.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Arnarneshæð
á móti hækkandi sól

Sölusýning í dag
kl. 14 til 16

Íbúðir
á besta stað í Gardabæ



Söluskrifstofan

Má bjóða þér í heimsókn á skrifstofu okkar að **Hofakri 1**, jarðhæð. Þar erum við með ítarlegar upplýsingar um íbúðir og raðhús, teikningar og myndir, kort af hverfinu. Hver veit nema rétta eignin fyrir þig sé á Arnarneshæð.

Nýjar íbúðir

Við kynnum nýjar íbúðagerðir og ný verð á Arnarneshæðinni. Hverfið er í suðurhlíð og horfir móti hækkandi sól.

Heimilið

Stílhrein íbúð, björt og rúmgóð á skjólsælum stað og horfir móti sumri.

Fjölskyldan

Byggjum heimili til framtíðar á fallegum stað og fjölskyldan blómstrar.

Umhverfið

Glæsilegt og rólegt hverfi, lágreist byggð og öll þjónusta í göngufæri.

www.arnarnes.is


HÚSAKAUP

Sími 530 1500 • Suðurlandsbraut 52

Verkefni á vegum
hanza

> NÝTT BARNLEIKRIT

Mæja spæja er heitið á nýju barnleikriti sem flutt verður á Rás 1 í ágúst. Einvalalið leikara flytur verkið sem fjallar um sniðuga og athugula stelpu sem gerist spæjari. Meðal þeirra eru Ilmur Kristjánsdóttir, Pálmi Gestsson og Sigurður Sigurjónsson. Fylgist með í ágúst.



fólk

folk@frettabladid.is

Perez fílar Pál Óskar

Páll Óskar Hjálmtýsson fékk sína fimmtán mínútna frægð í bandaríska slúðurheiminum á fimmtudaginn þegar slúðurbloggarinn Perez Hilton póstaði nýjasta myndbandi Palla, við lagið Allt fyrir ástina, á síðunni sinni. Perez, sem segist sjálfur vera „The queen of all media“, var ansi ánægður með myndbandið og setti það í flokkinn „Gay, Gay, Gay“. Einnig bætti hann því við að hann skildi ekki orð sem Páll segði í myndbandinu en það væri samt „svo hallærislega skemmtilegt“.

Fjöldamörg komment

PÁLL ÓSKAR Nýjasta myndbandi söngvarans góðkunna var póstað á einu frægasta slúðurbloggi heims, bloggi Perez Hiltons.



komu á færsluna þar sem flestir lýstu ánægju sinni á hinum íslenska diskópopp-ara og þótti sumum rauður glansbúningur hans minna á latexbúninginn sem Britney Spears klæddist í myndbandinu Oops, I did it Again. Páll Óskar getur haldið upp á slúðurfrægð sína í kvöld

enda mun hann koma fram á Nasa þar sem verður haldið partí í boði orkudrykkjars Burn. Spurning hvort nýjasti aðdáandi hans, Perez Hilton, verði á staðnum. Húsið verður opnað klukkan 23 og kostar einungis þúsund krónur inn.



PEREZ HILTON Hann er greinilega pínulítið skotinn í íslenska töffaranum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Popprinsessan **Britney Spears** klæðist eins og ekkja í sínu fyrsta myndbandi í tvö ár við lagið Get Back. Upptökur fóru fram í Malibu og klæddist Britney svörtum kjól, svörtum hatti og svartri slæðu. Væntanlega er Britney þar að vísa til stormasams skilnaðar síns við rapparann og dansarann Kevin Federline fyrr á árinu. Mikil leynd hefur hvílt yfir gerð myndbandsins og hefur enginn sem kemur þar við sögu mátt tjá sig um það við fjölmiðla.



LISTAVERK Í EINKAEIGU

Listasafn Íslands fyrirhugar sýningu með haustinu á verkum **Kristjáns Davíðssonar** listmálara. Vegna undirbúnings óskar safnið eftir upplýsingum um listaverk eftir listamanninn frá árinu 1990 til dagsins í dag, sem til eru í einkaeigu.

Eigendur listaverka eru beðnir að senda myndir af verkunum með helstu upplýsingum á netfangið nina@listasafn.is eða hafa samband við Nínu Njálisdóttur, í síma 515 9600 fyrir 15. ágúst.



Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Hjónakornin Sir Paul McCartney og Heather Mills meðan samband þeirra blómstraði. Illúðlegar skilnaðardeilur hafa geislað milli þeirra undanfarið en nú sér fyrir endann á þeim. Heather Mills verður forrík kona.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Mills fær 8,5 milljarða

Heather Mills-McCartney fær eina stærstu skilnaðargreiðslu sögunnar þegar gengið verður frá skilnaði hennar og Pauls McCartney. Talið er að fyrirsætan fyrrverandi fái fast að tveimur milljörðum króna í byrjun og væna summu árlega héðan í frá.

Fréttir frá Bretlandi herma að stjórnuparið fyrrverandi, Bítillinn Sir Paul McCartney og fyrirsætan Heather Mills, séu loks að

ná sáttum í erfiðu skilnaðarmáli sínu. Kalt stríð hefur verið þeirra á milli síðan upp úr hjónabandinu slitnaði og harðar deilur hafa farið fram milli lögfræðinga þeirra um hversu mikið McCartney þyrfti að greiða Mills til að hún yrði ánægð.

Breskir fjölmiðlar segja að skilnaðarsamningur þeirra hljóði alls upp á um 70 milljónir punda, um 8,5 milljarða íslenskra króna. Heather fái í fyrstu 1,8 milljarða króna og fast að hálfum milljarði á ári eftir það, allt þar til Beatrice dóttir þeirra nær 18 ára aldri. Á móti kemur að Heather fær engar af fasteignum Bítillsins, en hún

mun hafa sótt fast að fá þær í sinn hlut. Paul McCartney mun sömuleiðis greiða fyrir allan kostnað við uppeldi dóttur þeirra.

Hvorki Heather Mills né Paul McCartney hafa viljað tjá sig um skilnaðinn undanfarið svo þessar fregnir hafa ekki fengist staðfestar. Breska dagblaðið Daily Mail telur sig þó hafa traustar heimildir fyrir að málið fari ekki fyrir dómstóla og stutt sé í að gengið verði frá sáttunum. „Fljótlega get ég farið að kalla mig Heather Mills aftur,“ er haft eftir fyrirsætan fyrrverandi en fregnir herma að hún bíði óð og uppveg eftir að kasta McCartney-nafninu.

VILTU BYGGJA Á ATHYGLISVERÐUM STAÐ?



Ó-náttúruleg opnun

Sumarsýning Listasafns Íslands, Ó-náttúra, var opnuð á fimmtudagskvöldið. Alls eru áttatíu verk úr safneigninni, eftir um fimmtíu listamenn til sýnis, en þau eiga það öll sameiginlegt að velta fyrir sér hugtakinu náttúra. Gestir á fimmtudagskvöldið virtust kunna vel að meta ný sjónarhorn sem og samkvæmið sjálft. Sýningin stendur yfir til 21. október.



HJÁLMAR RAGNARSSON OG BJÖRN BJARNASON.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



GABRÍELA FRÍÐRIKSDÓTTIR, SIGRÍÐUR DÚNA KRISTMUNDSDÓTTIR, KRISTÍN JÓHANNESSDÓTTIR OG SIGURÐUR PÁLSSON.



MARGRÉT AUÐUNS, EINAR GARIBALDI EIRÍKSSON OG EDDA ERLINGSDÓTTIR.



SVEINN HELGASON OG SIGURÐUR MAGNÚSSON.



MARGRÉT BALDURSDÓTTIR OG ÞÓRÓLFUR ÁRNASON.



TINNA GUNNARSDÓTTIR OG SUNNA SIGURÐARDÓTTIR.

Bon Jovi höfðar mál

Söngvarinn Bon Jovi hefur höfðað mál gegn framleiðendum orku-drykkjarins Mijovi. Telur hann að nafn drykkjarins sé of líkt nafni hans, sem sé frægt vörumerki. Að sögn framleiðandans Marcos Carrington var drykkurinn nefnd-

ur eftir kærustu hans Jovita, en ekki hinum 45 ára rokkara. Í markaðsherferð drykkjarins eru notuð slagorðin „itsmijovi“ og „itsmi-life“ sem Jovi telur að séu augljósar tilvísanir í lagið It's My Life. Carrington er ekki á sama máli.

LANDNÁMS-
SETUR
ÍSLANDS

MR. SKALLAGRÍMSSON
- höf. og leikari Benedikt Erlingsson

Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma: 437-1600

THE SIMPSONS STÓRKOSTLEGASTA FJÖLSKYLDA
ALLRA TÍMA LOKSINS I BÍO!

MOVIE

11. HVER VINNUR!

SMS LEIKUR

HEIMSFRUMSÝND MEÐ
ÍSLENSKU OG ENSKU TALI 27. JÚLÍ
SENDU SMS JA SMF Á 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNID MIÐA
VÍNNINGAR ERU BÍOMÍÐAR, TÖLVULEIKIR,
DVD MYNDR OG MARGT FLÉIRA!

Komdu og skoðuðu lóðir í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ. Söluáðgjafar verða á staðnum í dag milli 13 og 15 og veita allar nánari upplýsingar.

Stórar lóðir // Skjólgóður staður // Gott skipulag
Fágætt útsýni // Aðeins 10 mín. í Kringluna



Ekið er gegnum Mosfellsbæ og niður brekkuna framhjá Hlégarði. Þá blasir við skilti á hægri hönd sem vísar á Helgafell.



Söluaðilar:
Helgafellsbyggingar
Sími 575 6800
www.helgafell.is

Miklaborg
Sími 569 7000
www.miklaborg.is

HELGAFELL
Athyglisverður staður

Del Toro leikur Che Guevara

Leikarinn Benecio del Toro hefur tekið að sér hlutverk argentínska byltingarsinnans Ernesto Che Guevara í nýrri kvikmynd eftir Steven Soderbergh. Myndin, sem nefnist Guerilla, verður tekin upp á níu vikum víðs vegar um Spán. Verður einöngu töluð spænska í henni.

Guerilla verður önnur kvikmyndin á skömmum tíma sem er byggð á ævi Guevara því fyrir þremur árum kom út myndin The Motorcycle Diaries með Gael Garcia Bernal í aðalhlutverki.

Benecio del Toro og Steven Soderberg störfuðu síðast saman við myndina Traffic með góðum árangri. Fékk del Toro Óskarsverðlaunin sem besti aukaleikarinn fyrir hlutverk sitt sem mexíkóskur lögreglumaður. Á meðal fleiri leikara í Guerilla verða Julia Ormond og Catalina Sandino.



BENECIO DEL TORO Del Toro fer með hlutverk Che Guevara í nýrri kvikmynd.

Fyrsta tónleikaferðin í tíu ár

Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson fer í tveggja vikna tónleikaferð um Ísland hinn 28. júlí ásamt átta manna hljómsveit sem er skipuð dönskum og íslenskum tónlistarmönnum. Með í för verður danska hljómsveitin Jazirkus.

„Við erum búnir að æfa á fullu og þetta er að smella gríðarvel saman,“ segir Jónas, sem er búsettur í Danmörku þar sem hann starfar sem forritari hjá Microsoft. „Það er svolítið flókið dæmi að koma mönnum saman í svona lagað og maður gerir þetta ekki fyrir efnahagslegan ávinning. En þetta verður mjög spennandi og ég hlakka mikið til.“ Í hljómsveitinni verða meðal annars tveir trommuleikarar og blásarar og má því búast við mikilli stemningu á tónleikaferðinni.

Öðruvísi en áður

Jónas gaf fyrir síðustu jól út sína fyrstu sólóplötu, Þar sem malbikið svifur mun ég dansa, sem fékk mjög góðar viðtökur gagnrýnenda. Hefur hann ekki spilað hételendis síðan hann hélt útgáfutónleika fyrir jól og því er spennigurinn orðinn mikill að kynna plötuna betur. Þetta verður jafnframt fyrsta tónleikaferð Jónasar um landið síðan hann var í hljómsveitinni Sólstrandagæjarnir fyrir um það bil tíu árum. „Þetta verður allt öðruvísi. Það er rosalegur munur frá þeim tíma enda erum við með konur og börn og hlutirnir á allt öðrum nótum,“ segir hann.

Umslagið tilbúið

Jónas er þegar búinn að hanna umslagið á næstu plötu sína þrátt fyrir að lögin séu ekki



JÓNAS SIGURÐSSON Jónas Sigurðsson ásamt hljómsveit sinni sem er á leið í tónleikaferð um landið.

Tónleikaferð Jónasar:

- 28.7 Bræðslan, Borgarfirði eystri
- 29.7 Græni hatturinn, Akureyri
- 30.7 Bíóhöllin, Akranesi
- 02.8 Stokkseyrarkirkja, Stokkseyri
- 04.8 Fossatún, Borgarbyggð
- 05.8 Gaukur á Stöng, Reykjavík
- 10.8 Ráðhúskaffi, Þorlákshöfn
- 11.8 Útlaginn, Flúðum

næstum því tilbúin. „Ég er að vinna nýtt efni og þetta er að malla svolítið hjá mér. Ég er þegar kominn með konseptið að næstu plötu en þetta er allt saman spurning um tíma og peninga.“

Þrjú lög ókeypis
Í tilefni tónleikaferðarinnar verður hægt að sækja þrjú af lögum Jónasar frítt af heimasíðunni www.jonassigurddsson.com. Einnig verður hægt að fylgjast með túrnum á heimasíðunni. freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

NÝJASTA MEISTARAVERK QUENTIN TARANTINO'S

PESSAR 8 KONUR ERU UM ÞAÐ BIL AÐ HITTA 1 DJÓFULLEGAN MANN!

KURT RUSSELL í QUENTIN TARANTINO'S **"DEATH PROOF"**

★★★★ "HELVÍTI FLOTTUR HÖLLUSTUEIÐUR" - ESKJ-BLADIÐ
★★★★ "GEGGJADURSTILL... STERK OG BRÁÐSKEMMILEG... BARASTUÐ!" - ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON, MANNLÍF
- S.V. MBL

HARRY POTTER AND THE ORDER OF THE PHOENIX

LÚXUS 10

Evan ALMIGHTY 16
BYGGD Á SÖGU STEPHEN KING

NÚ VERÐUR ALLT GEFIÐ Í BOTN 14
TAXI 14
DIE HARD 4.0 14
YIPPEE KI YAY

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN SÍMI 551 9000
HARRY POTTER KL. 12-1-3-4-6-7-9-10 10	DEATH PROOF KL. 2,45-5,20-8-10,40 16
HARRY POTTER LÚXUS KL. 12-3-6-9	TAXI 4 KL. 3-6-8-10 14
EVAN ALMIGHTY KL. 12-2-4-6-8-10	DIE HARD 4.0 KL. 3-5,30-8-10,40 14
DIE HARD 4.0 KL. 2-5-8-10,45	FANTASTIC FOUR 2 KL. 3-5,45-8-10,15 14
FANTASTIC FOUR 2 KL. 12	

450 kr. í bíó!

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919	ALFABAKKA SÍMI 462 3500
DEATH PROOF KL. 5,20-8-10,40 16	DEATH PROOF KL. 8-10,20 16
1408 KL. 5,50-8-10,10 16	1408 KL. 8-10 16
DIE HARD 4.0 KL. 5,15-8-10,45 12	EVAN ALMIGHTY KL. 6 6
	DIE HARD 4.0 KL. 5,40 14

450 kr. í bíó!

MIDASALA Á midi.is BÍÓ,IS

SAMBÍÓINN www.SAMbio.is (575 8900) midi.is

HARRY POTTER UPPREISNIN ER HAFIN

★★★★ MORGUNBLADIÐ
★★★★ RUV
★★★★ DV

EVAN ALMIGHTY

ÁLFABAKKA	AKUREYRI
TRANSFORMERS FORSYNING KL. 11 10	TRANSFORMERS KL. 11 powersyn. I 10
TRANSFORMERS FORSYNING Í LÚXUS VIP KL. 11	HARRY POTTER 5 KL. 2-5-8 10
HARRY POTTER 5 KL. 1-2-4-5-7-8-10 10	SHREK 3 M/- ISL TAL KL. 2-4 6
HARRY POTTER 5 KL. 2-5-8 DIGITAL 10	SHREK 3 M/- Ensku TAL KL. 6-8 8
HARRY POTTER 5 KL. 2-5-8 VIP 10	SHREK 3 M/- ISL TAL KL. 2-4 6
EVAN ALMIGHTY KL. 2-4-6-8-10,10 L	PIRATES 3 KL. 4 10
	KEFLAVÍK
	TRANSFORMERS KL. 11 7
	HARRY POTTER 5 KL. 2-5-8 10
	SHREK 3 M/- ISL TAL KL. 2-6 6
	SHREK 3 M/- Ensku TAL KL. 6-8 8
	EVAN ALMIGHTY KL. 4 6
	BLIND DATING KL. 8 8
	DIE HARD 4 KL. 10 14

FORSYNING Í KVÖLD
ÞERRA STRÍÐ OKKAR HEIMUR
TRANSFORMERS
FRÁ MICHAEL BAY OG STEVEN SPIELBERG KOMUR STÆRSTA MYND SUMARSINS

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

DEATH PROOF KL. 4,50, 7,30 og 10-POWER 16
1408 KL. 8 og 10 16

EVAN ALMIGHTY KL. 2,4 og 6 L

DIE HARD 4.0 KL. 7,30 og 10 14

SHREK 3 íslenskt tal KL. 2,4 og 5,45 L

ÚTI ER ÆVINTÝRI KL. 2 L

450 kr. í bíó! Glíðir á allar sýningar merktar með þendul!

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

HARRY POTTER 5 KL. 1 Í ÁLFABAKKA, KL. 2 Á AKUREYRI OG Í KEFLAVÍK

SHREK 3 MEÐ ÍSLENSKU TALI KL. 2 Í ÁLFABAKKA, KEFLAVÍK OG Á AKUREYRI

EVAN ALMIGHTY KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG KL. 4 Í KEFLAVÍK

Ódýrt í bíó LAUGARÁS BÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

EVAN ALMIGHTY ATH. SÝND KL.2

SHREK 3 HINN DRÍÐJI ATH. SÝND KL.2

ÚTI ER ÆVINTÝRI ATH. SÝND KL.2

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

Endurútgáfa frá Ego Lykilverk í jaðarrokksögunni

Tvær fyrstu plötur Ego, Breyttir tímar og Í mynd, hafa verið endurútgefnar í tilefni þess að 25 ár eru liðin frá útgáfu þeirra. Ego var stofnuð haustið 1981 og gaf út sína fyrstu plötu, Breyttir tímar, 1. apríl 1982. Seldist platan í metupplagi en hún hafði meðal annars að geyma lög Stórir strákar fá raflost og Móðir, sem lifa góðu lífi enn þann dag í dag.

Platan Í mynd kom út seinna á árinu, eða 17. nóvember, og seldist einnig mjög vel. Á henni er að finna lög vinsælu Fjöllin hafa vakað og Mescalín. Með endurútgáfunum fylgir veglegur bæklingur um sögu hvernar plötu ásamt aukalögum.



BREYTTIR TÍMAR Bubbi Morthens og félagar í Ego gáfu út plötuna Breyttir tímar fyrir 25 árum.

Daydream Nation var sjötta plata Sonic Youth. Hún kom upphaflega út árið 1988 og var strax hampað sem meistaraverki af gagnrýndum. Daydream Nation var fyrsta Sonic Youth-platan sem Blast First-fyrirtækið gaf út í Bandaríkjunum, en þrátt fyrir frábæra dóma og góðar viðtökur plötukaupenda gekk dæmið ekki upp. Hljómsveitin gerði í framhaldinu samning við útgáfurisann Geffen Records og varð það stórveldi í jaðarrokkgeiranum sem við þekkjum í dag.

Daydream Nation var vindi-punktur fyrir Sonic Youth tónlistarlega. Þó að platan sé langt frá því að vera poppuð þá var hún samt skref í áttina að meginstraumnum. Á henni eru slagarar eins og Teen Age Riot, Silver Rocket og Eric's Trip. Þessi þróun hélt áfram með næstu plötum, Goo og Dirty.

Daydream Nation er þriðja Sonic Youth-platan sem kemur út í Deluxe röð Universal-útgáfunnar og eins og hinar tvær fyrri, Goo og Dirty, þá er frábæra að henni staðið. Auk upprunalegu plötunnar sem meðlimir Sonic Youth eru búnir að endurhljóðblanda er demó-útgáfa af Eric's Trip, 15 laga tón-



TÓNLIST

Daydream Nation (Deluxe Edition)

Sonic Youth

★★★★★

Daydream Nation var fyrsta meistaraverk Sonic Youth. Á henni voru smellir eins og Teen Age Riot og Silver Rocket. Þessi nýja viðhafnarútgáfa er sérstaklega vel unnin.

leikar frá Daydream Nation tónleikaferðinni og fjögur tókulög – Bítalagði Within You Without You, Computer Age eftir Neil Young, Captain Beefheart-lagði Electricity og Mudhoney-lagði Touch Me I'm Sick.



GOÐSAGNIR Liðsmenn Sonic Youth eru enn að og léku við góðar undirtektir á Nasa fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Að auki fylgir bæklingur með flottum myndum og ítarlegum texta sem rekur sögu plötunnar og staðsetur hana í rokkögunni. Snilldarplata og frábær útgáfa. Það er ekki flóknara en það ...

Trausti Júlíusson

Ferðast um Afganistan

Leikarinn Jude Law er staddur í Afganistan til að kynna hinn árlega friðardag Sameinuðu þjóðanna hinn 21. september. Með honum í för er breski kvikmyndagerðarmaðurinn Jeremy Gilley sem er að búa til heimildarmynd um heimsóknina. Hafa þeir ferðast um austurhluta landsins þar sem þeir hafa



lagt áherslu á að ræða við venjulegt fólk.

Jude Law telur það skipta miklu máli að fá skilaboð um frið frá Afganistan. „Væru það ekki yndisleg skilaboð um frið til heimsbyggðarinnar ef þau kæmu frá svona stríðshráðri þjóð eins og Afganistan?“ sagði Law.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikararnir **Tom Cruise** og **Will Smith** verða veislustjórar í svakalegri veislu sem fótboltaheitan **David Beckham** og eiginkona hans **Victoria** ætla að halda í Los Angeles. Sex hundruð manns hefur verið boðið í veisluna sem er haldin í tilefni af komu Beckham-fjölskyldunnar til borgarinnar. Á gestalistanum eru stórstjörnur á borð við **George Clooney**, **Oprah Winfrey**, **Jim Carrey** og **Steven Spielberg**.



Dómstóll í Los Angeles hefur úrskurðað að leikkonan **Anne Heche** fái að eiga ákveðin húsgögn í kjölfar skilnaðar síns við **Coley Laffoon**. Um er að ræða hægindastól, rúm, teppi og gulan stól sem Laffoon taldi að þau ættu í sameiningu. Dómstóllinn var ekki á sama máli og dæmdi Heche í hag. Laffoon sótti um skilnað í febrúar, eða einum mánuði eftir að Heche átti í ástarsambandi við meðleikara sinn úr þáttunum Men in Trees, **James Tupper**.

Höfðu Heche og Laffoon verið gift í fimm ár.

Bondinn fyrrverandi, **Pierce Brosnan**, hefur tekið að sér hlutverk sögu-manns í teiknimyndaseríunni Thomas the Tank Engine, sem nýtur mikilla vinsælda í Bretlandi. Fetar hann þar með í fótspor Bítilsins fyrrverandi **Ringos Starr** og bandaríska leikarans **Alecs Baldwin**. Brosnan verður sögumaður á þremur DVD-diskum sem eru fyrirhugaðir og í þremur sjónvarpsþáttaröðum um Tomma. Segist hann afar spenntur fyrir verkefninu.



Söngkonan **Madonna** verður á meðal þekktara kvenna sem ætla að syngja í nýju lagi eftir

Annie Lennox, fyrrum söngkonu Eurythmics. Verður allur ágóði gefinn til góðgerðarmála.

Á meðal fleiri söngkvenna sem koma við sögu verða **Shakira**, **Joss Stone**, **Dido** og **Celine Dion**. Næsta plata Lennox er væntanleg í október, sú fyrsta síðan Bare kom út árið 2003.



Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrið með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*

Bill á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið

Með bilinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Hyundai hefur gæðin

> Helga setti met í kúluvarpi

Frjálsíþróttakonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir hefur hlotið 3.139 stig eftir fyrri keppnisdaginn í sjöþrautarkeppinni á EM 19 ára og yngri. Er það nokkuð undir hennar besta árangri en er hún engu að síður í 16. sæti af 31 keppanda. Af einstökum greinum bar árangur Helgu í kúluvarpi hæst en þar bætti hún persónulegan árangur sinn um 24 sentímetra. Helga varpaði kúlunni 13,17 metra og setti nýtt meyjamat. Helga er aðeins 16 ára gömul og er yngsti keppandiinn í sjöþrautinni.

spor
sport@



SVEINN ELÍAS ELÍASSON: STÓRBÆTTI ÁRANGUR SINN Í TUGRAUT EN TELUR SIG EIGA NÓG INNI

Mun æfa kastgreinar fram á næsta sumar

Hinn 18 ára gamli Sveinn Elías Elíasson hlaut 7272 stig í tugþrautarkeppni Evrópumóts 19 ára og yngri sem lauk í Hengalo í fyrradag og bætti sinn besta árangur um rúm 100 stig. Þrátt fyrir það er Sveinn Elías ekki alveg nægilega sáttur við sjálfan sig og segist eiga nóg inni.

„Þetta er fínt miðað við hvernig kringlukastið gekk en þar á ég alveg inni 200 stig,“ segir Sveinn, en tvö af þremur kringluköstum voru ógild og reyndist það dýrkeypt þegar uppi var staðið. „Síðustu vikur hef ég ekki gert neitt annað en að æfa kringlukast og hef verið að kasta um og yfir 37 metra á æfingum. Þetta voru því mikil vonbrigði,“ segir Sveinn en hans fyrsta og eina gilda kast mældist rúmir 29 metrar.

„Það var einfaldlega misheppnað kast en næstu tvö köstin voru yfir 35 metra. Í því fyrra datt ég út fyrir kasthringinn en í því seinna lenti kringlan 30 sentímetra fyrir utan geirann. Þetta var grátlegt,“ sagði Sveinn en með eðlilegu kasti hefði hann verið í baráttu um verðlaunasæti fram í lokagrein. Sveinn kveðst þó sáttur með frammistöðu sína í flestum

öðrum greinum, þá ekki síst 100 metra hlaupinu þar sem hann bætti sig umtalsvert. „Stefnan var að ná 7500 stigum en kringlan eyðilagði það. En svo var auðvitað sérstaklega sætt að vera á undan Norðurlandameistararnum,“ segir Sveinn en sá heitir Lars Vikan Rise og varð í 12. sæti.

Með árangri sínum á EM hefur Sveinn þó stimplað sig í hóp bestu unglunga Evrópu í tugþraut. Eftir þrautina er einnig ljóst hvar styrkleikar hans og veikleikar liggja. Hann er í fremstu röð í öllum hlaupagreinum, en þarf að leggja aukna rækt við kastgreinar á næstu misserum til að komast í baráttu um verðlaunasæti á stórmótum í unglingsflokkum á næstu árum. Sveinn gerir sér vel grein fyrir þessu og er staðráðinn í að styrkja sig. „Ég mun gera lítið annað en að æfa kastgreinar fram á næsta sumar.“



KÓNGURINN Á MIÐJUNNI Baldur Bett hefur spilað frábærlega sem aftasti miðjumaður Vals.

Baldur Bett:

Hef alltaf vitað hvað ég get

FÓTBOLTI „Ég get ekki sagt að ég sjái eftir því að hafa farið á Hlíðarenda. Ég er í mjög góðu liði þar sem andinn er frábær. Mér hefur vissulega gengið vel en það sama má segja um allt liðið. En ég hef alltaf vitað hvað ég get í fótbolta,“ segir miðjumaðurinn Baldur Bett hjá Val og einn helsti spútnikleikmaður sumarsins. Baldur hefur spilað frábærlega með sínu nýja liði í sumar eftir að hafa gengið í raðir liðsins frá FH síðasta haust.

Baldur spilaði fyrstu leiki tímabilsins á hægri vængnum og fékk misjafna dóma fyrir frammistöðu sína. En eftir að Baldur Aðalsteinsson meiddist í leik gegn Breiðablik í 4. umferð leysti Baldur hann af á miðri miðjunni í síðari hálfleik. Baldur stóð sig einstaklega vel í sinni kjörstöðu og hefur ekki litið til baka síðan. Stuðningsmenn Vals kalla hann kónginn á miðjunni. „Það er ekkert leyndarmál að mér líður betur á miðri miðjunni en annars er ég bara sáttur við að spila.“

Þrír Blikar í spútnikliði sumarsins

Fréttablaðið hefur valið þá 11 leikmenn sem það telur hafa komið einna mest á óvart í Landsbankadeildinni það sem af er sumri, leikmenn sem hafa öllum að óvörum komist í hóp betri leikmanna deildarinnar.

FÓTBOLTI Ýmsar forsendur eru hafðar að baki þessu vali Fréttablaðsins, svo sem aldur, reynsla, og frammistaða síðustu tímabil. Einkunnagjöf blaðsins er höfð til hliðsjónar í valinu en ræður alls ekki mestu um þá sem valdir eru. Þetta eru leikmenn sem hafa ýmist tekið stórstígu framförum, hafa snúið til baka úr erfiðum meiðslum, eða sem hafa einfaldlega skotist upp á sjónvarsviðið með frábærri frammistöðu í sumar. Leikmenn sem hafa gert meira en búist var við af þeim og leikmenn sem hafa jafnvel mætt mótlati en uppskera nú laun erfiðisins.

Blikar eiga flesta fulltrúa liðsins, eða þrjá talsins, en tveir leikmenn koma frá ÍA og Keflavík.

SPÚTNIKLÍÐIÐ ER SKIPAÐ EFTIRTÖLDUM LEIKMÖNNUM:

Casper Jacobsen, Breiðablik: Varamarkaðurinn hjá AGF í Danmörku var fenginn til að leysa af meidda markmenn Blika. Hefur staðið sig gríðarlega vel í fimm leikjum, fengið á sig þrjú mörk og varið tvö víti.

Eggert Rafn Einarsson, KR: Kom inn á í hálfleik gegn Íslandsmeisturum FH og hefur ekki litið til baka síðan þá. 17 ára gamall leikmaður sem sýnir andstæðingnum enga virðingu.

Dario Cingel, ÍA: Króatíski varnarmaðurinn hefur gjörbreytt ámynd varnarleiks ÍA og spilar lykirlullu í taktik Guðjóns Þórðarsonar. Einn allra besta varnarmaður deildarinnar.

Sverrir Garðarsson, FH: Ef einhverjum sem vissi ekki betur væri sagt að Sverrir hefði ekki spilað fótbolta í tvö ár hefði sá hinn sami litið á þá fullyrðingu sem góðan brandara. Sverrir hefur sýnt ótrúlegan karakter og staðið sig stórkostlega í sumar.

Kristján Valdimarsson, Fylkir: Hefur blómstrað eftir að hafa verið færður úr stöðu bakvarðar í stöðu miðvarðar. Eftir misheppnað tímabil með Grindavík í fyrra snéri Kristján á heima-slóðir í Árbæinn – þar sem honum líður greinlega best.

Arnór Sveinn Aðalsteinsson, Breiðablik: Bíddu, hver? Fáir könnuðust við nafn Arnórs fyrir sumarið en hann hefur sýnt mikinn stöðugleika hjá Blikum í sumar. Óflugur varnarmaður og slunginn í hlaupum sínum fram völlinn.

Hallgrímur Jónsson, Keflavík: Spilaði bakvörð í fyrra, miðvörð framan af sumri í ár og hefur spilað á miðjunni í síðustu leikjum. Og alltaf stendur hann sig jafn vel. Draumleikmaður hvers þjálfara.

Baldur Bett, Valur: Sturtað niður hjá FH á síðustu leikið en kom upp um

niðurfallið á Hlíðarenda. Eftir að hafa verið færður í sína stöðu á miðjunni hefur Baldur verið frábær, ekki síst í sigurleikum á móti FH. Gríðarlega góður fengur fyrir Valmenn.

Jón Vilhelm Ákason: Hefur sýnt gríðarlegar framfarir frá því á síðasta tímabili og verið einn albesti leikmaður ÍA í sumar. Fjölhæfur, lunkinn og sniðugur miðjumaður sem getur skorað mörk.



DARIO CINGEL Gríðarlegur fengur fyrir Skagamenn.



SIMUN SAMUELSEN Einn allra besta leikmaður Landsbankadeildarinnar. **SVEINN ELÍAS ELÍASSON**

Simun Samuelson: Enginn efast um hæfileika Simuns en óstöðugleiki var hans helsti óvinur í fyrra. Hann hefur unnið sig frá þeim vanda í sumar og unnið inn nokkur stig fyrir Keflavík með frammistöðu sinni.

Magnús Páll Gunnarsson, Breiðablik: Annar leikmaður sem hefur blómstrað undir stjórn Ólafs Kristjánssonar. Hefur skorað fjögur mörk það sem af er sumri og býr yfir öllum þeim kostum sem góður framherji þarf.

Þjálfari: Ólafur Kristjánsson, Breiðablik: Hefur náð lygilegum árangri miðað við mannskap og aðeins óheppni er þess valdandi að liðið hefur ekki hlotið fleiri stig. Þar að auki spila Blikar einfaldlega þrælskemmtilegan fótbolta.

Sverrir Garðarsson hjá FH er spútnikleikmaður sumarsins að mati Fréttablaðsins:

Hver einasta æfing er upplifun

FÓTBOLTI Fyrir ekki lengri tíma en rúmu ári var Sverrir Garðarsson í gífsi á báðum löppum eftir að hafa brotið á sér öklana í kappleik. Í þrjú mánuði fór hann ferðir sínar í hjólastól, hann þyngdist ótæpilega og læknar vörðuð hann við því að hann myndi hugsanlega aldrei aftur spila fótbolta. Eftir langa og stranga endurhæfingu, þar sem Sverrir meðal annars missti 24 kíló, er hann snúinn aftur á fótboltavöllinn. Hann hefur spilað eins og engill við hlið Tommys Nielsen í vörn FH í sumar og segist sjálfur vera að mörgu leyti betri leikmaður en áður. Sverrir er spútnikleikmaður Landsbankadeildarinnar í ár að mati Fréttablaðsins.

Finnur ekkert fyrir meiðslunum

„Um tíma var þetta gríðarlega erfitt og stundum mátti litlu muna að trúin færi. En alltaf vaknaði maður upp næsta dag, staðráðinn í að spila aftur. Þetta var hindrun sem ég ætlaði að yfirstíga og í dag þakka ég guði að ég sé heill heilsu, geti tekið þátt í æfingum og spilað leiki,“ segir Sverrir, sem er orðinn 100 prósent heill, eins og stundum er sagt á fótboltamáli. Hann finnur ekkert fyrir meiðslunum lengur.

„Ég er eðlilega mjög ánægður með hvern-

ig þetta hefur gengið hingað til. Við erum í góðri stöðu á öllum vögstöðvum og þetta er ennþá í okkar höndum. Þannig er best að hafa það,“ segir Sverrir og gerir lítið úr eigin afrekum. „Ég er að spila í frábæru liði og nýt þess að vera með góðan mann mér við hlið,“ segir Sverrir og á þar við hinn danska Tommy Nielsen. „Mér finnst hann sjaldan fá það hrós sem hann á skilið. Tommy hefur gert ótrúlega hluti fyrir FH þau ár sem hann hefur verið hér og klikkar aldrei. Fyrir mig eru það forréttindi að fá að spila og æfa með honum. Hann er frábær leikmaður og frábær manneskja.“

Konan tók mig í gegn

Það tók Sverri aðeins tæpt ár að komast í sína venjulegu þyngd, um 79 kíló, eftir að hafa þyngst verulega í kyrrsetunni sem fylgir því að vera í gífsi á báðum löppum. Sverrir segir það konu sinni að þakka að hann náði að snúa við blaðinu jafn fljótt og raun ber vitni, en mest varð hann 103 kíló. „Konan mín er lífræn grænmetisæta og tók mig á teppið varðandi mataræðið. Áður borðaði ég það sem mig langaði í og hikaði ekki við að fá mér egg og beikon á morgnana,“ segir Sverrir. „Síðan fór ég að hjóla, synda og brenna og

um leið fóru kílóin að tínast af. Þetta var mjög ánægjulegt, enda voru strákarnir í liðinu farnir að stríða mér á rassastærðinni. Nú eru þeir flestir með stærra fjós en ég,“ segir Sverrir og glottir.

Hann segir meiðslin hafa þroskað sig mikið sem leikmann. „Ég er öðruvísi leikmaður en ég var. Áður lét ég mig vaða í allt og alla en nú hafa áherslurnar breyst nokkuð. Ég held að ég sé skynsamari og almennt betri leikmaður að mörgu leyti,“ segir Sverrir. „Eftir svona reynslu breytist líka viðhorfið gagnvart heilsunni. Nú er hver æfing og hver leikur upplifun sem ég reyni að njóta til fullnustu.“



Í BARÁTTUNNI Sverrir segist ekki eins villtur leikmaður og áður. Hann fer í návígi með skynseminum að leiðarljósi.

Í GÍFSI Á BÁÐUM Þegar þessi mynd var tekin um vor á síðasta ári var Sverrir yfir 100 kíló á þyngd. Síðan þá hefur hann lést um 24 kíló.

Allt í hers höndum hjá Pumasveitinni

Keflvíkingar státa ekki aðeins af einu skemmtilegasta liði landsins heldur einni bestu stuðningsmannasveitinni líka. Pumasveitin hefur haslað sér völl á meðal þeirra bestu og hefur hlotið mikið lof frá því þessir vöskudrengir tóku sig saman og stofnuðu sveitina. *Hjalte Þór Hreinsson*, íþróttablaðamaður á Fréttablaðinu og gallharður Leiknismaður, skellti sér í för með Pumasveitinni í einn dag.

Ég kynntist hinum nafntogaða Joey Drummer í fótboltaferð í Englandi fyrir nokkrum árum. Við félagarnir deilum ástríðu fyrir fótboltanum og hann tók vel í það þegar ég kvaðst ætla að ganga í raðir Pumasveitarinnar í einn dag. Ég fékk far suður með sjó í steikjandi hita og allt var upp sett fyrir góðan dag, enda stórleikur gegn KR í burðarliðnum.

Pumasveitin er ekki fjölmenn en hún bætir það upp með öflugum hljóðfæraleikurum og samheldum vinnuhópi. Þetta er þriðja sumarið sem þessi hressa sveit styður Keflvíkinga áfram en hún hefur fyrir löngu vakið athygli fyrir vaska framgöngu. Upprunalegi hópurinn taldi aðeins átta manns en hefur farið aðeins fjögandi og kjarninn í dag er um fimmtán manns.

Rauð treyja í réttir stærð

Þessi vaski her manna hittist á Yello í miðbænum þar sem málin voru rædd og ég klæddur í treyju. Pumasveitin bað Keflavíkurlíðið um að klæðast rauðum treyjum í leiknum sem það og gerði. Allt fyrir stuðningsmennina.

Ég var ánægður með mína rauðu treyju, sem var í réttir stærð og allt. Númerið var 28. Ég var því ákveðinn í að styðja minn mann sem er í alvörunni númer 28, hinn sautján vetra Viktor Guðnason, en hann var því miður ekki í hóp. Ekki sáttur með það. Styð minn mann samt áfram í sumar.

Það vantaði fleiri treyjur á mannskapinn og eftir þeim var kallað. Hver kom með þær í hús tveimur tímum fyrir leik nema fyrirliðinn Guðmundur Steinarsson, sem kvartaði reyndar yfir því að líðið fengi ekki einu sinni nýja búninga, með bros á vör. Kristján Guðmundsson þjálfari kíkti líka við, bara til að taka út stemninguna. Mér sýndist hann vera nokk hissa á því að sjá mig þarna en hann rétti mér nú spaðann áður en hann undirbjó sína menn fyrir átök-in.

Stemningin í botni

Pumasveitin gerði það sama og stemningin á Yello var með besta móti. Drummerinn þeytti skífum og menn sungu og lömdu húðir á meðan mér var rétt gjallarhorn og beðinn um að öskra. Það gekk afleiðlega til að byrja með og ég gerði mig að stórkostlegu fiffli, en ekki hvað? Hversu erfitt er að segja „Þegar ég segi Kefla, þið segið Vík – Kefla (VÍK!), Kefla (VÍK!)? Mér tókst að klúðra því ítrekað en var nú fljótt fyrirgefið.

Eftir hressandi upphitun tók við pallferð út á völl. Ekkert sérstaklega löglegt en afar skemmtilegt þar sem Keflvíkingar voru



FLOTTUR Í STÚKUNNI Ég er á því að ég hafi gert gott mót með gjallarhornið í stúkunni.



RÍFANDI GANGUR Við komuna á völlinn stillti ég mér upp í myndatöku ásamt hersveitinni minni. Ég er í blámiðjuni, Ívar og Joey berja trommurnar af miklum móð á meðan Valdi básunuleikari og Bjarni trompetleikari blása lífi í mannskapinn. Fyrir aftan lætur sveitin svo öllum illum látum og styðja sitt félag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hvattir til að drífa sig á völlinn. Við mættum því galvösk nokkuð fyrir leik og brýndum raustina og skerptum á trommukjuduðum fyrir baráttuna utan vallar við stuðningsmannasveit KR, Miðjuna.

Auk Drummersins og fleiri frábærra trommuleikara skipa Pumasveitina líka básúnu- og trompetleikari. Þetta gerir það að verkum að skemmtileg lög heyrast hvívetna og maður er í rifandi dans- og söngvagir allan tímann. Drummerinn leiðir sína menn áfram með miklum myndarskap og skemmtunin var frábær. Auðvitað tók öll sveitin svo undir með einum eða öðrum hætti.

Pumasveitin býður upp á öðruvísi stemningu en Miðjan og Mafían sem ég hafði áður tekið út. Þær reiða sig ekki á hljóðfæri líkt og Suðurnesjamenn en stemningin er allt öðruvísi með Pumasveitinni og



UPPHITUN Uppstillt mynd af glæsilegum hópi sem hittist í upphituninni á Yello.

hún var alveg stórkostleg í stúkunni. Það gekk reyndar illa að fá fleiri til að syngja með en Pumasveitin var virkilega öflug. 2.300 manns á vellinum í sólinni og ég stóð reyndar nokkrum sinnum upp til að fá fólk-ið með. Það gekk misvel eins og gengur og gerist.

Konungleg skemmtun

Rígurinn á milli stuðningsmanna Keflavíkur og KR er mikill. Ég varð greinilega var við hita milli manna en menn skildu þó í bróðerni og er ekki úr vegi að hvetja til háttvísi innan vallar sem utan. Menn sungu fram og til baka í stúkunni, meira að segja var sungið fyrir mig sem var afar ánægjulegt. Takk fyrir það! Ég gerði líka mitt besta með gjallarhornið, klúðraði nú einhverju en komst vonandi sómasamlega frá þessu. Allavega þegar á heildina er litið.

Leikurinn var ekki sá skemmtilegasti en ég skemmti mér konunglega. Ég lifði mig líkt og áður vel inn í hlutverkið og fagnaði með mínum mönnum og söng „Færeysjar – Færeysjar“ þegar Símun skoraði. Gleðin var skammvinn og KR jafnaði og sigurvíman dvínaði. Úrslitin voru þó kannski aukaatriði fyrir mig, aðalatriðið var stuðningurinn sem var í meira en góðu lagi.

Ég eignaðist góða vini í Keflavík og þrátt fyrir að hafa ekki tekið þrjú stig held ég að Keflvíkingar ættu að vera ánægðir með daginn. Stemningin var með allra besta

Stuðningslög Pumasveitarinnar:

Skemmtilegir textar

Við styðjum Keflavík, nanananana.
Við styðjum Keflavík, nanananana.

Keflvíkingar stöndum saman.

- Allir sem einn.

Hvernig sem fer, í hvernig veðri sem er.
Þar verðum við, og styðjum okkar lið.
Allir vilja vinna - Áfram Keflavík.
Keflvíkingar stöndum saman
og vinnum þennan leik.

Guðmundur Steinarsson.
Hann skorar mörkin alveg lon og don.
Hann er maðurinn.
Negldu nú tuðrunni stöngin inn.

Ég þekki mann.
Hann heitir Baldur, Baldur heitir hann.
Ég veit um engan betri miðjumann.
Margar boltakunstir kann hann.
Með kollinn alveg rauðhærðan.

ú í ú a-a tjeng tjeng valla valla Branco

We are the winners, of VISA-bikar.

móti og blæs Pumasveitin svo sannarlega lífi í lífið utan vallar.

hjalti@frettabladid.is



ÖFLUGUR Ég lét mikið til mín taka fyrir leikinn. Þarna erum við strákarnir komnir upp á pallbilinn sem flutti okkur á völlinn. Stemningin á leiðinni var mögnuð.



HRINGNUM LOKAÐ Enn eina ferðina lét ég mynda mig að kyssa merki annars félags en ég styð. Strákarnir mínir í Leikni hafa lítið mig hornauga frá fyrsta degi en auðvitað kom ekkert annað til greina en að smella einum létum á Keflavíkurmerkið.

Framherjinn Kjartan Henry Finnbogason:

Fer ekki til Bristol

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Kjartan Henry Finnbogason mun ekki ganga til liðs við enska 1. deildarfélagið Bristol City. Kjartan lék þrjá æfingaleiki með liðinu í Lettlandi í síðustu viku og þótti standa sig vel en þrátt fyrir það ákvað þjálfari félagsins, Gary Johnson, að bjóða honum ekki samning. „Hann hefði verið á eftir 2-3 af framherjum okkar í goggunarröðinni,“ sagði Johnson í samtali við BBC á England í gær.

Kjartan hafði áður lýst því yfir að Bristol City hafi verið hans fyrsti kostur en hann er án samnings eftir að hafa yfirgefið herbúðir Celtic í vor. Kjartan sagði við Fréttablaðið að enginn uppgjafartónn væri í sér þrátt fyrir að niðurstaðan hjá Bristol væru vissulega vonbrigði. „Þegar þetta er að baki þarf ég einfald-

lega að skoða aðra kosti í stöðunni,“ segir Kjartan, en hann er með nokkur tromp í hendinni hjá ýmsum félögum á Norðurlöndunum. Til stendur að hann fari aftur til reynslu hjá Brann í Noregi og þá hefur Viborg í Danmörku, sem Rúrik Gíslason gekk nýlega til liðs við, sýnt Kjartani áhuga. Þá stendur honum einnig til boða að skrifa undir samning hjá Aalesund í Noregi. „Ég mun setjast niður með umboðsmanni mínum eftir helgi og ákveða næstu skref. Ég vill að sjálfsögðu ganga frá mínum málum sem fyrst en það skiptir máli að velja rétt,“ segir Kjartan.

- vig



EFFTIRSÓTTUR Á NORÐURLÖNDUNUM
Mörg lið hafa sýnt Kjartani Henry áhuga.



FLUTTUR Í SJÚKRAPYRLUNA Brautarstarfsmenn, áhorfendur og liðsmenn McLaren óttuðust það versta þegar Hamilton skellti á veggnum. Þegar hann var á leið í sjúkrapyrluna gaf hann hins vegar til kynna að í lagi væri með sig með því að lyfta upp þumalfingeri og brosa. Hamilton verður mjög líklega á meðal keppenda í kappakstrinum í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lewis Hamilton keyrði á vegg á 265 kílómetra hraða í tímatökunum í gær:

Hamilton slapp með skrámur

FORMÚLA Betur fór en á horfðist þegar enski ökuþórinn Lewis Hamilton keyrði á vegg í tímatökum Formúlu 1 kappakstrursins sem fram fer í Nuerburgring í dag. Dekk sprakk á McLaren-bifreið Hamilton með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á henni og skall beint á vegg. Talið er að Hamilton hafi verið á um 265 kílómetra hraða þegar óhappið átti sér stað en svo virðist sem hann hafi sloppið með skrámur.

Mikil skelfing greip um sig á Nuerburgring-brautinni þegar óhappið varð. Kallað var eftir

sjúkrapyrlu sem flutti ökumanninn á nærliggjandi spítala og óttuðust áhorfendur og brautarstarfsmenn hið versta. Þegar Hamilton veifaði og brosti til aðdáenda sinna þar sem hann lá á sjúkrabörunum varð öllum ljóst að meiðli hans 22 ára gamla Englendings gætu ekki verið alvarleg.

„Mér líður vel og tel mig einstaklega gæfuríkan að hafa sloppið svona vel. Ég verð

þó væntanlega með einhverja marblætti þegar ég vakna á morgun,“ sagði Hamilton í gær en hann mun þó þurfa að bíða fram að læknisskoðun rétt fyrir kappaksturinn í dag til að fá grænt ljós frá læknum um að taka þátt. Fastlega er búist við að Hamilton verði á meðal þátttakenda, en eins og kunnugt er hefur hann 12 stiga forystu í heildarstigakeppni ökumanna.

Finninn Kimi Raikkonen verður á rásþól í kappakstrinum á morgun eftir að hafa verið hraðastur í tímatökum. Fernando Alonso varð annar og Felipe Massa þriðji.

Robbie Fowler búinn að finna sér nýtt lið:

Skrifaði undir hjá Cardiff

FÓTBOLTI Framherjinn Robbie Fowler hefur ákveðið að skrifa undir tveggja ára samning við 1. deildarliðið Cardiff City. Fowler fékk ekki nýjan samning hjá Liverpool og hefur undanfarnar vikur verið að leita sér að nýju liði.

Um tíma var búist við því að Fowler færi til Sidney FC í Ástralíu en fyrrum enski landsliðsmaðurinn hafnaði tilboði félagsins.

- vig



ROBBIE FOWLER Kominn í ensku 1. deildina.

Skoðanakönnun umhverfissviðs Reykjavíkur:

Elliðaárdalurinn vinsælasta útivistarsvæðið

Umhverfissvið Reykjavíkur nýlega kanna þessu svæðinu. Elliðaárdalurinn er vinsælasta útivistarsvæðið í borginni. Þetta sýnir niðurstaða könnunar sem gerð var á milli Elliðaárdalursins og Rauðavatnissvæðisins. Þetta sýnir að Elliðaárdalurinn er vinsælasta útivistarsvæðið í borginni. Þetta sýnir niðurstaða könnunar sem gerð var á milli Elliðaárdalursins og Rauðavatnissvæðisins. Þetta sýnir að Elliðaárdalurinn er vinsælasta útivistarsvæðið í borginni.

Viðskiptavinir Glitnis

ALLIR SIGRA 18. ÁGÚST!

Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. til góðgerðarmála á hvern kílómetra sem viðskiptavinir bankans hlaupa og 3.000 kr. fyrir starfsmenn.

Skráðu þig á www.glitnir.is og hlauptu til góðs.

Allir sigra 18. ágúst!

*Viðskiptavinir í Vild, Námsvild, Gullvild og Platínium.

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 18. ÁGÚST 2007



Ætla má að þetta fari mánaðarlega af Stór-Reykjavík. Hún er gríðalaga útivistarsvæðið sem sækja óháð búast aldri. Íbúar í Gárðsárdalshlíð og Árbæ nota hins svæðið við Rauðavatnið miðborginni, Hlíðinni Háaleiti minnst. Einnig kom fram að borgarbúa koma aldrei í Elliðaárdalinn, 33% aldrei í Heiðmörk og 72% aldrei að Rauðavatni. Auk þess kom í ljós að íbúar í Árbæ og Grafarholti sækja þessi útivistarsvæði meira en íbúar í öðrum hverfum.

Glitnir er tveggja ára gamla og er læst. Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. fyrir hvern kílómetra sem viðskiptavinir bankans hlaupa. Eins og í fyrra greiðir Glitnir 3.000 kr. fyrir hvern kílómetra sem starfsmenn hlaupa. Skráning í hlaupið fer fram á www.glitnir.is marathon en þar er einnig hægt að skrá sig í hlaupahóp, fá leiðsögn þjálfara

tími til að byrja að æfa. Reykjavíkumaraþonið kiptist í fimm mislög hlaup sem henta mismunandi hópum; ölskyldum, trimmurum og keppnisfólki. Latabæjarmaraþon vakti gríðarleg lukku á síðasta ári og veður endurtekið í ár. Latabæjarmaraþonið er 1,5 km á lengd og ælað börnum yngri en 11 ára. Áttunda endur í Latabæjarmaraþonið er 1,5 km á lengd og ælað börnum yngri en 11 ára. Áttunda endur í Latabæjarmaraþonið er 1,5 km á lengd og ælað börnum yngri en 11 ára. Áttunda endur í Latabæjarmaraþonið er 1,5 km á lengd og ælað börnum yngri en 11 ára.

daginn 17. ágúst. Það er á milli 10 km og 23 km og 34 km. Þetta er til reiðu og til aðstoðar er þetta endari hlaupsins Reykjavíkur, Vilhjálmur Þ. Þetta hæfi og hvaða hlaupu síðan fyrsta hlaupi Reykjavíkur- og 17. ágúst með því að hlaupa marathons. Allir hlaupandi Glitnis!

Kevin Bacon

Kevin kvæntist leikkonunni Kyru Sedwick árið 1988 og á með henni tvö börn. Hann hefur alltaf sett fjölskylduna í fyrsta sætið og reynir að eyða eins miklum tíma með börnum sínum og hægt er. Enn fremur segist hann ekki láta framann koma upp á milli sín og Kyru og taka þau aldrei að sér hlutverk hvort í sinni myndinni á sama tíma. Þau hjónin leika saman í myndinni *The Woodsman* á Stöð 2 Bíó kl. 00.20.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR BÝSNAST YFIR SUMARDAGSKRÁNNI

Conan O'Brien á skjáinn!

Ef maður er svo óheppinn að eiga laus kvöld á sumrin þar sem ekkert er að gera þá veitir sjónvarpið litla huggun. Sumarsjónvarp er glatað. Ég stend sjálfa mig að því að horfa á þætti eins og *Law and Order*, sem mér finnst ógeðslegur B-þáttur, *Dr. Phil*, sem er óþolandi hrokagikkur og jafnvel stundum þini ég sjálfa mig til að slökkva ekki þó svo að aulinn og kvennahatarinn Ray Romano mæti á skjáinn. Sem gerist á um það bil hálf tíma fresti! Sjónvarpið mitt telur reyndar bara tvær stöðvar svo kannski ekki skritið að úrvalið sé lítið eftir að Sírkus ákvað að láta borga fyrir sig. Bölvu bölv.

Ég á bara einn vin í sjónvarpinu núna og það er Jay Leno. Hann er ótrúlega sjaldan myndinn, getur ekki talað við útvarnar konur án þess að koma með karlrembubrandara og er alltaf með leiðinleg



tónlistarinnslög. En hann er samt vinur minn. Hann er vinur minn því ég er búin að þekkja hann svo lengi. Ég elska hvað hann elskar bíla miknið og ljómar þegar þeir berast til tals og ég elska þegar hann talar á einlægum nótum um lesblinduna sína. Þá andvarpa ég og hugsa: „Æj Jay.... gamli góði.“ Svo get ég líka alltaf hlegið að *Headlines*, *JayWalking* og *Ross The Intern*.

Ég skil samt ekki af hverju enginn tekur upp sýningar á Conan O'Brien. Hvaða rugl er það? Hann er miklu fyndnari en Jay Leno og líka rauðhærður sem mér finnst ótrúlega flottur háralitur. Ég vil fá Conan á eftir Jay Leno alveg eins og í Ameríku. Þá getur maður loksins glaðst þegar Jay segir: „Next up Conan, don't go away!“

JAY LENO Hann er algjör dúlla.

EKKI MISSA AF



► **14.00 Opna breska meistaramótið í golfi** SJÓNVARPIÐ



► **21.20 The 4400** STÖÐ 2



► **22.00 Memoirs of a Geisha** STÖÐ 2 BÍÓ



► **22.00 So You Think You Can Dance** SIRKUS



► **20.15 Póstkort frá Arne Aarhus** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Matti morgunn 08.13 Kóalabraeður 08.23 Pósturinn Páll 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Stjáni 09.23 Sfgildar teiknimyndir 09.30 Alvöru dreki

10.00 Opna breska meistaramótið í golfi Beint.

11.30 Formúla 1 Beint.

► **14.00 Opna breska meistaramótið í golfi** Bein útsending frá Carnoustie-vellinum í Skotlandi.

18.45 Tákn málsfréttir

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Út og suður (8:16)

20.05 Meistari dýrahingsins (10:10) (Le Maître du Zodiaque) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

20.55 Sparkboxarinn (Beautiful Boxer) Tailensk bímynd frá 2003 byggð á sögu sparkboxarans Parinya Charoenphol sem lét breyta sér í konu. Leikstjóri er Ekachai Uekrongtham og meðal leikenda eru Asanee Suwan, Sorapong Chatree, Orm-Anong Panyawong og Nukkid Boonthong. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

22.50 Sönn íslensk sakamá - Vopnað rán í Reykjavík Arið 1984 rændi vopnaður maður milljónum króna af peningaflutningamönnum ÁTVR við Landsbankann á Laugavegi 77. Þetta var fyrsta vopnaða íslenska ránið og hið eina þar sem skoti hefur verið hleypt af. Ræninginn hvarf út í vetrarmyrrið og lögreglunnar beið vandasamt verk. Handrit þáttarinn skrifaði Kristján Guy Burgess. Textað á síðu 888 í Textavarp. e.

23.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Diary of a Mad Black Woman

08.00 Passionada

12.00 Just Friends

14.00 Diary of a Mad Black Woman

16.00 Passionada

20.00 Just Friends

22.00 Memoirs of a Geisha Rómantísk og hádramatísk Óskarsverðlaunamynd um unga konu sem seld var í ánaud á barnaldri. Henni er gert að sjá um þvott og þrif á vinsælu geisjuhúsi en hún er metnaðargjörn og ákveðin í að vinna sig upp frá botninum. Leyfð öllum aldurshópum.

00.20 The Woodsman

02.00 Control

04.00 Memoirs of a Geisha



07.00 Addi Paddi **07.05 Töfrastígvélin** **07.10 Barney** **07.35 Fifi and the Flowertots 1** **07.45 Funky Valley** **07.50 Véla Villi** **08.00 Pocoyo** **08.10 Stubbarnir** **08.35 Doddi litli** og **Eyrnastór** **08.45 Kalli og Lóla** **09.00 Könnuðurinn Dóra** **09.20 Camp Lazlo** **1 09.45 Camp Lazlo** **1 10.10 Tracey McBean** **2 10.20 Sabrina - Unglingsnomin** **10.45 Hestaklúbburinn** **11.10 Skýjaland** **11.35 W.I.T.C.H.**

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

14.30 So You Think You Can Dance (11.23)

15.20 Pirate Master (6.14)

16.10 Beauty and the Geek (8.9)

17.10 Matur og lífsstíll

17.45 Oprah (Special Report. The Little Boy Oprah Couldn't Forget) Í Ghana er margra áratuga venja fyrir því að veiðimenn kaupi börn af fátækum foreldrum þeirra og láti þau vinna við veiðar. Börnin fá lítið sem ekkert að borða og engin laun en mörg þeirra eru í haldi árum saman. Oprah sendir fréttamann á svæðið til að fræðast um málið og reyna að bjarga börnum úr þrældómnum.

18.30 Fréttir

19.00 Íþróttir og veður

19.15 60 mínútur Ný tækni vekur upp nýjar spurningar í glæparannsóknum. Hversu miknið eigum við að reiða okkur á tæknina?

20.00 Örlagadagurinn (8.31) Katrín er sjö barna móðir sem missti son sinn þegar hann tók sitt eigið líf. Í þáttinum verður rætt um afar viðkvæmt mál. sjálfsvíg og sorg eftirlifandi ættingja.

20.35 Monk NÝTT (1.16)

► **21.20 The 4400** (2.13)

22.05 Sally Lockhart Mysteries 2 Breska leikkonan Billie Piper er hér í hlutverki ungrar konu sem er óhrædd við að rannsaka flókna ráðgátur sem leiða hana á hættulegar slóðir. 2006.

23.40 Runaway Jury Hágæðaspennu-mynd. Kvíðdómara gegna lykilhlutverki í bandarísku réttarkerfi. Hér segir frá umdeildu máli sem nú biður úrskurðar í dóm-sal. Aðalhlutverk. John Cusack, Gene Hackman, Dustin Hoffman, Rachel Weisz. 2003. Bönnuð börnum.

01.45 The Good, the Bad and the Ugly

04.20 Gale Force

05.55 Fréttir

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

SIRKUS TV

16.00 Live From Abbey Road (12.12) (e)

16.55 True Hollywood Stories (3.8) (e)

17.40 Jake In Progress 2 (3.8) (e)

18.05 George Lopez Show, The (3.18) (e)

18.30 Fréttir

19.00 Bestu Strákarnir (12.50) (e)

19.30 My Name Is Earl (22.23) (e)

19.55 Kitchen Confidential (9.13) (e)

20.25 Young Blades (11.13) (e)

21.15 Filthy Rich Cattle Drive (1.8) (e)

Börn fræga einstaklinga eru hér samankomin í raunveruleikabætti þar sem þau reyna fyrir sér í nýjum hlutverkum sem eru ekki beint í anda lífstíls þeirra. Flottum bílum, milljón dollara húsum og nýjustu tiskufötum er skipt út fyrir hesta, búgarð og kúrekastígvél þegar krakkarnir ríku þurfa að takast á við erfiðisvinnu, ónug dýr og spennandi keppni.

► **22.00 So You Think You Can Dance** (10.23) Stórskemmtilegir raunveruleikabættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Umgjörðin er svipuð og í *American Idol* en í stað þess að syngja þurfa keppendur að ná tókum á nýrri dansstækni í hverri viku. (10.23) Dansinn dunar áfram en nú stíga 16 keppendur á svið og sýna hversu vel þeim hefur tekist að læra dans vikunnar. 2007.

23.30 So You Think You Can Dance (11.23) Stórskemmtilegir raunveruleikabættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Umgjörðin er svipuð og í *American Idol* en í stað þess að syngja þurfa keppendur að ná tókum á nýrri dansstækni í hverri viku. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla danshugamenn. (11.23) Ameríka hefur kosið og nú kemur í ljós hvaða 14 keppendur halda áfram í keppninni. 2007.

00.15 Kitchen Confidential (9.13) (e)

00.40 Smallville (1.22) (e)

01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

SJÓNVARP NORDURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurféttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

11.15 Vörutorg

12.15 MotoGP - Hápunktar

13.15 High School Reunion (e)

14.00 Charmed (e)

15.00 Greatest Dishes in the World (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Design Star (e)

17.50 The Bachelor. Rome (e)

19.20 Hack (e)

► **20.15 Póstkort frá Arne Aarhus** (3.5) Ofurhuginn Arne Aarhus vann hug og hjarta þjóðarinnar í þáttunum *Adrenalin* á SKJÁREINUM fyrir nokkrum árum. Nú endurnýjum við kynnið við þennan norska ofurhuga og fylgjumst með honum prófa alls kyns adrenalinsport eins og teygjustökk, svífdrek-aflug, fallhlíf með mótör, spíttátaakstur um jökulsár og fleira og fleira. Sýndir verða fjórir hálf tíma þættir frá ferðalögum kappans en fimmti þátturinn er helmingi lengri og þar verður Arne heimsóttur í Bergen í Noregi og við fáum að vita allt um hvar Arne er staddur og hvað hann er að gera í dag.

20.45 MotoGP Bein útsending frá Laguna Seca í Bandaríkjunum þar sem ellefta mótið í MotoGP fer fram. Einungis er keppt á stærstu mótörhólunum (800cc) og beina útsendingin er því talsvert styttri en frá öðrum keppnum í mótöröðinni. Brautin þar er 3600 kílómetrar og þar eru ellefu beygjur þar á meðal svokölluð "Corkscrew" sem er álitin erfiðasta beygjan í mótöröðinni. Það hefur einungis verið keppt á þessari braut í MotoGP í tvö ár og heimamaðurinn Nicky Hayden hefur sigrað í bæði skiptin.

22.10 Nora Roberts Collection - Montana Sky Fjórdi og síðasta myndin sem SKJÁREINN sýnir eftir sögum Noru Roberts. Þegar forrikur nautgripabóndi deyr erfa dætur hans þrjár risastóran búgarð í Montana. Þær eru allar hálf systur og þekkjast ekki neitt en samkvæmt erfðaskránni verða þær að búa saman á búgarðinum í eitt ár til að fá arfinn. Þær búast ekki við að eiga í miklum erfiðleikum með sambúðina en fljótlega kemur í ljós að einhver er að reyna að eyðileggja fyrir þeim. Svo virðist sem þátturinn hafi skilið eftir sig óvini og nú þurfa systurnar að greiða úr flækjunni til að eiga ekki á hættu að missa arfinn. Aðalhlutverkin í þessari rómantísku spennu mynd leika John Corbett (*Sex and the City*), Ashley Williams, Charlotte Ross og Diane Ladd.

23.40 Law & Order (e)

00.30 Runaway (e)

01.20 Sex, love and secrets (e)

02.10 Vörutorg

03.10 Óstöðvandi tónlist

Hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Taktu daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjö hundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

póst húsið
- ódýrari valkostur

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.35

Monk

Fyrrum rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og er enn að reyna að komast að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórna honum enn þá og það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir lögreglumann. Í fyrsta þættinum fréttir Monk að það eigi að búa til kvikmynd um líf hans og að aðalhlutverkið sé í höndum þráhyggjusjúks skapgerðarleikara.



► VIÐ MÆLUM MED
MOTO GP
Skjár einn kl. 20.45

Bein útsending frá Laguna Seca í Bandaríkjunum þar sem ellefta mótið í MotoGP fer fram. Einungis er keppt á stærstu mótörhjólunum (800cc) og beina útsendingin er því talsvert styttri en frá öðrum keppnum í mótörðinni. Brautin er 3.600 kílómetrar með ellefu beygjum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir	útarvpsstöðva
08.05 Morgunandakt	18.00 Kvöldfréttir
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.25 Auglýsingar
09.03 Framtíð lýðræðis	18.26 Í tilefni dagsins
10.15 Úlfaldar og múflugur	18.52 Dánarfregni og auglýsingar
11.00 Guðsþjónusta í Skálholtskirkju	19.00 Söngvar af sviði: Ævintýri á gönguför
12.00 Hádegisútarvarp	19.50 Óskastundin
12.20 Hádegisfréttir	20.35 Minningar um merkisfólk
12.45 Veðurfregni	21.15 Í grænni lautu
13.00 Sakamálaaleikritið: Sá yðar sem syndlaus er	21.55 Orð kvöldsins
14.00 Sumarsalat	22.15 Leitinn að eldsneytinu
15.00 Kampavín og kalóriur	23.00 Andrarímur
16.00 Síðdegisfréttir	00.10 Útarvað á samtengdum rásum til morguns
16.08 Veðurfregni	
16.10 Sumartónleikar Sambands evrópskra	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útarvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útarvarp Latibær / Fjölskyldu útarvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útarvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

10.00 Box - Bernard Hopkins vs. Winky Wright

Útsending frá Las Vegas.

11.30 Spænski boltinn

(Barcelona - Real Madrid) Útsending frá ríslaslag sem fram fer þann 10. mars.

13.10 Meistaradeildin 2007 - forkepp

(FH - HB)

14.50 Gillette World Sport 2007

15.20 Wimbledon Útsending frá úrslitaleikjum í einliðaleik karla og í tvenndarleik á Wimbledon mótinu í tennis.

17.20 Copa America 2007 (Chile - Brasilía) Útsending frá átta liða úrslitum í Suður-Ameríku bikarnum í knattspyrnu.

19.00 Copa America 2007 (Argentína - Brasilía)

21.00 Copa America 2007 - Upphitun

22.00 Augusta Masters Official Film (Augusta Masters Official Film - 1986) Í þessum þætti verður sýnt frá mótinu árið 1986 sem var sögulegt í meira lagi. Þá voru kappar eins og Seve Ballesteros og Greg Norman í eldlinunni, en gamla manninum Jack Niclaus tókst óvænt að blanda sér í baráttuna á lokadegi mótsins.

23.00 Toyota-mótaröðin í golfi

BBC PRIME

00.30 The Catherine Tate Show 01.00 The Smoking Room 01.30 The Fast Show 02.00 Wild New World 03.00 Passport to the Sun 03.30 Balamory 04.00 Tweenies 04.10 Big Cook Little Cook 04.30 Tikkabilla 05.00 Boogie Beebies 05.15 Tweenies 05.35 Balamory 05.55 Big Cook Little Cook 06.15 Come Outside 06.30 Andy Pandey 06.35 Teletubbies 07.00 Dad's Army 07.30 Animal Camera 08.00 I'll Show Them Who's Boss 08.40 Radical Highs 09.00 EastEnders 09.30 EastEnders 10.00 The Life of Mammals 11.00 Wild New World 12.00 Red Cap 13.00 Great Romances of the 20th Century 13.30 Great Romances of the 20th Century 14.00 Home From Home 14.30 A Year at Kew 15.00 Cash in the Attic 15.30 The Life Laundry 16.00 EastEnders 16.30 EastEnders 17.00 Days that Shook the World 18.00 Himalaya with Michael Palin 19.00 Ray Mears' Bushcraft 20.00 Son of God 21.00 Secrets of Lost Empires 22.00 EastEnders 22.30 EastEnders 23.00 Days that Shook the World

DR 1

05.30 Gurli Grís 05.35 Zoe Kezako 05.50 Trolderi 06.15 Dyrenes ø 06.40 SommerSummarum 07.05 Duedrengen 07.35 Yu-Gi-Oh! 08.00 Hannah Montana 08.25 Rideklubben 08.50 Shin Chan 09.00 Surt i Frilandshaven 09.30 Chris på chokoladefabrikken 10.10 Boxen 10.25 Speedway. Hold VM finale 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.45 Johanna Yohanna 13.20 Blue Crush 15.00 Hammerslag 15.30 Sigurd og Symfoniorkesteret 16.00 Radiserne 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Nikolaj og Julie 18.00 Mod målet - VM for hjemløse 19.00 TV Avisen 19.15 Aften-tour 2007 19.45 Dødens Detektiver 20.10 Halalabad Blues 22.00 Höök 22.55 Eksistens

NRK1

7.00 Klassiker fra Disney 7.10 Den amerikanske dragen 7.35 Jimmy Neutron 8.00 Totalt genialt! 8.25 Frilandslagen 8.55 Sport Jukeboks 10.00 Jukeboks. Autofil 11.00 Jukeboks. Ekstremvær 12.00 Jukeboks. Jazz 13.05 Dronning Sonja på nært hold 14.05 Prinsengracht-konsert 2005 15.00 V-cup roing 15.30 Åpen himmel 16.00 Jenny og Ramiz 16.25 Tryll natten inn - godnatt-sang 16.30 Dyreklinikken 17.00 Dagsrevyen 17.30 Sportsrevyen 17.50 På tur med Lars Monsen 18.20 Broadway - musikalens største 19.20 Miss Marple 21.00 Kveldsnytt 21.15 Kunstens sprengkraft 22.05 Ingen grunn til begeistring 22.35 Larry Sanders-show 22.55 Alfred Hitchcock presenterer

SVT 1

07.15 Smá Einsteins 07.35 Lilla bláa draken 07.45 Trazan Apansson och Banarne 08.15 Sommarandakt från Torpkonferensen 08.45 Mitt 30-tal 09.10 Porträtt av revyartisten Mats Ljung 10.05 Mr Flower Power 12.30 Peer Gynt vid pyramiderna 14.00 Cherie Blair om livet på Downing Street 15.00 Barnet och orden - om språk i förskolan 15.30 Garage - Ålska film! 16.00 BolliBompa 16.25 Katjakaj och BenteBent 16.30 Dr Dogg 16.45 Desmond 17.00 Pip-Larssons 17.30 Rapport 18.00 Djurgalen 18.30 Sportspegeln 19.00 Musikministeriet 19.30 Världens modernaste land 20.15 Ramp 20.45 Big Words 21.15 Rapport 21.25 Vid kungens bord 22.25 Sändningar från SVT24

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE



MEISTARI MONK SNÝR AFTUR

MONK
FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 20:35



skemmtilegri



ÖRLAGADAGURINN - kl. 20:00



MONK - kl. 20:35



THE 4400 - kl. 21:20



„Hundurinn Lúkas hlýtur að vera frétt sumarsins. Og mér verður oft hugsað til orðanna „Oft er góð saga, sönn saga,“ þegar nafn hans ber á göma. Þetta er náttúrulega stórkostlega fánlegt.“

Freyr Eyjólfsson, dagskrárgerðarmaður á Rás 2.

HIN HLIÐIN SANDRA MARÍA SIGURÐARDÓTTIR LISTMÁLARI

Vill fá að vera mannfælinn hippi

Hvað er að fréttu?

Allt bara rosa sexi. Ég var að opna málverkasýninguna SEX á Sólon við Bankastræti.

Augnlitur:

Þynnukubrunn, eða hazel brown.

Starf:

Listmálari.

Fjölskylduhagir:

Allur þakinn: maður, barn og íbúð.

Hvaðan ertu?

Frá 710 Seyðisfirði, Múlavegi 23, þar sem hlutirnir gerðust.

Ertu hjátrúarfull?

Stundum, stundum ekki, það fer eftir skapsveiflum.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:

Meðan laufin sofa, liggja spaðarnir

andvaka.

Uppáhaldsmatur:

Kjöt í karrí að austfirskum hætti.

Fallegasti staðurinn:

Allt fyrir neðan beltismál.

iPod eða geislaspilari:

Ég er enn að uppfæra í geislaspilurinum. Ég er bara nýkomin úr plötuspilaranum.

Hvað er skemmtilegast?

Að hlæja og vera með hlægilegu fólki.

Hvað er leiðinlegast?

Þegar einhver segir að ég þurfi að vinna fyrir peningum, að ég fái ekki að vera mannfælinn hippi í friði.

Helsti veikleiki:

Óþolinmæði.

Helsti kostur:

Gæðagenin, ættarrassinn og hugmyndaflugið.

Helsta afrek:

Að ganga út og eignast son minn, Nóa Pál.

Mestu vonbrigðin:

Ég hef aldrei lent í neinu svoleiðis.

Hver er draumurinn?

Vaxmyndastytta.

Hver er fyndnastur/fyndnust?

Mér finnst Helga Braga og Jón Gnarr eiga þann titil á þessu landi, enn sem komið er.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Dónalegt fólk með mikilmennsku-brjálæði við almennt afgreiðslufólk.

Hvað er mikilvægast?

Heilsan og tíminn.



ALMA ÝR INGÓLFSDÓTTIR: FÉKK HÁÞRÓAÐA HLAUPAFÆTUR FRÁ ÖSSURI

Ólýsanleg tilfinning að geta hlaupið og hoppað að nýju eftir 12 ára bið

„Það er alveg ótrúleg og í raun ólýsanleg tilfinning að vita að maður getur hlaupið aftur,“ segir Alma Ýr Ingólfsdóttir, þjónustufulltrúi hjá Sjóvá, en hún var ein þeirra fimm íslensku stoðtækjanotenda sem fengu háþróaða hlaupafætur að gjöf frá Össuri hf. fyrir tveimur vikum. Alma var aðeins 17 ára gömul þegar hún fékk heilahimnubólgu og blóðsýkingu í kjölfar hennar. Það leiddi meðal annars til þess að hún missti fram- an af fingrum og báðum fótleggjum. Síðan eru liðin tæplega 12 ár.

Alma er sú eina af fimmmenningunum sem þarf að nota tvo hlaupafætur og hún segir vikurnar tvær að mestu leyti hafa farið í að læra að halda jafnvægi á þeim. „Þetta er allt að koma. Ég reyni að vera dugleg að æfa mig að standa á fótunum og ná jafnvægi. Ég get bara hlaupið stutt enn þá, engar alvöru vegalengdir. Aðalatriðið er að ná jafnvæginu góðu og byggja svo á þeim grunni.“

Tryggingastofnun greiðir ekki fyrir tæki til íþróttaiðkana en fulltrúar stofnunarinnar voru viðstaddir afhendinguna. Lárus Gunnsteinsson hjá Össuri sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir skömmu að fulltrúarnir hefðu sýnt fótunum mikinn áhuga enda væri ljóst að aflimun yki hættu á sykursýki og æðasjúkdómum vegna þess að hreyfing einstaklinganna minnk- aði í kjölfarið. Alma segir að hún hafi vitað af tækninni í þónokkurn tíma en að fjárhagurinn hefði ekki leyft slíka fjárfestingu. „Mig hefur alltaf langað til þess að eignast

svona. Ég hitti bæði hjólréiðamann og hlaupara frá Bandaríkjunum fyrir 11 árum. Þeir voru báðir að nota svona fætur en eins og staðan er hefði ég ekki getað keypt þá sjálf.“

Suður-Afríkumaðurinn Oscar Pistorius var einnig viðstaddur þegar fæturnir voru afhentir. Hann missti báða fætur neðan við hné aðeins 11 mánaða gamall en þökk sé hlaupafótum á hann í dag raunhæfa möguleika á að keppa á Ólympíuleikum í Peking á næsta ári. „Nei, ég hef nú ekki sett mér svo háleit markmið. Það hljóta að vera einhver aldurstakmörk á leik- ana,“ segir Alma og hlær þegar hún er innt eftir því hvort hún hyggist ekki feta í fótspor Oscars. „Markmiðið er bara að geta notað þetta almennilega. Getu hlaupið og gert sömu hluti og maður gat áður, þó ekki væri nema einfalda hluti eins og að taka þátt í leikjum og hoppa. Ég hef ekki getað það í 12 ár og það var mögnuð tilfinning að hoppa allt í einu aftur eftir allan þennan tíma. Ég er mjög þakklát Össuri fyrir að gefa okkur færi á að gera hluti sem öllum finnst sjálfsgöðir en eru það í raun alls ekki.“

sigrunosk@frettabladid.is

HEFUR LENGI LANGAÐ Í HLAUPAFÆTUR

Alma Ýr missti neðan af báðum fótum aðeins 17 ára gömul. Hún segist þakklát Össuri fyrir tækifærið til þess að gera hluti sem mörgum finnst sjálfsgöðir en eru það í raun ekki.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Þorsteinn Guðmundsson er ekki einungis önnur kafinn við að undirbúa nýjan spjallþátt á Skjá einum heldur stendur hann í stórræðum við hús sitt.



Þorsteinn hefur í sumar verið að byggja við hús sitt á Þórgötu og hefur að undanförunu nýtt sér blíðvirið til að taka utan af steypumótum. Hann varð hins vegar að taka sér gott hlé þegar loksins rigndi í höfuðborginni en ætlaði svo sannarlega að spýta í lófana þegar stytti upp.

Ög nú liggur fyrir verðugt verkefni hjá stjórnendum Gettu betur eftir að **Davíð Þór Jónsson** sagði

skilið við þáttinn og lýsti því yfir að hann hygðist setjast á skólabekk. Í Efsta-leitinu er hins vegar ekkert verið að biða boðanna heldur er

leitun þegar hafin og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykir einn kandítat sterkarari en annar. Þetta ku vera glæpasagnahöfundurinn **Ævar Örn Jósepsson** sem um árabíl hefur haft veg og vanda af spurningakeppni fjölmiðlanna. Ög ætti það því ekki að vefjast um fyrir skáldinu að pína menntskælinga í útvarps- og sjónvarpssal.

- fgg

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Grunnvatnsmarfló
- 2 Skúli Eggert Þórðarson
- 3 Jón Gunnarsson

VISIR

FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR

www.visir.is

Flöskuskeyti varð kveikjan að norsk-íslenskri vináttu

Nikulás Tumi Hlynsson fékk skemmtilega heimsókn á föstudag. Þá kom hin fimm ára gamla Linnéa Nana Christensen frá Noregi til landsins ásamt fjölskyldu sinni, en hún fann flöskuskeyti frá Nikulási í fyrria.

„Nikulás sendi skeytið frá Ísa- firði fyrir tveimur árum,“ útskýrði Nanna Karólína Pétursdóttir, móðir Nikulásar, sem er átta ára gamall. „Þau settu sig svo í samband við okkur núna í júní, þá var ár síðan að þau fundu skeytið.“ Nanna segir börnin bæði vera spennit yfir heim- sókninni. „Sú litla flöggar herna um eins og fiðrildi,“ sagði hún. „Ög svo held ég að allir vinir hans Nikulás- ar séu núna að undirbúa skeyti,“ bætti hún við.

Nikulás segist ekki vera viss um hvaðan hann fékk hugmyndina að því að senda skeytið af stað. „Ég bara veit það ekki alveg, mér datt þetta bara í hug,“ sagði hann. Hann segist ekki hafa reiknað með því að skeytið myndi finnast, en vonaðist þó til þess. „Ég setti mynd sem ég teiknaði af húsinu mínu í flöskuna, og svo nafn og símanúmer,“ útskýrði hann. Faðir Nikulásar

bætti svo við haus af forsiðu Fréttablaðsins, til að hafa dagsetninguna með í för. Nikulás útilokar ekki að þau Linnéa verði bara pennavinir í framtíðinni, þó þau notist þá kannski við hefðbundnari póstsendingar.

Hedda Christensen, móðir Linnéu, segir dóttur sína hafa verið afar spennita yfir flöskuskeytinu. „Við vorum á ferðalagi alveg nyrst í Noregi, ég, dóttir mín og unnusti minn. Við fórum í göngutúr meðfram ströndinni, þar sem það lágu fullt af gömlum bátsvélum, og undir einni slíkrí vél fundum við flöskuna,“ útskýrði Hedda.

Linnéa var þá fjögurra ára gömul, og að sögn Heddu var hún harð- ákveðin í því að flaskan væri ætluð henni. „Svo sá hún að það var mynd eftir barn í flöskunni og varð ennþá ákveðnari. Hún vildi fara í heim- sókn til hans alveg undir eins,“ sagði Hedda og hló við.

Fjölskyldan hafði lengi haft í huga að koma hingað til lands, og með tilkomu flöskuskeytisins fannst þeim ekki annað hægt en að heilsa upp á Nikulás og fjölskyldu hans. Þau hyggjast dvelja hjá þeim



GLÆNINGUR ÚR HAF- INU í flöskuna lét Nikulás teiknaða mynd, merka með nafni sínu og símanúmeri. Faðir hans bætti svo við haus úr Fréttablaði- nu, svo dagsetningin væri einnig með í för.

SENDANDI OG MÓTTAKANDI Linnéa Nana Christensen var yfir sig hrifin þegar hún fann flöskuskeyti frá Nikulási Tuma Hlynssyni í Noregi. Hún er nú komin í heimsókn til hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

yfir helgina, en halda aftur á heima- slóðir eftir viku.


Hedda segir Linnéu ætla að senda flöskuskeyti á meðan á dvöl þeirra hér á landi stendur. „Við

ákváðum að gera það á Íslandi, það virðist ganga vel,“ sagði hún. „Þetta er ótrúlega skemmtilegt, það er allt annað en sjálfgefið að flöskuskeyti komist til skila,“ bætti hún við. - sun

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

RISA

MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI



SUMAR
Svali
SYKURSKERTUR
FYRIR BÖRNIN
*meðan bírgötir endast



HOPPUKASTALI
& RISARENNIBRAUT

Íslensk tónlist - erlend tónlist

TÓNLIST

klassík - jazz - DVD tónlist

Grid of music and DVD titles with prices:

- KR. 499
- KR. 699
- KR. 699
- CD+DVD KR. 699
- YUSUF KR. 699
- KR. 799
- KR. 999
- KR. 899
- KR. 799
- KR. 899
- KR. 699
- KR. 699
- KR. 699
- KR. 899
- KR. 899
- KR. 899
- KR. 899
- CD+DVD KR. 899
- Deep Purple KR. 399

Pússundir
titla í boði

TÖLVULEIKIR

DVD MYNDIR

Leikur á allar leikjavélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo

Grid of video game titles with prices:

- BUZZARD KR. 1299
- KR. 1499
- KR. 999
- KR. 999
- KR. 999
- PREY KR. 999
- STAR WARS KR. 1999

Nóg af
bílástæðum

Grid of DVD titles with prices:

- KR. 899 HVER MYND
- THE OMEN
- That 70's Show Sería 1, 2, 3 og 4 KR. 1999 HVER SERÍA
- 24 Sería 1, 2, 3, 4 og 5 KR. 3499 HVER SERÍA

OPHD 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR



BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Trúarfíkn

Í einni af skáldsögum Terrys Pratchetts kemst Dauðinn að þeirri niðurstöðu að lífið sé vana-bindandi. Enginn getur hætt eftir fyrsta andardráttinn, sá fyrsti kallar á þann næsta og þannig koll af kalli uns fólk leggur sig í kjána-lega framkróka og veður eld og brennistein til þess eins að halda lífi. Dauðinn á reyndar afskaplega erfitt með að átta sig á lífinu og rökleysunni sem oft einkennir það, til dæmis eðli fíknar. Því notar hann hugtakið af algerrri vanþekkingu. Það gerir engan að sýrefnisfíkl að geta ekki án sýrefnis verið.

FÍKN er alltaf skemmandi afl. Henni fylgir leynd, skömm og kvíði. Hún lýsir sér í stjórnsýslu á flestum sviðum, oft stjórnsýslu stjórnsýslu. Hún miðar að því að tortíma fíklinum andlega, tilfinningalega, fjárhagslega og félagslega og sviptir hann mannlegri reisu. Hún skilur fjölskyldur eftir í sárum, því fíkillinn tekur flóttann fram yfir velferð maka og barna. Hún einkennist af andfélagslegri hegðun, víótæku ábyrgðarleysis og stanslausri sjálfshátíð; sjálfsréttlættingu og sjálfsvorkunn. Fíknin er berserksgangur sjálfshyggjunnar.

FLEST sem lætur fólk líða vel getur valdið fíkn. Þannig þekkist meðal annars áfengis- og lyfjafíkn, átfíkn, spilafíkn, netfíkn, ástar- og kynlífsfíkn og jafnvel trúarfíkn. Lýsingin hér að ofan á við um þetta allt, ekki síst trúarfíknina. Trúaríðkun sem lýsir sér á þennan hátt er sjúkleg.

ANNAD einkennir alla fíkn: Það er til lausn. Um allan heim hefur fjöldi fólks sigrast á öllum tegundum fíknar – líka trúarfíkn – eftir andlegum leiðum sem meðal annars fela í sér æðri mátt og handleiðslu hans. Þetta gerir það að verkum að margir líta svo á að fíkill í bata hafi einfaldlega skipt einni fíkn út fyrir aðra. Slíkt þekkist auðvitað, en þá láta raunveruleg batamerki eðlilega ekki á sér kræla. Yfirleitt er þetta þó sami misskilningur og ruglar saman áfengi og alkóhólisma.

TRÚ sem byggir á náungakærleik, auðmýkt og umburðarlyndi er ekki fíkn heldur einmitt fullkomin andstæða hennar á allan hátt. Trú sem sættir í stað þess að sundra er ekki sjúkdómur heldur einmitt lausn undan einhverju skelfilegasta meini sem herjað hefur á mannkynið.

www.expressferdir.is

BOLTINN ER HJÁ OKKUR!



Senn verður flautað til leiks í Enska boltanum á ný. Fótboltaunnendur þurfa ekki að leita langt yfir skammt því eins og endranær bjóða Express Ferðir mikið og glæsilegt úrval af æsispennandi fótboltaferðum á hreint ótrúlegu verði.

Möguleikarnir eru endalausir. Við getum útvegað þér miða á leik, miða og hótél eða útbúið ferð fyrir þig og þína á nánast alla leiki á Englandi, Spáni og í Þýskalandi, að ógleymdri Meistaradeild Evrópu.

Þú finnur allar nánari upplýsingar á www.expressferdir.is/fotbolti

Liverpool - Chelsea	19. águst
West Ham - Wigan	25. águst
Chelsea - Portsmouth	25. águst
Man Utd - Tottenham	26. águst
Fulham - Tottenham	1. september
Tottenham - Arsenal	15. september
Man Utd - Chelsea	23. september
West Ham - Arsenal	29. september
Tottenham - Aston Villa	1. október
Bolton - Chelsea	7. október
Everton - Liverpool	20. október
Liverpool - Arsenal	28. október
Arsenal - Man Utd	3. nóvember
Liverpool - Fulham	10. nóvember
Bolton - Man Utd	24. nóvember
Chelsea - West Ham	1. desember
Tottenham - Man City	8. desember
Arsenal - Chelsea	15. desember
Liverpool - Portsmouth	22. desember



Tæmandi listi á www.expressferdir.is

VERÐ FRÁ:
49.900 kr.



» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Gefðu
dýrmætasta
efni
í heimi

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is